# FRÉTTABLAÐIÐ

150. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGB DI* — MIÐVIKUDAGUR 27. JÚNÍ 2018



# Takk, strákar!

## ... við tökum þetta næst

»10 og 12

# Áfram Ísland!








# FRÉTTABLAÐIÐ

150. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 27. JÚNÍ 2018




Heimir Hallgrímsson ætlar að taka sér viku í að íhuga framhaldið hjá sér en segir að erfitt yrði að hætta nú. Í viðtölum við landsliðsmenn kom fram að þeir vilja Heimi áfram. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Margt í lífinu mikilvægara en fótbolti

**Íslenska karlalandsliðið er á heimleið frá Rússlandi eftir svekkjandi tap fyrir Króötum. Óvíst er hvort Heimir Hallgrímsson stýrir liðinu áfram.**

**HM 2018** „Ég er í besta starfi í heimi,“ sagði svekktur en stoltur Heimir Hallgrímsson að loknum leik Íslands og Króatíu í gær. Fyrir leikinn var ljóst að ætlaði Ísland að eygja einhverja möguleika á að komast áfram dygði ekkert nema sigur. Í fyrri hálfleik var íslenska liðið betri aðilinn og var það helst króatíska markverðinum að þakka að staðan í hálfleik var markalaus.

Það var því högg í magann þegar Króatarnir skoruðu strax á upphafsmínútum seinni hálfleiks. Aukið púður var sett í sóknarleikinn sem skilaði sér í skalla í slá og síðar marki Gylfa Þórs Sigurðssonar úr vítaspyrnu. Tíu mínútum síðar, og fimm mínútum fyrir leikslok, bárust þær fregnir frá Sankti Pétursborg að Argentína hefði komist yfir á nýjan leik gegn Nígeríu. Vantaði Ísland því aðeins eitt mark til að komast í 16-liða úrslit. Ivan Perisic gerði hins vegar út um þann draum á lokamínútunum. Svekkjandi úrslit í ljósi þess að liðið fékk færi til að skora fleiri mörk.

„Við báðum strákana um það fyrir leik að skilja allt eftir hér í Rostov og þeir gerðu það. Það var ekki mikið eftir á batteríunum í leikslok,“ sagði Heimir.

„Við erum allir saman í þessu, leikmenn sætta sig við það hvernig við spilum og vinna sem einn utan vallar sem innan. Við höfum fundið út hvernig við getum unnið fótboltaleiki. Ef við reyndum að herma eftir Spáni eða Brasilíu yrðum við slæm eftirlíking. Við viljum hins vegar vera besta útgáfan af okkur,“

Samningur Heimis við KSÍ rennur sitt skeið eftir mótið og var hann þráspurður um það hvað tæki við. Svar hans var ávallt hið sama. Hann hygðist taka sér viku til tvær til að hugsa og ræða málin við fjölskyldu sína áður en rætt yrði við KSÍ. Hann viðurkenndi þó að það yrði erfitt fyrir hann að hætta með liðið nú.

Fyrir leik sást til Heimis í faðmi fjölskyldunnar uppi í stúku en slíkt er sennilega einsdæmi á svo háu stigi knattspyrnunnar.

„Það var mikið hjá mér að gera í [fyrradag og gær] og ég gat ekki hitt þau. Við vorum að fara yfir það hvernig við ætluðum að vinna leikinn. Það er margt mikilvægara í lífinu en fótbolti. Við tökum lífinu eins og það á að vera og reynum að finna þau gildi sem gefa okkur mest. Eitt af því er fjölskyldan,“ sagði Heimir. **– jóe / sjá síður 10 og 12**

## Milljarðskaup Stoða í Arion

**VIÐSKIPTI** Fjárfestingarfélagið Stoðir, sem er í meirihlutaeigu meðal annars Jóns Sigurðssonar, Einars Arnar Ólafssonar og Magnúsar Ármann, er stærsti íslenski einkafjárfestirinn í hluthafahópi Arion banka með 0,6 prósenta hlut, sem er metinn á tæplega milljarð króna. Félagið hafði skráð sig fyrir í kringum 100 milljónum hluta í útboði bankans en fékk 12 milljónir hluta úthlutaðar.

Samkvæmt lista yfir hluthafa bankans miðvikudaginn 20. júní, sem Markaðurinn hefur séð, átti félagið Vogun hf. samtals 0,4 prósent af heildarútgefnum bréfum bankans. Markaðsvirði hlutar Vogunar, en stærsti hluthafi þess er Kristján Loftsson og fjölskylda í gegnum Fiskveiðihlutafélagið Venus, er í dag um 660 milljónir króna.

**– hae / sjá Markaðinn**

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Ólafur Stephensen fjallar um skattaeilífðarvélina. **10**



**SPORT** Ævintýrið á HM 2018 í Rússlandi gert upp. **10**

**TÍMAMÓT** Ingibjörg Ragnheiður Linnet hlaut styrk úr Afreks- og hvatningarsjóði HÍ. **34**

**LÍFIÐ** Sigríður Thorlacius og félagar endurtaka leikinn og halda í hringferð um landið með ljúfa tóna í farteskinu. **340**

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● MARKAÐURINN**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015







## Veður




Fremur hæg suðvestlæg átt í dag og bjart um austanvert landið, en lítilsháttar skúrir vestan til, einkum síðdegis. Hiti 8 til 17 stig, hlýjast austanlands. SJÁ SÍÐU 16



**Rannsóknarskipið Seabed Worker yfir flaki Minden.** MYND/LHG

# Fjársjóðsmenn fá leyfi til 10. júlí

**FJÁRSJÓÐSLEIT** Breska fyrirtækið Advanced Marine Services hefur fengið framlengingu hjá Umhverfisstofnun á leyfi til að bjarga verðmætum úr flaki SS Minden til og með 10. júlí.

Upphaflega fékk AMS leyfi í fyrra til að athafna sig við flakið í samtals 72 klukkustundir fram á haust. Leiðangur þá bar ekki árangur og var veðuraðstæðum kennt um. Fyrirtækið fékk nýlega undanþágu umhverfisráðuneytisins til að halda verkinu áfram í aðrar 72 klukkustundir og var hafist handa á föstudag. Tímamörkin runnu út síðdegis á mánudag án þess að markmiðinu væri náð.

„Í fyrsta lagi hefur veðrið á svæðinu verið mun verra en hann átti von á og hefur hann þurft að stöðva verkefnið,“ útskýrir Lilja Jónasdóttir, lögmaður AMS, í bréfi til Umhverfisstofnunar. „Í öðru lagi liggur skipsflakið á miklu dýpi og það tekur langan tíma bara að komast að því og ljóst að umræddar 72 klukkustundir nægja því engan veginn þrátt fyrir að veður hefði ekki tafið verkefnið.“

Þá segir Lilja AMS gera athugasemdir við þann skilning Landhelgisgæslunnar að fresturinn sem gefinn var hafi hafist þegar tækjabúnaður leiðangursins snerti vatn. AMS telji frestinn ekki hefjast fyrr en að skipsflakið er opnað. „Allra veðra er von á umræddu svæði og því miklar líkur á töfum við framkvæmd verksins,“ segir lögmaðurinn.

Talið mun vera að gull leynist í skápi í pósthherbergi Minden. Miðað við stærð skápsins gæti rúmast í honum gull að andvirði yfir tíu milljarðar króna. – **gar**

## Djúpt hugsi í Hljómskálagarðinum



**Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, var djúpt hugsi þegar hann fylgdist með leiknum í Hljómskálagarði í gær ásamt öðrum stuðningsmönnum landsliðsins. Viðeigandi hefði verið að gefa Guðna 16-liða úrslit á HM, enda fagnaði forsetinn fimmtugsafmæli sínu í gær.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

# Refsing nauðgara milduð í þrjú ár

**DÓMSMÁL** Landsréttur mildaði í gær refsingu manns sem sakfelldur var fyrir nauðgun, þrjár líkamsárásir, ólögmæta nauðung og stórfelldar ærumeiðingar gagnvart þáverandi sambýliskonu sinni.

Brot mannsins áttu sér stað í mars og apríl 2014. Var hann sakfelldur fyrir að neyða hana til að taka lyf, taka hana kverkataki, þvinga hana til samræðis, hóta að skera hana, að tjóðra hana við rúm og hóta að selja aðgang að henni.

Landsréttur staðfesti í öllum atriðum niðurstöðu héraðsdóms um sakfellingu mannsins. Í héraði hafði hann verið dæmdur í þriggja og hálfs árs fangelsi. Sú refsing var létt í þrjú ár í Landsrétti. Var það gert með hliðsjón af þeim tíma sem rekstur málsins tók. Ákæra var gefin út 28 mánuðum eftir að brotin áttu sér stað. Maðurinn var dæmdur til að greiða brotaþola tvær milljónir í miskabætur. – **jóe**

# Haraldur gleymdist við útskriftarathöfn hjá HÍ

**Háskóli Íslands gleymdi útskrift Haraldar Sigþórssonar úr kvikmyndafræðum við skólann á laugardag. Nafn Haraldar var því ekki lesið upp og sat hann áfram á sviðinu. Rektor baðst afsökunar.**

**SAMFÉLAG** Haraldur Sigþórsson verkfræðingur segist niðurlægður og hafa sárnað mjög að Háskóli Íslands gleymdi honum við útskrift úr kvikmyndafræði við skólann síðastliðinn laugardag. „Mannleg mistök,“ segir forseti Hugvísindasviðs.

Haraldur er doktor í verkfræði. Líf hans breyttist töluvert eftir að hann þurfti að venja sig við að nota hjólastól.

„Mig langaði að prufa eitthvað nýtt og þessi litla endurmenntun vatt upp á sig með því að ég kláraði kvikmyndafræði til BA-prófs. Langaði að auðga andann með því að viða að mér þekkingu í hugvísindum ofan á verkfræðina,“ segir Haraldur.

„En útskriftin var algjört klúður,“ segir hann. „Þeir sem eru í hjólastól eða þurfa aðstoð fá aðstoð við að komast upp ramp og skella sér svo inn í röðina með hinum kandídötunum. Ég er þarna kominn upp á svið og svo er ég ekkert lesinn upp með hinum,“ segir Haraldur.

„Ég sit þarna eins og ég hafi ekkert verið að útskrifast. Ég þurfti því eiginlega að grípa fram í þegar átti að fara að byrja á að útskrifa listfræðinemana,“ segir hann. „Svo var nafnið mitt lesið upp og mér bara rétt eitthvað annað en prófskírteini til að þetta liti betur út.“

Haraldur segir þetta hafa verið niðurlægjandi lífsreynslu.

„Ég mæti yfirleitt ekki í svona. Í þessu tilfelli var ég hins vegar búinn að gera allar þær ráðstafanir sem ég gat, senda tvo tölvupósta á sviðið til að tryggja að allt yrði í lagi. Svo bara varð þetta ekkert í lagi. Mig langaði helst að fara strax í burtu og yfirgefa samkomuna en það var erfitt því ég átti pantaðan bíl klukkutíma seinna. Venjulega hefði ég komið mér út strax.“



**Haraldur Sigþórsson átti ekki góðan útskriftardag.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



**Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands.**

Guðmundur Hálfdánarson, forseti Hugvísindasviðs HÍ, segir þetta mannleg mistök.

„Nafn hans gleymdist og við hörmum það. Starfsmaður sviðsins hafði samband við hann seinna um daginn og afhenti honum rétt prófskírteini og útskýrði fyrir honum mistökin,“ segir Guðmundur.

sveinn@frettabladid.is



# Takk strákar!




Þátttaka karlalandsliðsins á HM hefur fest íslenska knattspyrnu í sessi í fremstu röð. Við þökkum landsliðinu og þjóðinni allri fyrir drengilega og góða frammistöðu. Nú byrjum við strax að undirbúa næstu verkefni því afrekssaga íslenskrar knattspyrnu heldur áfram. **Áfram Ísland!**

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA



# Um þrjátíu nefndir ráðuneyta í trássi við jafnréttislög

**JAFNRÉTTISMÁL** Af þeim 170 nefndum sem ráðuneyti skipuðu á árinu 2017 uppfylla aðeins fjórar af hverjum fimm nefndum lög um jafna skiptingu kvenna og karla. 31 nefnd er ekki skipuð í samræmi við lögin um að gæta skuli þess að hlutfall kynjanna sé sem jafnast í nefndum og ráðum á vegum ríkis og sveitarfélaga.

Kynjakvóti var leiddur í lög í fyrsta skipti árið 2008 með jafnréttislögunum. Þegar á heildina er litið er staðan með ágætum. Hins vegar er það svo að öll ráðuneyti hafa flaskað á að fylgja þessum lögum. Af þessari 31 nefnd sem er ekki rétt skipuð eru níu skipaðar af velferðarráðuneytinu, sex af ráðuneyti atvinnuvega- og nýsköpunar og fimm af fjármálaráðuneytinu.

Þetta kemur fram í skýrslu Jafnréttisstofu um nefndir, ráð og stjórnir á vegum ráðuneytanna árið 2017 sem kom út í mánuðinum. Jafnréttisstofa birtir skýrsluna í sjötta sinn en stofnunin hefur eftirlit með framkvæmd jafnréttislaga.

„Þegar litið er til meðaltals á skiptingu nefndarsæta í öllum ráðuneytum eftir kyni kemur í ljós að á árinu 2017 var hlutur kvenna 48% og hlutur karla 52%. Meðaltalið er þó ólíkt milli ráðuneyta og mikilvægt að skoða hvert ráðuneyti fyrir sig,“ segir í skýrslu Jafnréttisstofu. **– sa**

**» Hlutur kvenna var 48 prósent og hlutur karla var 52 prósent.**

Úr skýrslu Jafnréttisstofu



**Hlutur kvenna í nefndaskipan 2017 var 48 prósent.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**Eftir 15 ár verða aldraðir Norðmenn fleiri en ungir.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Göngugrindur brátt fleiri en barnavagnar

**NOREGUR** Brátt verða fleiri göngugrindur í Noregi en barnavagnar. Þetta er mat sérfræðings hjá norsku hagstofunni sem vísindavefurinn forskning.no vitnar í. Því er spáð að þegar eftir 15 ár verði íbúar eldri en 65 ára fleiri en einstaklingar undir 19 ára aldri.

Áætlað er að árið 2060 verði fimmti hver íbúi eldri en 70 ára miðað við 12 prósent nú. Fjöldi 80 ára og eldri mun þrefaldast og fjöldi 90 ára og eldri fjórfaldast. **– ibs**

## Vara við skolpi í sjó í Kópavogi

**UMHVERFISMÁL** Kópavogsbær varar við því að næstu nótt verður fráveita við Hafnarbraut 20 á yfirfalli vegna viðhalds á spennistöð Veitna ohf. á Kársnesbraut. Rafmagn verði tekið af dælustöð fráveitunnar milli klukkan fjögur og sjö.

„Á meðan á rafmagnsleysi stendur verður dælustöð fráveitu á yfirfalli og mun skolpi verða veitt í sjó framan við dælustöðina. Almenningi er bent á að gæta varúðar við sjó í næsta nágrenni við dælustöðina meðan á straumleysi stendur,“ segir í tilkynningu frá bænum. Heilbrigðiseftirlitið muni fylgjast með mengun í sjó í kringum dælustöðina. **– gar**

# Yfirlæknir segir mikið þrýst á lækna að skrifa út lyfjaávísanir

**Yfirlæknir fíknigeðdeildar Landspítalans segir þörf á því að bregðast strax við aukningu neyslu róandi og ávanabindandi lyfja með því að draga úr lyfjaávísunum og magni í umferð á svörtum markaði. Á sama tíma þurfi að gæta að meðferðarúrræðum fyrir þá sem glíma við fíkn. Nauðsynlega þurfi að opna umræðuna.**

**HEILBRIGÐISMÁL** „Sístækkandi hópur fólks sem misnotar róandi ávanabindandi lyf og sterk verkjalyf er áhyggjuefni. Fólk þróar fljótt með sér vanabindingu í lyfin,“ segir Sigurður Örn Hektorsson, yfirlæknir á fíknigeðdeild Landspítalans. Sigurður Örn greinir ákveðna þróun í neyslu vímugjafa. Aukinni neyslu á harðari vímugjöfum fylgi ofnotkun á róandi lyfjum.

„Við sjáum vaxandi sprautuneyslu hjá yngra fólki á síðustu misserum og meiri neyslu harðari vímuefna á borð við kókaín, amfetamín og rítalín,“ segir hann. „Aukningunni fylgir ofnotkun á róandi lyfjum, það er töluvert breytt mynstur sem við sjáum sem þarf að bregðast strax við.“

Ellefu prósent nemenda í 10. bekk segjast hafa notað róandi lyf eða svefntöflur í nýrri könnun Rannsókna & greiningar. Álfgeir Kristjánsson, dósent í sálfræði, sagðist í samtali við Fréttablaðið í gær greina mikla aukningu á neyslu slíkra lyfja.

Sigurður Örn er meðal sérfræðinga í starfshópi skipuðum af heilbrigðisráðherra um gerð tillagna til að stemma stigu við mis- og ofnotkun geð- og verkjalyfja. Hópurinn skilaði tillögum í níu liðum í lok maí. Meðal annars lagði starfshópurinn til að aðgangur að ávanabindandi lyfjum yrði takmarkaður, fræðsla aukin bæði hjá fagstéttum og almenningi og eftirlit hert með ávísanavenjum lækna. „Það þarf að bregðast strax við og draga úr ávísunum þessara lyfja og einnig að draga úr því magni sem er í umferð,“ segir hann og vísar til sölu lyfjanna á svörtum markaði.

„Við skerum okkur úr meðal þjóða hvað varðar mikla lyfjanotkun. Hér hafa skapast væntingar um lyf sem alhliða lausn,“ segir Sigurður Örn. „Þegar slíkar væntingar eru ráðandi og mikið magn lyfjanna í umferð eykst hættan á rangri notkun þeirra,“ segir hann. „Við þurfum nauðsynlega að opna umræðuna um þessi lyf og lyfjamenningu. Ég starfaði lengi sem heimilislæknir og það er mikill þrýstingur á lækna að skrifa út þessi lyf,“ segir hann.

„Við þurfum að gæta að góðum meðferðarúrræðum fyrir þá sem glíma við fíkn. Í Bandaríkjunum hefur verið mikil herferð gegn ópíóðalyfjum og lyfjaávísunum. Þeir hafa náð umtalsverðum árangri. En á sama tíma eru dauðsföll vegna ólöglegra lyfja fleiri,“ segir Sigurður Örn. **kristjanabjorg@frettabladid.is**



**„Það þarf að bregðast strax við og draga úr ávísunum þessara lyfja og einnig að draga úr því magni sem er í umferð,“ segir Sigurður Örn Hektorsson yfirlæknir og vísar til sölu lyfjanna á svörtum markaði.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

**» Legudeildin er lokuð en göngudeildin opin og bráðaþjónusta geðsviðs er opin síðdegis alla daga ársins á Hringbraut, en í Fossvogi utan þess tíma.**




HLAUPTU
ÞAÐ BORGAR SIG
hlaupastyrkur.is
rmi.is
#rvkmarathon
REYKJAVÍKUR
MARAÞON
ÍSLANDSBANKA
18081
REYKJAVÍKUR
MARAÞON
ÍSLANDSBANKA
Taktu þátt í Reykjavíkurmaraþoni Íslandsbanka
18. ágúst og styrktu gott málefni á hlaupastyrkur.is

# Dauðarefsing milduð í fimm ára fangelsisvist

**SÚDAN** Áfrýjunardómstóll í Súdan dæmdi í gær Nouru Hussein í fimm ára fangelsi fyrir að myrða eiginmann sinn. Hussein hafði verið dæmd til dauða á lægra dómstigi.

Hussein, sem er nítján ára gömul, var þvinguð til að giftast frænda sínum þegar hún var sextán ára. Hann nauðgaði henni en þegar hann reyndi það á ný greip Hussein hníf, lagði til hans og banaði honum. Eftir verkið flúði Hussein til föður síns af ótta við hvað ættingjar eiginmanns hennar myndu gera henni. Faðir hennar leitaði til lögreglu í von um vernd en þess í stað var dóttir hans handtekin.

Dauðadómurinn yfir Hussein vakti athygli á heimsvísu en niðurstaða dómstóla í Súdan var fordæmd af alþjóðlegum samtökum sem berjast fyrir mannréttindum, þar á meðal Amnesty International en í yfirlýsingu frá samtökunum sögðu þau fimm ára fangelsisvist vera of harða refsingu.

„Eftir fyrri nauðgunina bar Noura hníf á sér til að geta svipt sig lífi ef hann myndi reyna þetta aftur. Þess í stað fór þetta svona,“ sagði móðir konunnar eftir að dómur hafði verið kveðinn upp. **– jóe**













Rútuumferðin til og frá Skógarhlíð 10 angrar íbúa í Eskihlíð allan sólarhringinn að þeirra sögn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Rútufélög í Skógarhlíð fá frest til að andmæla

**Heilbrigðiseftirlitið segir ekki starfsleyfi fyrir rútumiðstöð í Skógarhlíð og hefur bent viðkomandi á það. Skoðað er hvort framkvæmt hafi verið í óleyfi á bílaplaninu. Reksturinn verður ekki stöðvaður nema vegna „brýnna hagsmuna“.**

**SKIPULAGSMÁL** Rútufyrirtæki sem reka samgöngumiðstöð í Skógarhlíð 10 hafa ekki starfsleyfi til þess, segir Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur. Byggingarfulltrúi skoðar mögulegar óleyfisframkvæmdir á bílaplani lóðarinnar.

„Samkvæmt upplýsingum frá Heilbrigðiseftirlitinu hefur Airport Direct ekki starfsleyfi heilbrigðisnefndar til að starfrækja samgöngumiðstöð að Skógarhlíð 10,“ segir í svari skrifstofu sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur til íbúa í Eskihlíð 10 sem ósáttir eru við rekstur nýju rútumiðstöðvarinnar.

Mögulegur óleyfilegur rekstur samgöngumiðstöðvar er sagður „í ferli“ hjá heilbrigðiseftirlitinu.

„Ef rekstur er hafinn án þess að tilskilin leyfi liggi fyrir þá er oftar en ekki heimild í lögum til þess að bregðast við með beitingu þvingunarúrræða til þess að knýja aðila til þess að fara að reglum,“ segir í bréfinu. Stjórnvöld séu bundin meðalhófsreglu sem feli í sér að fara ekki harðar í sakirnar en tilefni er til.

„Ef ljóst er að tilskilin leyfi fáist, þá er almennt ekki gripið til íþyngjandi úrræða eins og að stöðva resktur, nema sérstaklega brýnir hagsmunir séu í húfi.“

Auk þess sem starfsleyfi er sagt skorta segir skipulagssviðið að innkeyrslur á lóðina virðist ekki í samræmi við skipulag. „Mögulega er um óleyfisframkvæmd að ræða. Skilmáladeild byggingarfulltrúa Reykjavíkur hefur verið upplýst um það,“ segir í bréfinu.

Undirstrikað er þó sem komið hefur fram að skipulag svæðisins komi ekki í veg fyrir rekstur samgöngumiðstöðvar á lóðinni.

Jón Halldór Jónasson, upplýsingafulltrúi hjá Reykjavíkurborg, segir heilbrigðiseftirlitið nú skoða hvaða fyrirtæki, sem skráð eru í Skógarhlíð 10, séu mögulega að reka samgöngumiðstöð eða með annan rekstur sem sé starfsleyfisskyldur og án leyfa.

„Öllum fyrirtækjum sem þetta gæti mögulega átt við hefur verið skrifað og bent á að slíkan rekstur megi ekki stunda á staðnum án tilskilinna leyfa auk þess sem um allan rekstur gilda ákvæði reglna um hávaða og ónæði. Viðkomandi fyrirtækjum var veittur andmælaréttur og eins leiðbeint með kæruleiðir,“ segir Jón Halldór.

Gissur Páll Gissurarson, einn íbúanna í Eskihlíð, telur tafir á málsmeðferðinni kunna að gagnast rútufyrirtækjunum.

„Ég óttast að þessi tími sem þeir hafa til að hnýta lausa enda sé nýttur til að þvinga fram leyfi,“ segir Gissur Páll. **gar@frettabladid.is**

## Löng saga rútureksturs í Skógarhlíð

- „Á lóðinni er löng saga um léttan iðnað, það er rekstur langferðabifreiða; viðgerðar- og bækistöð fyrir langferðabifreiðir Landleiða, Þingvallaleiða og nú, síðustu tvö ár, BusTravel Iceland, en þeir hafa komið fyrir eigin safnstað fyrir farþega sem eru á leið í ýmsar ferðir á bensínstöðvarlóð Skeljungs við Miklubraut.“
- „Gata af þessari gerð og stærð þolir á bilinu 10.000 til 12.000 fjölda ökutækja á sólarhring. Þá skiptir ekki máli sú staðreynd að Skógarhlíð er nú botnlangagata. Samgöngustjóri Reykjavíkurborgar getur beitt sér gegn því að langferðabifreiðum sé lagt í götukanti Skógarhlíðar, svo ekki sé talað um gegn akstursstefnu líkt og nokkrar myndir af kyrrstæðum langferðabifreiðum í vegkantinum sýna. Þar með væri aðgengi Slökkviliðsins að neyðarleið milli Skógarhlíðar og Bústaðavegar milli lóða númer 6 og 8 að minnsta kosti tryggt.“

**Úr svari skipulagssviðs til íbúa í Eskihlíð**

# Hæstiréttur staðfesti ferðabann Trumps

**BANDARÍKIN** Ferðabann Donalds Trump, forseta Bandaríkjanna, stenst bandarísku stjórnarskrána. Þetta er niðurstaða hæstaréttar landsins en hann kvað upp dóm sinn í gær.

Í september síðastliðnum bannaði forsetinn með tilskipun sinni ríkisborgurum Írans, Sómalíu, Líbýu, Sýrlands, Jemens, Norður-Kóreu og tilteknum embættismönnum Venesúela að koma til Bandaríkjanna. Bannið var sett á þeim grundvelli að stemma stigu við mögulegum hryðjuverkum en það var harðlega gagnrýnt af ríkjum heimsins og mannréttindasamtökum.

Fyrir dómi var látið reyna á stjórnskipulegt gildi bannsins að því er varðaði fyrstu fimm ríkin en þau eru öll því marki brennd að langstærstur hluti íbúa þeirra eru múslimar. Taldi stefnandi málsins, Hawaii-ríki, að það að beina banninu sérstaklega að tiltekinni trú bryti gegn stjórnarskrá landsins.

Dómstólar á lægri stigum féllust á þær röksemdir en meirihluti hæstaréttar gerði það ekki. Líkt og svo oft áður klofnaði hann í afstöðu sinni en fimm dómarar mynduðu meirihluta í málinu. Í atkvæði meirihlutans segir meðal annars að bannið sé innan þeirra valdmarka sem stjórnarskráin veitir forsetanum.

„Forsendur tilskipunarinnar eru skýrar og stefna að lögmætu markmiði,“ segir í atkvæði meirihlutans. Þá segir þar enn fremur að hún beinist að tilteknum ríkjum og að ekkert í texta hennar beinist að sérstökum trúarbrögðum. Í einu sératkvæði minnihlutans segir hins vegar að sérhver „skynsamur athugandi“ sjái að bannið hafi verið drifið áfram af andúð á múslimum. **– jóe**

**HÆSTIRÉTTUR STAÐFESTIR FERÐABANN TRUMPS. Vá!**

Donald Trump Bandaríkjaforseti á Twitter

Milwaukee hátíð í Hafnarfirði í dag,
Dalshrauni 13 frá kl. 9:00-16:00.

Tilboð á Milwaukee verkfærum

# VERKFÆRA SALAN

Hamborgarar og pylsur á grillinu.

Komdu og prófaðu öll nýjustu verkfærin frá Milwaukee.




**M12**

**SETT**
CPP2A-402C
SETT SEM SAMANSTENDUR AF BORVÉL 44NM M/HÖGGI OG HÖGGSKRÚFVÉL 135NM. 2X4,0AH RAFHLÖÐUR OG HLEÐSLUTÆKI.
VNR: **MW 4933440992**

**49.900,-**

**M18**

**BORVÉL M18**
FPD-502XA FUEL
TVEGGJA HRAÐA MEÐ HÖGGI 135NM. FYLGJA 2×5,0 AH RAFHLÖÐUR, HLEÐSLUTÆKI OG 100STK AUKAHLUTAPAKKI.
VNR: **MW 4933464127**

**67.900,-**

**M18**

**SLÁTTUORF**
M18 CLT-0 FUEL™
NÆR FULLUM HRAÐA Á 1 SEK. TVEGGJA HRAÐA.
STÓR HLÍF. STÖK VÉL. ÁN RAFHLÖÐU OG HLEÐSLUTÆKIS
VNR: **MW 4933459345**

**37.900,-**



**M18**

**SETT**
M18 ONE-KEY™ FUEL™
BORVÉL ONE-KEY 135NM, SLÍPIROKKUR 125MM, 3X5,0AH RAFHLÖÐUR OG HLEÐSLUTÆKI.
VNR: **MW 4933459359**

**106.900,-**



**M18**

**VERKFÆRA-SETT**
M18FPP6A
BORVÉL, SLÍPIROKKUR, HERSLUSKRÚFVÉL, HJÓLSÖG, SVERÐSÖG, 3X5,0AH RAFHLÖÐUR OG HLEÐSLUTÆKI.
VNR: **MW 4933451243**

**185.900,-**

# HAPPDRÆTTI

Allir sem versla Milwaukee vörur á tímabilinu 28.Maí-28. Júní eiga kost á því að vinna PackOut töskusett að verðmæti

**Kr. 49.900.-**

*6 sett verða dregin út*



Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og áskilinn er réttur til breytinga. Verð í bækling gilda til 30. júní 2018.

**DALSHRAUN 13**
**220 HAFNARFJÖRÐUR**

**SÍÐUMÚLI 9**
**108 REYKJAVÍK**

**DALSBRAUT 1**
**600 AKUREYRI**

**VERKFÆRASALAN EHF • WWW.VFS.IS • VFS@VFS.IS • 560-8888**

FRÉTTABLAÐIÐ

# SKOÐUN

## Rétti ráðherrann



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Ekki hefur farið mikið fyrir áherslum Vinstri grænna í ríkisstjórnarsamstarfi þar sem Sjálfstæðisflokkurinn er hið sterka og leiðandi afl. Fari fram sem horfir munu Vinstri græn stórskaðast á samstarfinu. Það er þó ekki of seint fyrir flokkinn að endurheimta sjálfsvirðinguna. Það á nefnilega ekki að vera lögmál að þeir flokkar sem fara í samstarf við Sjálfstæðisflokkinn verði á örskömmum tíma viljalaust verkfæri í höndum íhaldsins. Vinstri græn verða að hrista af sér slenið. Þar verður hugumstór einstaklingur að hafa frumkvæði og til þess hefur umhverfis- og auðlindaráðherra, Guðmundur Ingi Guðbrandsson, nú ágætis tækifæri.

Vinstri græn hafa fram að þessu getað borið höfuðið hátt þegar kemur að stefnu í umhverfismálum því náttúruvernd hefur verið þeim mikið hjartans mál. Það verður ekki tekið af Vinstri grænum að þar á bæ kann heimilisfólk að meta verðmæti ósnortinnar náttúru. Nú er komið að Vinstri grænum að sanna þessa umhyggju í verki. Enginn ráðherra er betur til þess fallinn en áðurnefndur Guðmundur Ingi, fyrrverandi framkvæmdastjóri Landverndar. Sem umhverfisráðherra á hann að vera einn af gæslumönnum náttúrunnar og nýta vald sitt í þágu hennar.

Það eru næg dæmi um ráðherra sem sitja með hendur í skauti í þægilegum ráðherrastól, hæstánægðir með titilinn, en eru svo verklitlir að engu er líkara en þeir leggi kapp á að aðhafast sem minnst. Þegar þeir svo hverfa á braut, eins og ráðherrar gera að lokum, skilja þeir lítið eftir sig og eru fljótir að gleymast. Því verður ekki trúað að fyrrverandi framkvæmdastjóri Landverndar sé stjórnmálamaður af þessari gerð. Nú á umhverfisráðherra leik og hans er að sýna að hann sé réttur ráðherra á réttum stað.

Nú hafa Landvernd og Náttúrufræðistofnun Íslands hvatt ráðherrann til að friðlýsa svæði við Drangajökul sem spannar virkjanasvæði hinnar mjög svo umdeildu Hvalárvirkjunar á Ströndum. Virkjanahugmyndir yrðu þar með væntanlega slegnar út af borðinu. Rökin fyrir þessari friðlýsingu eru augljós, verið er að vernda einstök ósnortin víðerni. Þessum ómetanlegu verðmætum mega Íslendingar ekki fyrir nokkurn mun fórna. Andvaraleysi getur verið hættulegt og leitt til þess að menn vakni einn daginn upp við vondan draum og átti sig á því að landið hefur verið selt úr höndum þeirra. Þá er auðvelt fyrir menn að reka upp ramakvein og iðrast aðgerðaleysis síns en það breytir ekki þeirri dapurlegu staðreynd að með þögn sinni gáfu þeir samþykki fyrir því að náttúruperlum yrði eytt í þágu virkjana.

**Sem umhverfisráðherra á hann að vera einn af gæslumönnum náttúrunnar og nýta vald sitt í þágu hennar.**

Það væri hrikalegur álitshnekkir fyrir Vinstri græn ef þau bregðast í þessu máli. Á hverju flokksþinginu á fætur öðru álykta flokkurinn um mikilvægi náttúruverndar og talar fjálglega um eflingu umhverfisvitundar. Eldmessur á landsfundum lífga upp á samkomuna en duga ekki einar sér. Það þarf að koma hugsjónamálum í framkvæmd þegar tækifæri gefst til. Nú þegar Vinstri græn eru í ríkisstjórn verður flokkurinn að gera þessar áherslur sínar sýnilegar. Varla vilja Vinstri græn vera ábyrg fyrir því að hafa í ríkisstjórnarsamstarfi samþykkt að fórna náttúrugersemum þessa lands.




## Halldór




## Frá degi til dags

**HM-sérsveit RÚV**

**Íslendingum í útlöndum gekk misvel að horfa á beina útsendingu af viðureign Íslands og Króatíu á HM. Gamli fréttahaukurinn Árni Snævarr lenti til dæmis í vandræðum. „Sérsveit RÚV er bersýnilega í fyrirvinnu við að hindra Íslendinga erlendis við að horfa á leiki Íslands á HM,“ skrifaði Árni á Facebook og lét þess getið að hjá belgíska ríkisútvarpinu dygði farsímanúmer til þess að horfa á útsendingu þess, með vísan í ákvörðun ESB, „sem ekki er ólíklegt að eigi við EES. Af hverju í ósköpunum leggur RÚV ekki metnað í góða dagskrá í staðinn fyrir þessa vitleysu?“ Stór spurning og ef til vill full ástæða til að senda erindi til ÖSE.**

**Gamaldags pönki fagnað**

**Pönkhljómsveitin Austurvígstöðvarnar, með séra Davíð Þór Jónsson í broddi fylkingar, fagnaði því í gær að platan Útvarp Satan var borin út á gamaldags vínyl í hljómplötuverslaninni Tónspil í Neskaupstað og 12 Tóna og Lucky Records í Reykjavík. „Hún lítur jafn vel út og hún hljómar,“ segja pönkararnir þegar þeir fagna umdeildri útgáfunni sem var fjármögnuð á Karolina Fund. Þeir sem lögðu þar hönd á plóg eiga að fá vínylinn sinn fyrir helgi.**

**thorarinn@frettabladid.is**

## Skattaeilífðarvélin



Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda

Í byrjun mánaðarins var frá því greint að fasteignamat atvinnuhúsnæðis vegna ársins 2019 hefði hækkað um 15% frá yfirstandandi ári. Á höfuðborgarsvæðinu, þar sem þorri fyrirtækja er staðsettur, hækkar matið um 17,2% milli ára. Á árunum 2014-2019 hækkar fasteignamat atvinnuhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu um 65,2%. Að sama skapi þyngist skattbyrði fyrirtækja vegna fasteignaskatta, sem eru reiknaðir sem hlutfall af fasteignamati. Þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir Félags atvinnurekenda hafa eingöngu þrjú af stærstu sveitarfélögum landsins, Hafnarfjörður, Kópavogur og Akranes, lækkað álagningarprósentuna til að mæta gífurlegum hækkunum fasteignamats.

Í síðustu viku benti greiningardeild Arion banka á að stóru fasteignafélögin myndu neyðast til að hækka leiguna til að mæta hækkun fasteignagjaldanna, ella myndi framlegð þeirra skerðast verulega. Leigusamningar flestra þessara félaga innihalda ákvæði um að leiga hækki ef opinberar álögur þyngjast. „Eftir launahækkanir síðastliðinna ára, ásamt því að horfur eru á harðri kjarabaráttu á vinnumarkaði á komandi mánuðum, má velta fyrir sér hversu mikið svigrúm sé til staðar hjá atvinnurekendum til að takast á við hærri leigukostnað. Að okkar mati er það svigrúm lítið og því hætta á að hækkun leiguverðs verði velt áfram og út í almennt verðlag,“ segir í Markaðspunktum greiningardeildarinnar frá 21. júní.

**Þannig er orðin til nokkurs konar eilífðarvél, sem malar sveitarfélögunum gull í formi síhækkandi tekna af fasteignagjöldum.**

Við þetta bætist að vegna þess að Þjóðskrá Íslands notar frá 2014 eingöngu svokallaða tekjuaðferð til að reikna út fasteignamat atvinnuhúsnæðis, þýðir hækkun á leigutekjum að fasteignamatið hækkar. Þá hækkar skattbyrðin, sem aftur leiðir af sér hækkun leigunnar og þannig koll af kolli. Þannig er orðin til nokkurs konar eilífðarvél, sem malar sveitarfélögunum gull í formi síhækkandi tekna af fasteignagjöldum.

Hér verður að spyrna við fótum. Atvinnurekendur hafa talað fyrir daufum eyrum stjórnmálamanna í flestum stóru sveitarfélögunum. Eitt af aðildarfyrirtækjum FA hefur nú höfðað mál á hendur Þjóðskrá og Reykjavíkurborg vegna útreiknings og álagningar fasteignagjalda. Eins og stundum áður er atvinnulífið tilneytt að leita til dómstóla til að rétta hlut sinn.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is,* Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is,* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Moldin og hlýnun jarðar



**Ólafur Arnalds**
prófessor við Landbúnaðarháskóla Íslands

Ríkisstjórn Íslands leggur áherslu á loftslagsmál og sjálfbæra nýtingu landsins. Hér er fjallað um nokkur atriði sem mikilvægt er að hafa í huga, ekki síst mikilvægi moldarinnar og ástand vistkerfa.

Loftslag jarðarinnar er að hlýna vegna gróðurhúsaáhrifa koltvísýrings $CO_2$ og fleiri lofttegunda. Kolefnið (C) er undirstaða lífsins á jörðinni og er í stöðugri hringrás á milli andrúmslofts, gróðurs og jarðvegs. Það er holt að bera saman magn kolefnis í andrúmslofti, gróðri og mold. Heldur meira er af kolefni í andrúmsloftinu (um 790 Tg) en gróðri á jörðinni (um 620 Tg) en samsvarandi gildi fyrir mold er 3-4000 Tg[1]. Með öðrum orðum: það er tvöfalt meira kolefni í moldinni en gróðri og andrúmsloftinu samanlagt. Skiptir þetta máli fyrir aukningu $CO_2$ í andrúmsloftinu og hnattræna hlýnun? Heldur betur!

Það er ekki aðeins notkun jarðefnaeldsneytis sem hefur aukið styrk gróðurhúsalofttegunda, vænn hluti aukningar þeirra í andrúmsloftinu á rætur að rekja til hnignunar vistkerfa. Ofnýting landbúnaðarlands leiðir til þess að gengið er á lífrænan forða jarðvegsins sem getur losað ógrynni $CO_2$ til andrúmsloftsins. Nýleg skýrsla Landbúnaðarháskóla Íslands[2] leiðir í ljós að losun af þessu tagi hérlendis er af sambærilegri stærðargráðu og öll losun frá iðnaði, samgöngum og sjávarútvegi samtals, jafnvel mun meiri. Þá er áætlað að losun á gróðurhúsalofttegundum frá framræstum votlendum á Íslandi sé meiri en losun frá iðjuverum og samgöngum landsins. Það er afskaplega holt að hafa þetta samhengi hlutanna í huga við ákvarðanatöku á mótvægisaðgerðum vegna hlýnunar andrúmsloftsins.

**Brýnast að draga úr losun**

Vitaskuld er það brýnast að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda – að minnka vistspor jarðarbúa, ekki síst með hægari fólksfjölgun (eða jafnvel fólksfækkun). Þar á eftir koma ýmis ráð, t.d. minnkuð orkunotkun sem byggir á bruna jarðefnaeldsneytis og minnkað vistspor í framleiðslu og neyslu. En jafnframt er ljóst að minnka þarf losun frá vistkerfum og að taka að binda kolefni úr andrúmsloftinu í vistkerfum jarðar á ný. Um leið eykst frjósemi vistkerfa og framleiðni þeirra með tímanum. Helstu umhverfissamningar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmál, fjölbreytileika lífsins, jarðvegsvernd sem og „heimsmarkmið“ SÞ um sjálfbæra þróun mætast í kröfunni um verndun og endurheimt vistkerfa.

Á undanförnum árum hefur verið lögð aukin áhersla á kortlagningu jarðvegs um heim allan, m.a. í þágu landbúnaðar og til þess að auka þekkingu á kolefnishringrás jarðvegsins, enda gríðarlega mikilvægur hlekkur með tilliti til gróðurhúsaáhrifa. Hvar er moldin að losa $CO_2$? Hverjir eru möguleikarnir til að binda $CO_2$? Þá er einnig mikilvægt að líta til ástands landsins. Íslendingar er komnir skammarlega stutt á veg með að kortleggja jarðveg landsins. Meira er vitað um ástand vistkerfa, m.a. rof, gróðurhulu og helstu gróðurflokka og vistgerðir landsins. En mikilvægt er að tengja betur saman loftslagsmál, kolefni í mold og vistkerfum og ástand vistkerfa. Slík vinna þarf að byggja á traustum vísindalegum grunni og vera óháð „hagsmunaaðilum“. En kortlagning jarðvegs er ekki síður mikilvæg sem almennur hluti af þekkingu á náttúrufari landsins.

> **Endurheimt votlendis og breyttir beitarhættir ættu að vera sjálfsagður liður í útfærslu á umhverfismarkmiðum núverandi ríkisstjórnar, annars væri framkvæmdin eiginlega marklaus.**

Íslendingar eiga hreint ótrúlega möguleika á að binda kolefni með endurheimt vistkerfa landsins. Eftir því sem ástandið er verra er ávinningurinn meiri. Eðli íslenskrar eldfjallajarðar er að hún bindur meira kolefni en allur annar þurrlendisjarðvegur á jörðinni og rannsóknir sýna að bindingin er bæði ör og varanleg. Þá er hægt er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda hérlendis nú þegar með endurheimt votlendis og með því að laga sauðfjárbeit landsins að landkostum enda er nóg af vel grónu landi til beitar fyrir núverandi bústofn. En við þurfum að hætta að beita illa gróið land og viðkvæm hálendissvæði. Kjötframleiðsla á slíkum svæðum er trúlega með hvað neikvæðasta vistspor sem þekkist á jörðinni (mjög hátt kolefnisspor sauðfjárframleiðslu almennt, gríðarlega neikvæð umhverfisáhrif af beit á illa förnu landi auk tapaðra möguleika á kolefnisbindingu).



**Illa farið land í nágrenni Reykjavíkur þar sem unnt væri að endurheimta birkiskóga og votlendi sem áður huldu landið. Þetta svæði andar nú frá sér miklu magni koltvísýrings.**

Endurheimt votlendis og breyttir beitarhættir ættu að vera sjálfsagður liður í útfærslu á umhverfismarkmiðum núverandi ríkisstjórnar, annars væri framkvæmdin eiginlega marklaus. Þetta verkefni kallar á allar hendur á dekk. Það er mikilvægt að allir geirar umhverfismála landsins vinni saman að þessum fjölþættu markmiðum. Vonandi berum við gæfu til þess.

1 *Tölur um kolefni í vistkerfum á jörðinni: Weil og Brady 2017. The nature and properties of soils. 15 útg., Pearson.*

2 *Jón Guðmundsson 2017. Greining á losun gróðurhúsalofttegunda frá landbúnaði. LbhÍ; úttekt unnin fyrir umhverfis- og auðlindaráðuneytið.*






Aron Einar Gunnasson, fyrirliði íslenska liðsins, þakkar stuðningsmönnum þess fyrir hvatninguna eftir leikinn gegn Króatíu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Hneigið ykkur, drengir

**Ísland er úr leik á heimsmeistaramótinu í Rússlandi eftir 1-2 tap fyrir Króatíu í Rostov við Don í gær. Íslenska liðið lék vel í leiknum en nýtti ekki þau fjölmörgu tækifæri sem það fékk. Íslendingar þurftu um tíma aðeins eitt mark til að komast í 16-liða úrslit.**

**FÓTBOLTI** Íslendingar eru á heimleið frá Rússlandi eftir 1-2 tap fyrir Króötum í lokaumferð riðlakeppninnar á HM í gær. Gylfi Þór Sigurðsson skoraði mark Íslands úr vítaspyrnu en það var hans tuttugasta fyrir landsliðið. Á sama tíma vann Argentína Nígeríu 2-1, þökk sé marki Marcos Rojo á 86. mínútu, og tryggði sér sæti í 16-liða úrslitum. Ef Ísland hefði skorað eftir það hefði liðið farið áfram og skilið Argentínu og Nígeríu eftir. En Ivan Perisic slökkti vonarneista Íslendinga þegar hann skoraði sigurmark Króatíu á lokamínútunni.

Frammistaðan í gær var góð og hefði átt að skila betri úrslitum. Íslensku leikmennirnir lögðu líf og sál í leikinn, skildu allt eftir á vellinum og gerðu þjóðina stolta, enn og aftur. Afrek þeirra gleymast aldrei.

„Við gerum okkur alveg grein fyrir því í hvaða stöðu við erum. Við erum á HM. Að vera hársbreidd frá því að komast í 16-liða úrslit er gífurlega svekkjandi. En við getum verið stoltir af frammistöðu okkar, sérstaklega í þessum leik,“ sagði landsliðsfyrirliðinn Aron Einar Gunnarsson í samtali við Fréttablaðið eftir leikinn í gær. „Í klefanum eftir leikinn hugsuðum við að þetta væri stöngin út mót hjá okkur. Okkur finnst við eiga meira skilið.“

Heimir Hallgrímsson gerði þrjár breytingar á byrjunarliði Íslands frá leiknum gegn Nígeríu á föstudaginn. Út fóru Jón Daði Böðvarsson, Kári Árnason og Rúrik Gíslason og inn komu Jóhann Berg Guðmundsson, Sverrir Ingi Ingason og Emil Hallfreðsson. Innkoma þess síðastnefnda var algjört lykilatriði. Emil var lengst af í sama stuði og gegn Argentínu; varðist fimlega og skilaði boltanum vel frá sér. Og sýndi að það var, eftir á að hyggja, röng ákvörðun að taka hann út úr byrjunarliðinu fyrir leikinn gegn Nígeríu.

Íslendingar fóru rólega inn í leikinn í gær sem tók strax á sig kunnuglega mynd. Króatar, sem gerðu níu breytingar á byrjunarliðinu fyrir leikinn, héldu boltanum en Íslendingar vörðust. Það var þó lítill slagkraftur og hraði í þeirra sóknarleik og þeir áttu ekki skot á markið í fyrri hálfleik. Raunar áttu Króatar aðeins tvö skot á markið í öllum leiknum en þau fóru bæði inn.

Eftir um 25 mínútna leik tók íslenska liðið öll völd á vellinum og þjarmaði að því króatíska, sérstaklega í föstum leikatriðum. Hörður Björgvin Magnússon átti tvo skalla framhjá og Gylfi skot beint úr aukaspyrnu sem var varið. Íslenska liðið gaf enn meira í á síðustu fimm mínútum fyrri hálfleiks og var grátlega nærri því að komast yfir. Alfreð Finnbogason átti skot rétt fram hjá og Lovre Kalinic varði svo vel frá Birki Bjarnasyni og Aroni Einari. Það var fyrst og síðast Kalinic að þakka að staðan var markalaus í hálfleik.

Seinni hálfleikurinn byrjaði



Gylfi Þór Sigurðsson skorar mark íslenska liðsins af feikilegu öryggi úr víti þegar rúmur stundarfjórðungur var eftir af leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> **Við gerum okkur alveg grein fyrir í hvaða stöðu við erum. Að vera hársbreidd frá því að komast í 16 liða úrslit er gífurlega svekkjandi. En við erum stoltir af frammistöðu okkar, sérstaklega í þessum leik.**
>
> Aron Einar Gunnarsson

hræðilega fyrir Ísland. Fyrst jafnaði Victor Moses metin fyrir Nígeríu gegn Argentínu með marki úr ódýrri vítaspyrnu. Og svo á 53. mínútu í leiknum á Rostov Arena kom Badelj Króötum yfir með góðu skoti eftir slakan varnarleik Íslendinga. Skömmu áður hafði Badelj átt skot í slá íslenska marksins. Þrátt fyrir þetta áfall í öðru veldi hengdi íslenska liðið ekki haus og Sverrir Ingi var í tvígang nálægt því að skora. Í seinna skiptið fór boltinn í slá króatíska marksins.

Þegar 20 mínútur voru til leiksloka tók Heimir áhættu, tók Ragnar Sigurðsson af velli, setti Björn Bergmann Sigurðarson inn á og breytti yfir í leikkerfið 3-5-2. Skömmu eftir breytinguna fékk Birkir gott færi á fjærstöng en hitti ekki markið.

Á 75. mínútu jöfnuðu Íslendingar metin. Dejan Lovren, sem var þá nýkominn inn á sem varamaður, fékk boltann í höndina innan vítateigs og Spánverjinn Antonio Mateu benti á punktinn. Þrátt fyrir að hafa klikkað á víti gegn Nígeríu steig Gylfi óhræddur fram, skoraði af öryggi og jafnaði metin.

Sex mínútum fyrir leikslok kom Marcos Rojo Argentínu yfir gegn Nígeríu í Sankti Pétursborg. Ísland þurfti því aðeins eitt mark til að komast í 16-liða úrslit. Það kom því miður ekki og Perisic slökkti vonarneistann þegar hann kom Króatíu í 1-2 eftir skyndisókn á lokamínútunni. Íslensku leikmennirnir gátu ekki leynt vonbrigðum sínum þegar lokaflautið gall en þeir geta og eiga að vera stoltir af framgöngu sinni í leiknum. Hún var þeim til mikils sóma. **ingvithor@frettabladid.is**

## Stjarna dagsins á HM 2018

Marcos Rojo skoraði markið sem kom Argentínu áfram í 16 liða úrslit mótsins. Rojo var óvænt hetja Argentínumanna sem fóru bakdyramegin upp úr riðlinum.

Rojo skilaði fyrirgjöf Gabriels Mercado í markið undir lok leiksins og létti þá gríðarlegu pressu sem er á argentínska liðinu á að ná árangri á stórmóti.



Jorge Sampaoli kann Rojo líklega bestu þakkir fyrir það að bjarga honum frá þeirri hneisu að falla úr leik í riðlakeppni.

**HM 2018 í Rússlandi í dag**

**C-riðill**

**Frakkland - Danmörk 0-0**

**Perú - Ástralía 2-0**
1-0 Andre Carrillo (18.), Jose Paolo Guerrero (50.).

**B-riðill**

**Króatía - Ísland 2-1**
1-0 Milan Badelj (53.), 1-1 Gylfi Þór Sigurðsson (víti) (76.), Ivan Perisic (90.).

**Argentína - Nígería 2-1**
1-0 Lionel Messi (14.), 1-1 Victor Moses (víti) (51.), 2-1 Marcos Rojo (86.).



Kári Árnason eftir leikinn gegn Króatíu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Kári og Ólafur Ingi hættir

**FÓTBOLTI** Kári Árnason og Ólafur Ingi Skúlason hafa ákveðið að leggja landsliðsskóna á hilluna, en síðasta verk þeirra með landsliðinu var að fara með íslenska liðinu á stærsta svið knattspyrnunnar, heimsmeistaramótið. Kári lék tvo leiki með íslenska liðinu á mótinu, en Ólafur Ingi horfði á þá alla af varamannabekknum.

Kári, sem er 35 ára gamall, hefur leikið 69 landsleiki, en hann lék til að mynda alla leiki íslenska liðsins á Evrópumótinu árið 2016 og síðasti leikur hans var svo 2-0 tapið fyrir Nígeríu á dögunum.

Ólafur Ingi er 36 ára gamall og hefur spilað 35 landsleiki. Fyrsti landsleikur hans var árið 2016 og sá síðasti var síðan vináttulandsleikurinn gegn Gana á Laugardalsvellinum í aðdraganda HM.

Kári mun leika með Víkingi það sem eftir er sumars og Ólafur Ingi með Fylki. **– hó**

## HM í dag

**14.00** Mexíkó - Svíþjóð
**14.00** Þýskaland - Suður-Kórea
**18.00** Serbía - Brasilía
**18.00** Sviss - Kostaríka

# STÓR ÚTSALAN ER HAFIN

## 30-60% AFSLÁTTUR



**KOMDU NÚNA!**

## ROYAL LAYLA 30% AFSL

Hágæða millistíft fimmsvæða skipt heilsurúm með áföstum 10cm mjúkum topp, millistífu pokagormakerfi, stífum kanti ásamt botni og fótum.





140x200 cm
**ÚTSÖLUVERÐ**
**108.664 kr.**
**9.777 kr.** *á mánuði
með kreditkortaláni.
**FULLT VERÐ 155.233 kr.**



160x200 cm
**ÚTSÖLUVERÐ**
**130.415 kr.**
**11.653 kr.** *á mánuði
með kreditkortaláni.
**FULLT VERÐ 186.306 kr.**



180x200 cm
**ÚTSÖLUVERÐ**
**157.509 kr.**
**13.990 kr.** *á mánuði
með kreditkortaláni.
**FULLT VERÐ 225.013 kr.**

**ÓTRÚLEG TILBOÐ**

**FYRSTA GREIÐSLA Í OKTÓBER.**

*12 mánaða vaxtalaus kreditkortalán**. Einnig hægt að greiða með Netgíró.

**Miðað við 12 mánaða vaxtalausan raðgreiðslusamning með 3,5% lántökugjaldi og 405 kr. greiðslugjald

rekkjan HEILSURÚM

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955
rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

# Svekktir en stoltir Íslendingar



**Hughreysting eftir leik** Hannes Þór Halldórsson, markvörður íslenska liðsins, og Heimir Hallgrímsson, þjálfari liðsins, fallast i faðma eftir leikinn í gær. Leikmenn og forráðamenn liðsins voru í senn svekktir og stoltir eftir vonbrigðin í leiknum gegn Króatíu. Íslendingar geta verið stoltir af frammistöðunni og þeir sem komu að liðinu borið höfuðið hátt. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**Ísland 1**

**Mörk:** 1-1 Gylfi Þór Sigurðsson (víti) (76.).

**Maður leiksins**

## Emil Hallfreðsson

**EINKUNN 8**

Emil vann ótal mörg návígi í þessum leik og var fljótur að koma boltanum frá vörn í sókn. Hóf fjölmargar sóknir íslenska liðsins með góðum sendingum af miðsvæðinu. Var ofboðslega duglegur allan leikinn og var límið í varnarleiknum frá upphafi til enda. Nældi þar að auki í fjölmargar aukaspyrnur í góðum fyrirgjafarstöðum með klókindum sínum.

**Sendingar:** 29 **Heppnuð hlaup:** 2 **Snertingar:** 49



**Króatía 2**

**Mörk:** 0-1 Milan Badelj 53, 1-2 Ivan Perisic (90.).

**Hannes Þór Halldórsson 7**
Varði nokkrum sinnum vel í leiknum, einkum og sér í lagi í seinni hálfleik. Hann gat ekkert gert í mörkunum sem Ísland fékk á sig.

**Birkir Már Sævarsson 6**
Var fínn í varnarleiknum, átti nokkra fína spretti upp hægri vænginn og sendi nokkrar hættulegar fyrirgjafir sem ekki nýttust.

**Ragnar Sigurðsson 6**
Ekkert upp á Ragnar að klaga í þessum leik. Lítið sem fór í gegnum hann og hann kom boltanum vel frá sér úr vörninni.

**Sverrir Ingi Ingason 7**
Kom vel inn í leikinn og var öflugur í teignum báðum megin á vellinum. Hreinsaði boltann frá í hættulegum sóknum Króatíu og var óheppinn að skora ekki.

**Hörður Björgvin Magnússon 6**
Var fastur fyrir þegar hann þurfti að vinna varnarvinnuna, en skilaði boltanum ekki vel frá sér. Vantaði herslumuninn til að skora eftir fast leikatriði.

**Aron Einar Gunnarsson 7**
Átti fínan leik inni á miðsvæðinu. Var duglegur þegar það þurfti að verjast og dreif liðið áfram þegar þess þurfti. Sannur leiðtogi inni á vellinum.

**Gylfi Þór Sigurðsson 7**
Skapaði fín færi fyrir félaga sína. Var ískaldur þegar hann fór á vítapunktinn nokkrum dögum eftir að hafa brennt af vítaspyrnu gegn Nígeríu. Vel gert.

**Jóhann Berg Guðmundsson 6**
Jóhann Berg var iðinn við að koma sér í góðar stöður, en náði ekki að klára sóknaraðgerðir sínar með fullnægjandi hætti þrátt fyrir fínar tilraunir.

**Birkir Bjarnason 5**
Fékk nokkur fín færi til þess að skora sem hann nýtti ekki. Dró af honum þegar leið á leikinn. Hefur oft spilað betur.

**Alfreð Finnbogason 7**
Fékk gott færi undir lok fyrri hálfleiks og var óheppinn að skora ekki. Vantaði herslumuninn til þess að koma samherjum sínum í góð færi og klára eigin færi.

**Björn Bergmann Sigurðarson 5**
Kom inn fyrir Ragnar. Komst ekki í takt við leikinn og kom ekki með þann kraft sem þurfti.

**Albert Guðmundsson -**
Kom inn fyrir Alfreð á 85. mínútu. Spilaði ekki nógu lengi til að fá einkunn.

**Arnór Ingvi Traustason -**
Kom inn fyrir Birki Bjarnason á 90. mínútu. Spilaði ekki nógu lengi til að fá einkunn.






### Heppnaðar sendingar

| | |
|---|---|
| Emil Hallfreðsson | 29 |
| Aron Einar Gunnarsson | 26 |
| Gylfi Þór Sigurðsson | 24 |
| Sverrir Ingi Ingason | 24 |

### Snertingar á boltann

| | |
|---|---|
| Gylfi Þór Sigurðsson | 55 |
| Jóhann Berg Guðmundsson | 49 |
| Emil Hallfreðsson | 49 |
| Sverrir Ingi Ingason | 48 |

### Heppnuð hlaup með boltann

| | |
|---|---|
| Emil Hallfreðsson | 2 |
| Gylfi Þór Sigurðsson | 2 |
| Alfreð Finnbogason | 1 |




### Unnar tæklingar

| | |
|---|---|
| Sverrir Ingi Ingason | 3 |
| Hörður Björgvin Magnússon | 3 |
| Alfreð Finnbogason | 3 |
| Gylfi Þór Sigurðsson | 2 |

### Heppnaðar hreinsanir

| | |
|---|---|
| Sverrir Ingi Ingason | 4 |
| Birki Már Sævarsson | 4 |
| Ragnar Sigurðsson | 1 |
| Aron Einar Gunnarsson | 1 |

### Unnin skallaeinvígi

| | |
|---|---|
| Jóhann Berg Guðmundsson | 4 |
| Sverrir Ingi Ingason | 4 |
| Hörður Björgvin Magnússon | 4 |
| Aron Einar Gunnarsson | 2 |

### Hlupu mest / ÍSL

| | | |
|---|---|---|
| Gylfi Þór Sigurðsson | 10,39 km | 12 km |
| Sverrir Ingi Ingason | 10,15 km | 12 km |
| Aron Einar Gunnarsson | 9,92 km | 12 km |

### Hlupu mest / KRÓ

| | | |
|---|---|---|
| Josip Pivaric | 10,82 km | 12 km |
| Andrej Kramaric | 10,57 km | 12 km |
| Ivan Perisic | 9,96 km | 12 km |

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 27. júní 2018 | 25. tölublað | 12. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL









# Breyta rusli í gull

Um 25-30 prósent af tekjum Íslenska gámafélagsins er útflutningur. Tekjur fyrirtækisins hafa vaxið umtalsvert á undanförnum árum vegna aukinnar vitundar um umhverfisvernd. Jón Þórir Frantzson, stjórnarformaður fyrirtækisins, segir að hvergi á landinu sé flokkun til endurvinnslu verri en í höfuðborginni. Fyrr eða síðar muni borgin bjóða verkið út til verktaka og um leið draga úr kostnaði og bæta þjónustuna. » 6-7

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



»2

## Stoðir keyptu í Arion banka fyrir um milljarð

Stoðir eru stærstu íslensku einkafjárfestarnir í hluthafahópnum með 0,6 prósenta hlut. Félagið Vogun, sem er stýrt af Kristjáni Loftssyni og fjölskyldu, keypti í Arion banka fyrir um 600 milljónir.

»4

## Tveir stjórnarmenn studdu ekki brottrekstur Vilhjálms

Töldu rétt að bíða þar til yfirtökutilboð Brims í HB Granda væri runnið út. Ráðninguna bar brátt að og hún kom stórum hluthöfum í útgerðinni á óvart á þessum tímapunkti.

»8

## Var nálægt því að eignast Marks & Spencer

Sir Philip Green er í nýrri bók sagður hafa verið nálægt því að eignast bresku verslanakeðjuna Marks & Spencer árið 2004. Hann féll frá tilboði sínu þar sem hann taldi sig ekki eiga stuðning stjórnarinnar vísan. Í bókinni er Green sakaður um eineltistilburði.







Verslun Kosts í Kópavogi var lokað 12. desember. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Krefst riftunar á milljóna greiðslum til Jóns Geralds

Skiptastjóri í þrotabúi félagsins 12.12.2017, áður Kosts, hefur höfðað mál á hendur félagi í eigu Jóns Geralds Sullenberger, fyrrverandi eiganda matvöruverslunarinnar, til riftunar á allt að 14 milljóna króna greiðslum Kosts til umrædds félags. Greiðslurnar voru inntar af hendi í seinni hluta desember og fyrri hluta janúar, eftir að rekstri Kosts var hætt, en matvöruverslunin var tekin til gjaldþrotaskipta í febrúar.

Skiptastjórinn, Arnar Þór Stefánsson einn eigenda LEX lögmannsstofu, hefur stefnt annars vegar umræddu félagi Jóns, hinu bandaríska Nordica Inc., og krafist riftunar og endurgreiðslu á greiðslunum og hins vegar félaginu og Jóni Geraldi saman og krafist skaðabóta að fjárhæð 13,6 milljónir króna auk vaxta.

Í stefnunni, sem Markaðurinn hefur undir höndum, er tekið fram að greiðslurnar hafi verið inntar af hendi bæði á sama degi og eftir að tollstjóri lagði fram beiðni um gjaldþrotaskipti á hendur Kosti.

Konráð Jónsson, lögmaður Jóns Geralds og Nordica, segir í samtali við Markaðinn að umbjóðandi hans muni krefjast sýknu af kröfum þrotabúsins. Hann bendir á að þeir hafi nýverið fengið stefnu og gögn í hendur og eigi eftir að skila greinargerð. Þar muni málsástæður stefndu koma fram.

Konráð nefnir að Nordica hafi verið stærsti birgir Kosts og gefið út reikninga fyrir þeim vörum sem félagið seldi í matvöruversluninni.



Jón Gerald Sullenberger.

Um hafi verið að ræða greiðslur á þeim reikningnum.

„Að mati umbjóðanda míns var ekkert óeðlilegt við þær greiðslur. Það var ekki nein hugmynd um að það væri komin fram krafa um gjaldþrotaskipti þegar þessar greiðslur áttu sér stað í janúar, enda höfðu engar boðanir um slíkt verið birtar umbjóðanda mínum, Jóni Gerald,“ segir Konráð.

Aðspurður segist skiptastjórinn lítið vilja tjá sig um málið á þessu stigi. Hann staðfestir þó að farið hafi verið fram á riftun og endurgreiðslu á umræddum greiðslum og auk þess skaðabætur úr hendi Jóns Geralds.

„Háar fjárhæðir voru greiddar úr félaginu eftir að rekstri þess lauk til annars félags í eigu Jóns upp í um ársgamla reikninga. Á meðan sat fjöldi annarra kröfuhafa, þar á meðal starfsfólk, eftir með ógreiddar kröfur. Í slíkum tilfellum gera gjaldþrotaskiptalögin ráð fyrir því að skiptastjóra beri að rifta slíkum greiðslum og krefjast þá endurgreiðslu þeirra úr hendi þess félags sem tók við greiðslunum,“ nefnir Arnar Þór.

Verslun Kosts í Kópavogi var lokað 12. desember síðastliðinn eftir riflega átta ára rekstur. – kij

MARKAÐURINN
ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5800
Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 512 5800
Ritstjóri Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is
Ábyrgðarmaður Kristín Þorsteinsdóttir
Netfang auglýsingadeildar auglysingar@frettabladid.is Veffang frettabladid.is

Fasteignamiðlun
Atvinnueign
Til sölu Iðnaðar- / lagerrými



160 fm. iðnaðar- / lagerhúsnæði að Lækjarmel 4, Kjalarnesi. Verð 31,9m.
Um er að ræða rými á tveimur hæðum. Neðri hæðin er opið 110 fm. rými en efri hæðin er um 50 fm. Góð innkeyrsluhurð, gott útipláss og aðkoma að húsinu.
Allar nánari upplýsingar gefur Jón Óskar lögg.fasteignasali
Sími 693 9258, netfang: jonoskar@atvinnueign.is
Atvinnueign ehf - Síðumúla 13, 108 Reykjavík - s: 577 5500 - www.atvinnueign.is

# Stoðir keyptu í Arion banka fyrir um milljarð

**Stoðir eru stærstu íslensku einkafjárfestarnir með 0,6 prósent. Skráðu sig fyrir um 100 milljónum hluta en fengu 12 milljónir. Félagið Vogun, sem Kristján Loftsson og fjölskylda stýra, keypti í Arion banka fyrir um 600 milljónir króna.**

Fjárfestingarfélagið Stoðir, sem er í meirihlutaeigu meðal annars Jóns Sigurðssonar, Einars Arnar Ólafssonar og Magnúsar Ármann í gegnum eignarhaldsfélagið S121, er stærsti íslenski einkafjárfestirinn í hluthafahópi Arion banka með 0,6 prósenta hlut, eða samtals 12 milljónir hluta, sem er metinn á tæplega milljarð króna miðað við núverandi gengi bréfa bankans.

Samkvæmt lista yfir alla hluthafa bankans miðvikudaginn 20. júní, sem Markaðurinn hefur séð, átti félagið Vogun hf., sem seldi fyrir skemmstu þriðjungshlut sinn í HB Granda, samtals 0,4 prósent af heildarútgefnum bréfum bankans. Markaðsvirði hlutar Vogunar, en stærsti hluthafi þess félags er Kristján Loftsson og fjölskylda í gegnum Fiskveiðihlutafélagið Venus, er í dag um 660 milljónir króna. Eignarhlutur annarra einkafjárfesta í Arion banka er hverfandi.

Við lokun markaða í gær nam hlutabréfaverð Arion banka 83 krónum á hlut og var um ellefu prósentum hærra en í nýafstöðnu útboði bankans þegar Kaupþing og vogunarsjóðurinn Attestor seldu um 29 prósenta hlut á genginu 75 fyrir samtals um 39 milljarða. Kaupendur að bréfunum voru að stærstum hluta erlendir fjárfestingasjóðir á meðan íslenskir fjárfestar – almenningur, fagfjárfestar og lífeyrissjóðir – fengu aðeins að kaupa samanlagt um 9 prósenta hlut.

Samkvæmt hluthafalista Arion banka eiga átta af stærstu lífeyrissjóðum landsins samtals um 3,1 prósents hlut í bankanum. Þar munar mest um 0,65 prósenta hlut Gildis, Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins á 0,53 prósent, Frjálsi og Stapi eiga hvor um sig 0,4 prósenta hlut, Lífeyrissjóður verslunarmanna fer með 0,38 prósent og Almenni á 0,35 prósent. Eignarhlutur annarra sjóða – Birtu og Lífsverks – er talsvert minni.

Þá bættu sjóðir í stýringu Stefnis, Landsbréfa, Íslandssjóða og Júpíters, sem höfðu áður keypt um 2,5 prósenta hlut í bankanum í febrúar á þessu ári, við hlut sinn í útboðinu og eiga nú samanlagt um 3,5 prósent. Sex sjóðir í stýringu Stefnis, sem er dótturfélag Arion banka, eiga þannig 1,17 prósent á meðan hlutur sjóða í rekstri hinna félaganna er samtals á bilinu 0,66 prósent til 0,91 prósent. Verðið sem sjóðunum bauðst í útboðinu var talsvert hagstæðara en nokkrum mánuðum áður þegar þeir keyptu á genginu 89 krónur á hlut, eða sem jafngilti 0,8 miðað við þáverandi eigið fé Arion banka.

Fjárfestingarfélögin Snæból og Sigla, sem eru í eigu hjónanna Finns Reyrs Stefánssonar og Steinunnar Jónsdóttur og Tómasar Kristjánssonar, fara með alls 0,16 prósenta hlut í bankanum. Þá á eignarhaldsfélagið Brimgarðar, sem er í eigu systkinanna Guðnýjar Eddu, Gunnars Þórs, Eggerts Árna og Halldórs Páls Gíslabarna, um 0,05 prósenta eignarhlut.

Nokkurrar óánægju gætir meðal innlendra fjárfesta með þá aðferðafræði sem var beitt við skerðingar í útboði Arion banka, þar sem eftirspurnin reyndist margföld, en þeir fengu almennt aðeins á bilinu 10 til 30 prósent af þeim hlut sem þeir höfðu óskað eftir að kaupa. Mörg dæmi voru um einkafjárfesta sem fengu ekki nein bréf úthlutuð í bankanum þótt þeir hafi skráð sig fyrir háum fjárhæðum. Samkvæmt heimildum Markaðarins skráðu Stoðir sig fyrir í kringum 100 milljónum hluta í útboðinu, eða sem jafngildir um 7,5 milljörðum miðað við útboðsgengi, en fékk sem fyrr segir 12 milljónir hluta úthlutaðar í bankanum. Arion banki er á meðal stærstu hluthafa Stoða með um 16 prósenta hlut.

Sjö sjóðir í stýringu Eaton Vance Management, samkvæmt hluthafalistanum, eiga samtals um 1,2 prósenta hlut í bankanum en fjárfestingarsjóðir á vegum bandaríska eignastýringarfyrirtækisins hafa verið umsvifamiklir í fjárfestingum í skráðum félögum í Kauphöllinni síðustu misseri og ár. Það á einnig við um fjárfestingarsjóði á vegum Landsdowne, sem eiga rúmlega þriggja prósenta hlut, og Miton, sem fara með um 1,7 prósent, en sjóðir fyrirtækjanna höfðu skuldbundið sig fyrir fram til kaupa í útboðinu, sem svonefndir hornsteinsfjárfestar, fyrir samtals 60,5 milljónir dala. hordur@frettabladid.is



Íslenskum fjárfestum var úthlutaður um 9 prósenta hlutur í nýafstöðnu útboði Arion banka. Erlendir sjóðir fengu um 20 prósent. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Eignarhlutur íslenskra hlutahafa

| | | | |
|---|---|---|---|
| Sjóðir Stefnis | 1,17% | LIVE | 0,38% |
| Sjóðir Landsbréfa | 0,91% | Almenni | 0,35% |
| Sjóðir Íslandssjóða | 0,70% | Birta | 0,19% |
| Sjóðir Júpíters | 0,66% | Lífsverk | 0,19% |
| Gildi | 0,65% | Sjóvá | 0,11% |
| Stoðir hf. | 0,60% | Snæból ehf. | 0,10% |
| LSR | 0,53% | Sigla ehf. | 0,06% |
| Vogun hf. | 0,40% | Brimgarðar ehf. | 0,05% |
| Frjálsi | 0,40% | VÍS | 0,03% |
| Stapi | 0,40% | TM | 0,03% |

**29%**

**hlutur var seldur í útboði Arion banka fyrir samtals um 39 milljarða króna.**

# Íslensk Ameríska tapaði 301 milljón

Heildsölurisinn Íslensk Ameríska (ÍSAM) tapaði 301 milljón króna á síðasta ári samanborið við 262 milljóna króna hagnað árið 2016. Rekstrartekjur félagsins námu 12.014 milljónum króna í fyrra og drógust saman um 400 milljónir frá fyrra ári og þá voru rekstrargjöldin 11.990 milljónir árið 2017 og jukust um 290 milljónir á milli ára, að því er fram kemur í samstæðureikningi ÍSAM fyrir síðasta ár.

Íslensk Ameríska, sem flytur meðal annars inn vörur frá Procter & Gamble, er ein veltumesta heildverslun landsins en samstæðunnar eru jafnframt framleiðslufyrirtækin Myllan, ORA, Frón og Kexsmiðjan. Fjárfestingarfélagið Kristinn, sem er í eigu Guðbjargar Matthíasdóttur og fjölskyldu, er eini eigandi heildsölunnar.

Samkvæmt efnahagsreikningi ÍSAM voru eignir samstæðunnar 8,3 milljarðar króna í lok síðasta árs borið saman við 7,4 milljarða í lok árs 2016. Eigið fé var jákvætt um 1,9 milljarða í lok árs 2017 en var jákvætt um 2,2 milljarða í árslok 2016. Eiginfjárhlutfallið er því 22,3 prósent.



Guðbjörg Matthíasdóttir, aðaleigandi ÍSAM.

Í skýrslu stjórnar kemur fram að ÍSAM hafi í maí á þessu ári endurfjármagnað allar vaxtaberandi skuldir sínar. Samhliða hafi hlutafé félagsins verið aukið um 500 milljónir króna og víkjandi lán upp á 300 milljónir tekið.

Bergþóra Þorkelsdóttir lét af störfum sem forstjóri ÍSAM í lok marsmánaðar en hún tók við starfinu í lok árs 2015. Eftirmaður hennar hefur ekki verið ráðinn. – kij




brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6 · Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5 · Sími 515 7050

volvocars.is

# Studdu ekki brottrekstur forstjórans

**Tveir stjórnarmenn töldu rétt að bíða þar til yfirtökutilboð Brims í HB Granda var runnið út. Einhugur um ráðningu Guðmundar í forstjórastólinn. Ráðninguna bar mjög brátt að og hún kom stórum hluthöfum í útgerðinni nokkuð á óvart á þessum tímapunkti.**

Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is
Helgi Vífill Júlíusson
helgivifill@frettabladid.is






HB Grandi er eina sjávarútvegsfyrirtæki landsins sem er skráð í Kauphöllina og nemur markaðsvirði félagsins um 61 milljarði. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Tveir stjórnarmenn í HB Granda studdu ekki að Vilhjálmi Vilhjálmssyni yrði vikið úr starfi forstjóra á fimmtudaginn. Um er að ræða þær Rannveigu Rist, varaformann stjórnar, og Önnu G. Sverrisdóttur. Þetta herma heimildir Markaðarins.

Aftur á móti ríkti samstaða í stjórn um að ráða stjórnarformanninn Guðmund Kristjánsson, aðaleiganda Brims sem keypti nýverið 34 prósenta hlut í útgerðinni, sem forstjóra HB Granda. Hann sagði starfi sínu lausu sem forstjóri Brims eftir ráðninguna. Magnús Gústafsson, fyrrverandi forstjóri Coldwater í Bandaríkjunum, tók við stjórnarformennsku í HB Granda af Guðmundi sem gekk úr stjórn félagsins.

Rannveig og Anna töldu, samkvæmt heimildum blaðsins, að rétt væri að bíða með að ráða nýjan forstjóra að minnsta kosti þar til yfirtökutilboð Brims í HB Granda væri um garð gengið. Fjárfestar hafa frest fram á föstudag til að taka afstöðu til þess. Guðmundur taldi hins vegar æskilegt að það lægi fyrir hver yrði forstjóri útgerðarinnar á meðan yfirtökutilboðið væri enn í gildi til þess að það kæmi fjárfestum ekki í opna skjöldu.

Hann var kjörinn í stjórn HB Granda og tók við sem formaður fyrir skemmstu, eða hinn 4. maí, í kjölfar kaupa Brims á kjölfestuhlut í útgerðinni af Vogun og Fiskveiðihlutafélaginu Venusi fyrir 21,7 milljarða króna í apríl síðastliðnum. Stærsti hluthafi fyrirtækjanna sem seldu bréfin er Kristján Loftsson. Sökum þess hve stóran hlut Brim keypti var því skylt að leggja fram yfirtökutilboð í HB Granda.

Hluthafar sem eiga alls 90,5 prósenta hlut í HB Granda hafa skrifað undir samkomulag við Brim þar sem þeir staðfesta að þeir muni ekki ganga að yfirtökutilboðinu. Eignarhald félagsins þykir nokkuð þröngt miðað við skráð félag á hlutabréfamarkaði. Stærstu fimm hluthafarnir fara saman með 70,2 prósenta hlut og stærstu 20 ráða yfir 95,1 prósenti hlutafjár útgerðarinnar, samkvæmt hluthafalista. Þeir hluthafar sem Markaðurinn ræddi við segja að það muni ekki hafa áhrif á ákvörðun þeirra um að eiga áfram hlut í HB Granda að Guðmundur hafi tekið við sem forstjóri.

**95%**

**er samanlagður eignarhlutur tuttugu stærstu hluthafa HB Granda.**

**Tímasetningin kom á óvart**

Ráðningu Guðmundar bar brátt að og kom mörgum stórum hluthöfum í HB Granda á óvart, ekki síst í ljósi þess að hann hafði aðeins tæplega tveimur mánuðum áður verið kjörinn í stjórn sem formaður. Guðmundur á að hafa látið í það skína í samtölum við hluthafa að ekki stæði til á næstunni að ráða nýjan forstjóra í stað Vilhjálms. Þeir hafi hins vegar margir hverjir engu að síður átt von á því að nýr forstjóri yrði síðar fenginn að félaginu enda hafi Guðmundur ekki farið leynt með þau áform sín að vilja ná fram breytingum á rekstri fyrirtækisins. Þeir hluthafar gerðu þó fæstir ráð fyrir því að Guðmundur sjálfur myndi verða forstjóri fyrirtækisins.

Að sögn þeirra sem standa Guðmundi nærri á hann hins vegar að hafa fljótt komist að því að það yrði erfiðara fyrir hann, sem stjórnarmann í skráðu félagi þar sem gilda reglur um samskipti stjórnar og forstjóra, að hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd sem stjórnarformaður. Því væri líklegra til árangurs að taka að sér starf forstjóra til að ná skjótar fram þeim breytingum sem hann hefur talað fyrir. Fram hefur komið í tilkynningu frá HB Granda að áherslur hans séu einfaldur og sjálfbær rekstur, vöxtur og aukin arðsemi, öflugt samstarf á sviði markaðs- og sölumála og markviss nýting fiskveiðiheimilda.

Guðmundur er umsvifamikill útgerðarmaður. Brim á þannig 3,5 prósent allra aflahlutdeilda og Ögurvík, sem er í eigu Brims, á 1,5 prósent. Hann á auk þess þriðjungshlut í Vinnslustöðinni sem á 4,4 prósent heildarkvótans.

Fram hefur komið að með kaupum Brims á hlutnum í HB Granda stefni Guðmundur að því að auka samstarf og samvinnu á milli félaganna tveggja. Sérstaklega sé horft til markaðs- og sölumála í þeim efnum. Engin áform séu um að breyta aðalstarfsemi HB Granda, meginþáttum rekstrar og starfsmannahaldi félagsins eða starfsstöð.



Guðmundur Kristjánsson.



Vilhjálmur Vilhjálmsson.

Á meðal hluthafa HB Granda, einkum í hópi lífeyrissjóða, óttast sumir að meiri líkur séu nú en áður á að persónulegir hagsmunir Guðmundar kunni að rekast á við hagsmuni HB Granda eftir að hann tók við starfi forstjóri.

**Landsbankinn fjármagnaði kaupin**

Fram hefur komið í Markaðnum að skuldir Brims við Landsbankann nema orðið yfir 20 prósentum af eiginfjárgrunni bankans eftir að bankinn fjármagnaði 22 milljarða króna kaup sjávarútvegsfélagsins á ríflega þriðjungshlut í HB Granda. Bankinn er ekki reiðubúinn að lána Brimi fyrir kaupum á stærri hlut, samkvæmt heimildum Markaðarins, enda gæti þá áhætta hans gagnvart sjávarútvegsfélaginu fljótt farið yfir 25 prósenta leyfilega hámarkið sem kveðið er á um í reglum Fjármálaeftirlitsins.

Frestur til að svara yfirtökutilboði Brims, sem hljóðar upp á 34,3 krónur á hlut, rennur út 29. júní. Þá fyrst kemur í ljós hve stóran hlut Brim þarf að kaupa til viðbótar. Ef allir þeir hluthafar sem hafa ekki skuldbundið sig til að selja, og eiga samtals um 9,5 prósenta hlut, ákveða að ganga að tilboði Brims þyrfti félagið að reiða fram um 6,5 milljarða króna til viðbótar. Afar ólíklegt er þó talið að svo stór hópur hluthafa muni samþykkja yfirtökutilboðið.




# Rekstur Mannvits reyndist erfiður vegna hærri launa og gengisþróunar

Hagnaður verkfræðistofunnar Mannvits dróst saman um 307 milljónir króna og var 32 milljónir króna í fyrra. Tekjurnar jukust um 19 milljónir króna og námu 5,7 milljörðum króna. Eigið fé félagsins nam 1,2 milljörðum króna við árslok og eiginfjárhlutfallið var 43 prósent. Arðsemi eiginfjár var þrjú prósent.

„Grunnrekstur Mannvits gekk vel í fyrra,“ segir Örn Guðmundsson, fjármálastjóri Mannvits, við Markaðinn. „Rekstrarkostnaður hækkaði umtalsvert frá árinu á undan, að mestum hluta vegna launahækkana og endurmats á eignum og kröfum í bókum okkar. Hækkun launakostnaðar hefur veruleg áhrif í fyrirtæki eins og okkar þar sem launakostnaður er 75 prósent af rekstrarkostnaði. Auk þess sem mikið af öðrum kostnaði hjá okkur er aðkeypt þjónusta sem einnig hækkar með hækkandi launakostnaði. Við höfum ekki náð að mæta þeim hækkunum að fullu, hvort sem er með hækkun gjaldskrár eða öðrum hætti.“



Örn Guðmundsson.

Gengisþróun reyndist óhagstæð fyrir rekstur fyrirtækisins í Noregi og Bretlandi. „Þar höfum við orðið fyrir tvöföldum áhrifum þar sem ekki einungis er um að ræða styrkingu íslensku krónunnar heldur hefur verið töluverð veiking norsku krónunnar og pundsins undanfarin ár. Á síðasta ári var gjaldfærður umtalsverður kostnaður vegna tímabundinnar lokunar starfsstöðva í þessum löndum en við vonumst til að geta verið samkeppnishæf á þessum markaði aftur í náinni framtíð,“ segir hann.

Mannvit rekur nokkuð stórar skrifstofur í Ungverjalandi og Þýskalandi. Um 50 starfsmenn af 300 starfa erlendis. „Sú starfsemi er aðallega á sviði jarðhita og verkefnin á því sviði flest í Mið-Evrópu. Við sjáum mikil tækifæri á þessu svæði en verkefnin eru unnin af þarlendu starfsfólki í nánu samstarfi við sérfræðinga okkar hér á Íslandi. Það er orðin forsenda fyrir sterkri stöðu Mannvits í Mið- og Austur-Evrópu að hafa þarlendar skrifstofur þegar gengi krónunnar er jafn óstöðugt og raun ber vitni,“ segir Örn. – hvj


Miklu meira en bara ódýrt
frá 4.995
Hjólafesting á bíl
ViAir 12V loftdælur
í miklu úrvali
8.995
Loftdæla OMEGA
12V 30L
frá 1.999
Álskóflur
4.895
Viðgerðarbretti
Sonax hreinsivörur
á frábæru verði
Hjólatjakkur
2T m/tösku
3.795
Öflugar
háþrýstidælur
165Bör
1800W
19.999
Háþrýstidæla
1650W
9.999
6T Búkkar
605mm Par
9.999
frá 1.495
Startkaplar
4.995
Hleðslutæki 12V 6A
Mikið úrval af
verkfæratöskum
frá 795
34.995
Verkfæraskápur
á hjólum
79.995
Verkfæraskápur
á hjólum m/verkfærum
Steðjar í
miklu úrvali
7.995
1/2 Toppasett
3.995
1/4 Toppasett
Vice Multi
angle
6.985
14.995
1/2+1/4
Toppasett Kraft-
mann 94stk
5.995
Verkfærasett
108 stk
7.985
Skrall-lyklar 8-17
Fjöltengi í miklu úrvali,
1.5M/3M/5M 3/
4/5/6/8 tengla
Lunchbox útvarp
ryk/regn/
frostþolið
24.995
Ruslapokar
10,20,50stk
frá 395
frá 395
Ruslatínur
Hjólbörur 100kg
3.995
Frábært úrval af
dragböndum/
ströppum
Skóflur
frá 995
Laufahrífur
frá 999
Strákústar
685
Myndlistavörur í miklu úrvali
Scanslib Hverfisteinn
frá 19.995
13.995
Flísasög 80mm
9.999
Silverline LI-ion
18V hleðslubor-
vél 13mm
Fjölsög
Höfftech
5.999
Rafmagnsvírtalíur
í miklu úrvali
14.999
Hjólsög GMC
1200W
19.995
Súluborvél 350W
(m/skrúfstykki)
16.995
Metabo
KS216 bútsög
14.999
SDS Lofthöggvél GMC
SDS vélar frá 9.999,-
Verkfæralagerinn
Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@simnet.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

# Vaxandi hluti teknanna er útflutningur

**Um 30 prósent tekna Íslenska gámafélagsins koma að utan eða rúmlega milljarður miðað við síðasta ár. Tekjur fyrirtækisins hafa vaxið um 11 prósent á ári að meðaltali frá árinu 2012 og reiknar stjórnarformaður fyrirtækisins með að vöxturinn muni halda áfram.**

Helgi Vífill Júlíusson
helgivifill@frettabladid.is





Jón Þórir Frantzson segir að Sorpa flytji út sorp í samkeppni við einkafyrirtæki.

Um 25-30 prósent af tekjum Íslenska gámafélagsins má rekja til útflutnings. Einkum er um að ræða pappír, járn, plast og spilliefni. „Við breytum þessum úrgangi í verðmæti erlendis,“ segir Jón Þórir Frantzson, einn af stofnendum og stjórnarformaður fyrirtækisins.

„Það fer fram mikil nýsköpun innan veggja fyrirtækisins. Við breytum matarolíu í lífdísil og knýjum bílana okkar áfram á því eldsneyti. Við framleiðum um 150 þúsund lítra af lífdísil á ári. Honum er blandað saman við dísil í hlutfallinu 5 til 20 prósent eftir því hvort það er vetur eða sumar. Það er frábær vara og er gott dæmi um það þegar vandamál er leyst með hugvitsamlegum hætti. Matarolía er eitt það versta sem getur farið í holræsakerfið því hún stíflar það. Ýmsir freistuðust til að hella henni í niðurföll vegna þess hve dýrt það er að losa sig við hana. Við hins vegar bjóðumst til að sækja matarolíu frítt á veitingastaði og stóreldhús og breytum henni í verðmæta vöru. Við kurlum enn fremur timbur sem járnblendiverksmiðjan Elkem nýtir sem eldivið og breytum lífrænum úrgangi í mold,“ segir hann.

Hluthafar Íslenska gámafélagsins, eignarhaldsfélagið Gufunes og fagfjárfestasjóðurinn Auður I sem eiga félagið til helminga, hafa ákveðið að bjóða til sölu allt hlutafé félagsins. Fyrirtækjaráðgjöf Kviku banka hefur umsjón með söluferlinu. Gufunes er meðal annars í eigu Jóns Þóris, sem var um árabil forstjóri Íslenska gámafélagsins, Ólafs Thordersen, framkvæmdastjóra þjónustu, og Guðjóns Egilssonar, rekstrarstjóra á Suðurlandi. „Við höfum haldist í hendur alla tíð í hluthafahópi fyrirtækisins. Þeir kenndu mér allt sem ég kann enda höfðu þeir verið lengi í rusli, um 20 ár, þegar við stofnuðum fyrirtækið árið 1999,“ segir Jón Þórir.

Tekjur Íslenska gámafélagsins hafa aukist að meðaltali um 11 prósent á ári frá árinu 2012 og námu þær 4,3 milljörðum króna í fyrra. Á sama tíma hefur hagvöxtur aukist um 4 prósent á ári. Raunar er reiknað með 14 prósenta vexti í ár samanborið við 19 prósenta vöxt í fyrra.

„Það hefur verið mikil vakning varðandi flokkun úrgangs sem hefur drifið áfram vöxt Íslenska gámafélagsins. Bransinn hefur tekið stórstígum framförum á skömmum tíma. Áður fyrr var allt rusl óflokkað og það endaði í landfyllingu. Nú er algengt að fyrirtæki geti sett um 70-80 prósent af úrgangi í endurvinnslu. Íslenska gámafélagið hefur þróast frá því að vera ruslafyrirtæki í umhverfisfyrirtæki. Frá því að urða sorp í að endurvinna það. Það má líkja þessu við þróunina í fiskiðnaði. Það er sífellt verið að reyna að nýta fiskinn betur. Sama hugsun hefur náð fram að ganga varðandi úrgang. Viðskiptavinir fyrirtækja gera slíkar kröfur til þeirra. Fyrir vikið hefur verið mikill vöxtur hjá sorpfyrirtækjum. Heimilin eru ekki jafn framarlega á þessu sviði. En samt sem áður er stór hluti pappírs sem kemur til landsins endurunninn. Fyrirtæki eins og okkar nýtur góðs af þessari þróun. Við fáum í staðinn að fara með vöruna í urðun og fáum greitt fyrir það, bæði erlendis og hérlendis.“

### Ekki hálfnuð á þeirri vegferð

*Getur vöxturinn haldið áfram með svipuðum hætti á næstu árum?*

„Já. Það eru miklir möguleikar á þessu sviði. Það er spurn eftir því að losa sig við úrgang með æ umhverfisvænni hætti. Besta leiðin til þess er að vinna úr honum verðmæti eða gera hann að minnsta kosti ekki mengandi. Við erum ekki hálfnuð á þeirri vegferð. Veltan hefur nánast alltaf aukist á milli ára frá stofnun.“

*Fyrirfram gaf ég mér að rekstur sveiflaðist í takt við hagsveifluna. Og þú myndir nefna að fram undan væri aukin einkaneysla og bygging íbúða sem myndar rusl?*

„Ég lít á aukin efnahagsleg umsvif sem bónus fyrir reksturinn en undirliggjandi er þörfin fyrir æ umhverfisvænni lausnir sem knýr áfram vöxtinn. Við verðum að hugsa betur um jörðina og tryggja að við séum ekki að bæta við mengunina. Við eigum nú þegar nóg af plasti fyrir næstu árþúsundin ef við myndum endurvinna allt plast sem fellur til.“

*Fyrirtækið er væntanlega háð verðþróun hrávara og gengi krónunnar varðandi útflutning á sorpi?*

„Það er rétt. Til að jafna þær sveiflur var komið á fót Úrvinnslusjóði til að grafa ekki undan rekstrargrundvelli umhverfisvænnar starfsemi á borð við þessa þegar hrávörur eða gengi krónu sveiflast með óhagstæðum hætti.

Þegar heildsali flytur inn til dæmis pappa greiðir hann endurvinnslugjald sem fer í þennan sjóð. Fyrirtæki sem koma pappírnum í endurvinnslu geta sótt fjármagn í þennan sjóð. Íslenska gámafélagið fær því greitt úr sjóðnum fyrir hvert kíló sem það kemur til endurvinnslu.

Þessu til viðbótar fáum við einnig greitt fyrir flutning á vörunni ef það þarf að flytja hana um langan veg að næstu höfn. Hafnirnar eru þrjár. Á Akureyri, Reyðarfirði og Reykjavík. Þegar varan er sótt fáum við 10-15 krónur greiddar fyrir kílóið fyrir flutningsjöfnuð. Úrvinnslugjaldið er sömuleiðis 10-15 krónur á kílóið. Við fáum því allt að 30 krónur fyrir kílóið áður en varan hefur verið seld erlendis. Þetta á við um pappír, plast og spilliefni.“

### Flytja út gull

*Hvað er það verðmætasta sem þið flytjið út?*

„Gull er náttúrulega verðmætast. Gull er í örgjörvum og tölvum. Við söfnum örgjörvum og sendum í bræðslu. Þar fáum við úr því skorið hvað er mikið gull í sendingunni. En varan sem virðist hvað auðveldast að selja er bylgjupappír. Sá markaður er stöðugur. Það verður æ erfiðara að selja pappír eftir því sem hann er blandaðri. Það eru til dæmis ekki mikil verðmæti fólgin í dagblöðum.

Eftir því sem við getum skilað frá okkur einsleitara efni fáum við meira fyrir það. Þess vegna skiptir öllu máli að koma vinnunni við flokkun til neytenda. Annars fer nánast allur ábatinn af sölunni í það að flokka. Því höfum við lagt áherslu á að fólk komist upp á lagið með að flokka. Það mun skila sér í ódýrari þjónustu til neytenda. “

### Reykjavík stendur sig ekki

*Eru tækifæri í auknum einkarekstri í sorphirðu?*

„Það eru starfrækt tvö bákn. Annars vegar Reykjavíkurborg sem rekur stærstu sorphirðu landsins. Það skýtur skökku við að borgin skuli sinna þessum rekstri. Reka ruslabíla og annast starfsmannahald því tengt. Rekstur Reykjavíkurborgar á þessu sviði er ógagnsær og því er erfitt að átta sig á því hve dýr starfsemin er. Reykjavík er eitt fjögurra sveitarfélaga sem sinna þessu sjálf. Hin þrjú eru lítil sveitarfélög. H Hvergi á landinu er flokkun vergi á

## Óskarsverðlaunahafar spígspora um svæðið

Íslenska gámafélagið er að flytja úr Gufunesinu á Esjumela á Kjalarnesi. Félag á vegum Baltasars Kormáks leikstjóra hyggst reisa þar kvikmyndaver. Þar verður einnig fjöldi íbúða og hótel. „Við höfum fjögur ár til að flytja starfsemi fyrirtækisins á Esjumela. Við fáum góðan tíma til þess. Við höfum þegar flutt bifreiðaverkstæði þangað og í 3.400 fermetra húsnæði. Og höfum fengið úthlutað fjórum hekturum af landi og hyggjumst reisa 6.000 fermetra skemmu. Kosturinn verður að við urðum að laga starfsemi fyrirtækisins að fasteignum á Gufunesinu, sem var gamla Áburðarverksmiðja ríkisins. Það var stórkostlegt tækifæri til að hefja starfsemi þar, en við urðum að laga reksturinn að húsnæðinu í stað þess að laga húsin að rekstrinum, eins og við munum gera á Esjumelum. Það mun skapa mikið hagræði í rekstri,“ segir Jón Þórir.

Hann segir að það hafi verið teknir tugir kvikmynda í húsakynnum fyrirtækisins. „Óskarsverðlaunahafar á borð við Forest Whittaker hafa spígsporað hér um. Áburðarverksmiðjan var reist fyrir Marshall-aðstoðina af miklum myndarbrag. Hér er enn allt í upprunalegu horfi og við höfum gætt þess vel að halda í það. Byggingarnar á svæðinu eru líka einstakar og sett var fram skilyrði um að þær fengju að lifa áfram í þessari uppbyggingu sem er fram undan. Í þetta sækja kvikmyndagerðarmenn.“



Forest Whittaker leikari.

# Fólk
## Heimili

MIÐVIKUDAGUR 27. JÚNÍ 2018



Jónína Guðnadóttir myndlistarmaður opnar sýningu í vitanum á Malarrifi á Snæfellsnesi á föstudag. Óvenjuleg sýning sem nefnist Ó, dýra líf. ➜4

ENZYMEDICA

Pizza í matinn?






Þórunn Ýr Þorgeirsdóttir á fallegu heimili sínu í hundrað ára gömlu húsi í Hafnarfirði þar sem gamalt og nýtt og endurnýtt fer saman. MYND/SIGTRYGGUR ARI

# Sófinn sem gengur aftur og aftur

Þórunn Ýr Þorgeirsdóttir býr í hundrað ára gömlu húsi í Hafnarfirði ásamt bólstraranum eiginmanni sínum og tveimur sonum. Og sófa sem hefur verið á heimilinu í fimmtán ár en tekið stórkostlegum breytingum fjórum sinnum. ➜2

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@frettabladid.is





Sjónvarps- og gestasófinn góði í sínum nýjasta búningi en hann hefur skipt um ham fjórum sinnum síðustu fimmtán árin.

Maðurinn minn, Erlendur Sigurðsson, er bólstrari og fær nokkuð reglulega leiða á sófanum okkar,“ segir Þórunn brosandi. „Við búum í eldgömlu húsi þar sem svefnherbergin eru niðri og stofan og eldhúsið uppi og það er ofboðslega erfitt að koma stórum húsgögnum inn. Þessi sófi kom fyrst fyrir fimmtán árum og það var mikið mál að koma honum inn og hefði þurft að saga hann í sundur til að koma honum út. Við erum með tvö börn og sófinn þjónar sem sjónvarpssófi og stofusófi þannig að hann verður mjög druslulegur fljótt.“ Þannig að sófanum hefur verið breytt fjórum sinnum á þessum fimmtán árum. „Hann hefur fengið nýtt áklæði, nýja arma, nýjar lappir og svo framvegis. Um daginn fékk yngsti sonur okkar gubbupest og það fór bara yfir allt,“ segir Þórunn. „Sem var fínt því maðurinn minn var orðinn leiður á sófanum og fannst kominn tími til að breyta til. Hann fékk að velja áklæðið og af því að hann var að gera svona fínan bleikan sófa í vinnunni þá vildi hann endilega fá að prófa hér heima. Ég var fyrst aðeins efins, spurði hvort hann vildi kannski prófa dekkri lit en svo er ég bara mjög ánægð.“

Þórunn segir þau hjónin ekki fylgja tískubylgjum þegar kemur að húsbúnaði heldur fara meira eftir sínu höfði. „Okkur finnst fínt að vera með alls konar hjá okkur, það þarf ekkert endilega allt að vera í stíl. Nú erum við til dæmis búin að mála allt svart á efri hæðinni,“ segir hún en bætir við: „Það er mjög bjart svo það sleppur alveg. Svo ef eitthvað gengur ekki þá gengur það ekki og ef okkur líkar þetta ekki þá breytum við bara aftur.“ Hún viðurkennir að það breyti miklu að geta gert breytingarnar sjálf. „Það munar auðvitað miklu, þetta er ekkert að sprengja bankann.“ Það hefur oft komið sér vel að mikla ekki fyrir sér að breyta. „Þegar við bólstruðum eldhúsbekkinn í fyrsta skipti höfðum við hann rauðan, silfraðan og svartröndóttan og eldhúsborðið var rautt líka. Einn vinur okkar kom í heimsókn og horfði á þetta og sagði, já þetta er rosa fínt en hvað ætlið þið að gera þegar það eru ekki jól?“

Erlendur er ástríðubólstrari og hefur lagt hönd á ýmislegt á heimilinu í gegnum tíðina. „Já, það er bara allt bólstrað á heimilinu,“ segir Þórunn og hlær. „Það er náttúrlega rúmgafl, einn veggur var bólstraður á tímabili og rennihurð inn í unglingaherbergið sem munar stundum miklu. Eldhúsbekkurinn er í miklu uppáhaldi, hann er sérsmíðaður og af því við búum í svo litlu húsi þá er hann líka verkfærakista sem getur verið mjög hagkvæmt.“ Bólstrunin hefur einnig orðið persónulegum uppáhaldshlutum til bjargar. „Maðurinn minn hélt mikið upp á Smashing Pumpkins þegar hann var unglingur og átti eldgamlan bol með mynd af hljómsveitinni sem hann hafði átt í 25 ár eða lengur og vissi ekki hvað hann átti að gera við. Þannig að hann bólstraði stól þannig að setan er úr svörtu hreindýraskinni og bakið er bolurinn.“

Bleiki sófinn er í uppáhaldi þessa dagana en Þórunn og Erlendur hafa gaman af því að safna að sér óvenjulegum hlutum. „Við erum frekar litrík á heimilinu og fylgjum ekki neinni tísku Við eigum til dæmis gamlan kirkjuglugga sem er við hliðina á sjónvarpinu og tekur sig vel út sem stofustáss þar og svo blöndum við saman IKEA og antík og alls konar,“ segir Þórunn og bendir á að í svona gömlu húsi sé alltaf eitthvert verk að vinna. „Það er alltaf verið að vinna í þessum gömlu kofum, það er bara þannig. Við vorum til dæmis að enda við að gera upp baðið og höfðum gamaldags fíling þar. En bólstruðum ekkert þar inni, látum það duga annars staðar,“ segir Þórunn að lokum.





Smashing Pumpkins aðdáandinn á heimilinu heiðraði stuttermabol æskuáranna með því að setja hann í stólbak en setan er úr hreindýraskinni.



Stólarnir í stofunni eru bólstraðir sinn með hverju lagi.



Óvenjuleg og falleg bólstruð rennihurð að unglingaherberginu.



Svartir veggir í stofunni eru nýjasta tilraun Þórunnar og Erlends í innanhússhönnun og ekki ber á öðru en að hún hafi tekist prýðilega.

FRÉTTABLAÐIÐ.IS
stendur undir nafni



**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Útgefandi:** 365 miðlar

**Ábyrgðarmaður:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 |



# SUMARÚTSALAN HAFINN

## 30%-40% AFSLÁTTUR

FISLEÉTTIR DÚNJAKKAR OG SUMARFRAKKAR FRÁ KR. 13.230,-








# SUMARYFIRHAFNIR

## GERRY WEBER-TAIFUN-BETTY BARCLAY

GÆÐAMERKJAVARA Á EINSTÖKU VERÐI






BERNHARD LAXDAL

**Skipholti 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is**

# Dýralíf í vitanum á Malarrifi

Jónína Guðnadóttir myndlistarkona hefur sett upp sýningu í vitanum á Malarrifi á Snæfellsnesi. Sýning sem nefnist Ó, dýra líf verður opnuð á föstudag. Efnið er sótt til dýralífsins undir jöklinum.

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Þetta er önnur sýning Jónínu í íslenskum vita. Fyrir tveimur árum setti hún upp stóra sýningu í vitanum á Breið á Akranesi sem vakti mikla athygli. Hún vann að því verkefni í tvö ár enda var viðfangsefnið algjörlega nýtt fyrir henni. „Ég var vön að sýna í sýningarsölum svo þetta var nýr heimur,“ segir listakonan. „Ég lagðist í mikið grúsk til að kynna mér dýralíf sjávar og stranda. Það minnti mig á barnæsku mína en ég átti margar ljúfar stundir á ströndinni á Skaganum þar sem ég ólst upp,“ segir hún.

Jónína segir að það hafi verið afar ánægjulegt þegar haft var samband við hana frá Hollvinasamtökum Þórðar frá Dagverðará sem buðu henni að halda sýningu í vitanum á Malarrifi. „Innsetningin hér á Malarrifi er í öllum meginatriðum önnur en fyrri sýning mín á þessum nótum, þótt í beinu framhaldi sé. Dýralífið á Snæfellsnesi á vissulega margt sameiginlegt með því sem kom út úr rannsóknum mínum og minningum úr fjöru bernskunnar, en er engu að síður ekki það sama, og gaf það mér aukið frelsi til að stokka upp á nýtt. Í þessari innsetningu vinn ég meira með sjóinn og fjöruna og öll uppsetning er önnur. Verkið er unnið mjög frjálslega þar sem listræn hugsun mín er allsráðandi í útfærslunni. Vitinn hér á Malarrifi er byggður á svipuðum tíma og vitinn í Breið á Akranesi en býður upp á aðra möguleika þar sem uppgangur í vitann er með öðrum hætti sem breytir sjónarhorninu talsvert. Það er sterk upplifun að sýna á Malarrifi í þessu einstaka og áhrifamikla umhverfi þar sem Snæfellsjökull gnæfir með sínum mikla krafti og úthafið blasir við,“ segir Jónína og bætir við að hún hafi vel fundið fyrir orkunni frá jöklinum þegar hún var að vinna við uppsetningu sýningarinnar.

„Ég var vel undir það búin að setja upp þessa sýningu. Nokkra hluti nota ég aftur frá Akranesi en að megninu til er þetta ný sýning. Eins og á Skaganum gengur sýningin upp eftir vitanum en samt er hún allt öðruvísi,“ útskýrir Jónína. „Það er allt annar arkitektúr á þessum vita heldur en hinum. Sýningin byrjar í anddyrinu þar sem eru sjávardýr en á efstu hæð eru það fuglarnir. Mér finnst óskaplega gaman að fást við sýningu af þessu tagi. Umhverfið er magnað á þessum slóðum. Vitinn stendur nálægt sjávarkambinum en hann var endurbyggður 1946. Fyrsti viti á þessum stað var reistur 1917. Vitavörður bjó á staðnum frá 1917-1991 en þarna er íbúðarhús. Vitinn er friðaður. Mér fannst stórkostlegt að standa þarna og heyra í briminu berja á klettunum. Alveg ótrúlega fallegt og stórkostlegt að sjá útsýnið þegar komið er upp í vitann. Svo eru margar gönguleiðir þarna í kring,“ segir Jónína sem hefur haldið 24 einkasýningar hér heima og erlendis og tekið þátt í fjölmörgum samsýningum víða um heim.

Þegar Jónína er spurð hvort hún geti hugsað sér að klæða fleiri vita á landinu með listaverkum sínum, svarar hún: „Ég veit það ekki. Fyrst hugsaði ég þetta konsept eingöngu fyrir Akranes, mína heimabyggð. Svo þróaðist verkið. Ég er ákaflega ánægð með hvernig heimamenn á Snæfellsnesi hafa staðið að undirbúningi með mér. Það eru margir sem koma að þessu verkefni, sveitarstjórn og þjóðgarðurinn. Ég er virkilega spennt fyrir opnunardeginum og vonast til að sjá sem flesta í vitanum.“



Jónína Guðnadóttir myndlistarmaður hlakkar mikið til að taka á móti gestum við opnun sýningarinnar í vitanum á Malarrifi.



Jónína við vinnu sína í vitanum við Malarrif á Snæfellsnesi.









Sýningin á Malarrifi verður opin í allt sumar og aðgangur er ókeypis. Opið er frá 12-16.30 alla daga.

Á sýningunni í vitanum kennir margra grasa úr sjó og af landi.

Fimmtudaginn **4. júlí** mun Fréttablaðið gefa út aukablaðið

## NÝSKÖPUN Á ÍSLANDI

Blaðið er unnið að hluta í samstarfi við **Rannís og Tækniþróunarsjóð.**

Ætlum við þar að sýna þá grósku sem er í íslenskri nýsköpun og kynna það sem vel hefur farið af stað á síðastliðnum árum.

Í blaðinu gefst nýsköpunar fyrirtækjum færi á að kynna sína starfsemi og vöruþróun.
Um leið er blaðið öflugur auglýsingamiðill fyrir fyrirtæki og stofnanir sem bjóða nýsköpunarfyrirtækjum upp á ýmiskonar vörur eða þjónustu.

Boðið er upp á hefðbundin auglýsingahólf sem og umfjallanir sem eru settar upp af blaðamanni okkar í góðu samráði við auglýsanda.
Stór dreifing og mikill lestur Fréttablaðsins tryggir að blaðið nær afar vel til ákjósanlegra markhópa.

**Nánari upplýsingar um blaðið veitir:**

**Arnar Magnússon**
**Sölu- og markaðsfulltrúi Fréttablaðsins**
**arnarm@frettabladid.is Sími: 512-5442**



# Life-flo fyrir aukna vellíðan

**Er líkaminn undir miklu álagi, ertu með þreytta vöðva, færðu vöðvakrampa eða vantar þig góða slökun? Í Life-flo er magnesíum í aðalhlutverki. Áhrifarík samsetning sem bætir heilsuna.**

Life-flo er ný vörulína sem inniheldur mikið af virkum efnum sem stuðla að aukinni vellíðan. Life-flo inniheldur meðal annars magnesíumklóríð sem kemur frá fornum sjávarbotni þekktum undir nafninu Zechstein Sea og liggur við Hollandsstrendur. Magnesíum frá þessum stað er þekkt fyrir einstök gæði.

### Life-flo býður meðal annars upp á:

- Magnesíumflögur í baðið fyrir góða slökun
- Milda sturtusápu með magnesíum
- Magnesíum sápustykki
- Magnesíum sport roll-on sem hentar frábærlega í íþróttatöskuna
- Magnesíum fótasprey sem inniheldur einnig piparmintuolíu og eucalyptus sem er einstaklega kælandi og róandi
- Magnesíum og Cramp bark fótakrem. Samsetning sem veitir tvöfalda virkni og er einstaklega áhrifarík. Hjálpar vöðvunum að slaka vel á, virkar því vel á fótapirring, sinadrátt og vöðvakrampa.

Þórólfur Ingi Þórsson, Íslandsmeistari í 10.000 m hlaupi og margfaldur Íslandsmethafi í 40-44 ára flokki, mælir með vörum frá Life-flo. „Vöðvaslakandi kremið, Magnesíum og Cramp bark frá Life flo, er virkilega gott. Ég ber kremið á fæturna kvölds og morgna og finn mjög mikinn mun á endurheimt milli æfinga. Það sem mér líkar einstaklega vel er að það veldur ekki kláða eins og getur gerst með magnesíum úða,“ segir hann.

Life-flo vörulínan fæst í verslunum Heilsuhússins, Apótekinu og í verslununum Lyfju og Lyfja.is

> Vöðvaslakandi kremið, Magnesíum og Cramp bark frá Life-flo, er virkilega gott. Ég ber kremið á fæturna kvölds og morgna og finn mjög mikinn mun á endurheimt milli æfinga. Það sem mér líkar einstaklega vel er að það veldur ekki kláða eins og getur gerst með magnesíum úða.




Magnesium og Cramp bark krem. Magnesium roll-on á auma vöðva. Magnesiun Sport sprey. Magnesium sturtusápa. Magnesiun Sport sprey.



Þórólfur Ingi Þórsson, Íslandsmeistari í 10.000 m hlaupi, og margfaldur Íslandsmethafi.

# Betri upptaka og virkni með KAL

**KAL ActivMelt er ný bætiefnalína frá hinum þekkta framleiðanda KAL. Þetta eru bragðgóðar munnsogstöflur. KAL bætiefnalínan kemur frá Kaliforníu og á rætur að rekja til ársins 1932.**

Vítamín og steinefni gegna mikilvægu hlutverki í allri líkamsstarfsemi. Sumir eiga mjög erfitt með að kyngja töflum eða hylkjum, til dæmis margt eldra fólk. Ösp Viðarsdóttir, næringarþerapisti hjá Heilsu, segir að upptaka líkamans á munnsogstöflum sé oft mun betri en í steyptum töflum eða hylkjum. „Munnsogstöflurnar henta því frábærlega fyrir fólk sem á erfitt með að nýta næringarefni af einhverjum ástæðum,“ segir hún.

### Góð form og áhrifaríkar blöndur

KAL býður nokkrar tegundir vítamína. Þar má nefna KAL B12 sem inniheldur tvenns konar form B12-vítamíns. Það eru methyl- og adenosylcobalamin. „Þessi blanda hentar vel öllum sem þurfa að taka inn B12 en þau styðja m.a. vel við efnaskiptin í líkamanum og orkuvinnslu,“ segir Ösp.

Frá KAL má einnig finna blöndu D3- og K2-vítamína. Þau vinna vel saman og eru til dæmis bæði mjög mikilvæg fyrir heilbrigði beina og æða. „Sífellt fleiri rannsóknir sýna fram á sterk tengsl milli K2 og D3 og hversu mikilvægt K2 er til að upptaka og nýting á kalki verði sem best. Einnig hafa rannsóknir sýnt fram á nauðsyn K2 til að fyrirbyggja æðakölkun,“ útskýrir Ösp. „Með munnsogstöflunum fæst betri upptaka og meiri virkni,“ segir hún.



Ösp Viðarsdóttir næringarþerapisti.




> Munnsogstöflur henta því frábærlega fyrir fólk sem á erfitt með að nýta næringarefni af einhverjum ástæðum.

Kal ActivMelt fæst í verslunum Lyfju og í Heilsuhúsinu.

## Bílar & Farartæki


BÍLAHÖLLIN
S: 567-4949



SKODA Octavia diesel. Árgerð 2015, ekinn 46 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 7 girar. Fallegur bíll Verð 2.990.000. Rnr.289661.



TOYOTA C-hr c-hic, led. Árgerð 2018, ekinn 20 KM Nýr bíll bensín, sjálfskiptur. Verð 4.390.000. Rnr.152269.

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**www.bilahollin.is**

bilfang.is
S. 567 2000



**EÐALEINTAK !**
RR Sport 2.7 Diesel 12/2007 (mód 2008) ek aðeins 105 þ.km ljóst leður ofl. Virkilega flott eintak ! Nú á 3.4 mil !!!

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**Seljum í dag !**
**www.bilfang.is**

Bílalíf



**SPARIÐ KR.560.000.-**
NÝR SUZUKI SX4 S-CROSS COMFORT PLUS.Sjálfskiptur, leður,glerþak ofl,með öllum lúxus og öryggisbúnaði.Verð 4.490.000. Rnr.248362.Eigum einnig svarta á staðnum.



**100 % LÁN MÖGULEGT.**
NÝ HJÓLHÝSI Á FRÁBÆRU VERÐI KR.1.990.000.- Eigum fleiri liti á staðnum og stærðir.Bilalif bilasala. S:5621717.

**Bílalíf**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið 10-18 virka daga**
**www.bilalif.is**

SUZUKI



Suzuki mótorhjól Komdu og kíktu við í sýningarsal Suzuki. Ýmislegt spennandi til, sjón er sögu ríkari.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

STÓRA BÍLASALAN



**NÝR BÍLL**
SKODA Octavia 2.0L Disel 4x4 Style. Árgerð 2018, sjálfskiptur 6 girar. Verð 4.790.000. Rnr.136951.

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**


### Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 25-250þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**

### Hjólhýsi





Til sölu Tabart hjólhýsi 6 manna '07 kr 2.290.000 og Ford Expedition'03.7 manna Kr. 790.000. Staðgreiðslu tilboð saman 2.500.000. Nánari uppl. Maggi s. 696 5900

### Varahlutir

VAKA
BÍLAPARTAR ERU PARTUR AF OKKUR!
MIKIÐ ÚRVAL VARAHLUTA Í FLESTA BÍLA
Sími: 567 6700 | vakahf.is

### Viðgerðir

Almennar bílaviðgerðir. Sérgrein bremsuviðgerðir. Renni diska og skálar. Fljót og góð þjónusta. Bergfinnur ehf. 892 7852

## Þjónusta

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Garðyrkja

GEIRSVERK
Almenn Lóðavinna
S: 691 7515

Almenn garðvinna, sláttur, úðun og ofl. Halldór garðyrkjumaður. S: 698 1215

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

**RETTA- BOKHALDSÞJONUSTA.**
Getum bætt við okkur verkefnum. Alhliða bókhaldsþjónusta. Sanngjörn verð og góð þjónusta. Uppl. í s. 8548080/5168080 eða olafur@retta.is.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

k2
LOFTSTOKKAHREINSUNIN
- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR

Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

HÚSAVIÐGERÐIR
ENDURBÆTUR OG NÝSMÍÐI
- Smíðavinna
- Múrvinna
- Málningarvinna

788 8870
eind@eind.is
Eind ehf


HUMBAUR

**Kerrurnar frábæru frá Humbaur eru til á lager!**



**Startrailer 1280**
750 kg. Mál: 205x109.5x30 cm.
Verð: 121.888 kr. án vsk.



**Gerð 1376**
Opnanleg að framan.
750 kg. Mál: 205x131x35 cm.
Verð: 169.355 kr. án vsk.



**Gerð 1374**
Opnanleg að framan.
750 kg. Mál: 251x131x35 cm.
Verð: 201.612 kr. án vsk.



**Gerð 1384**
Sturtanleg.
750 kg. Mál: 251x131x35 cm.
Verð: 229.839 kr. án vsk.



**Gerð 1339**
Opnanleg að framan.
1300 kg. Mál: 303x150x35 cm.
Verð: 350.807 kr. án vsk.,
en með skráningu.



**Gerð 2331**
Opnanleg að framan.
2500 kg. Mál: 303x150x35 cm.
Verð: 431.452 kr. án vsk.,
en með skráningu.



**Flatvagnar**
Ýmsar stærðir og gerðir.
2500 kg. Mál: 303x150x35 cm.
Verð frá: 512.000 kr. án vsk.,
en með skráningu.

Topplausnir
Smiðjuvegi 40 gul gata. Kópavogi.
Veitum upplýsingar í síma: 517 7718.
Heimasíða: www.topplausnir.is








## Honda Jazz

Nýskráður 3/2007, ekinn 146 þús.km., bensín, sjálfskiptur, allt að 100% lán Visa/Euro/Pei.

**Verð kr. 590.000**





## Honda CR-V Elegance

Nýskráður 5/2014, ekinn 80 þús.km., bensín, sjálfskiptur, fjórhjóladrif, möguleiki á allt að 90% láni.

**Verð kr. 3.490.000**





## Honda Accord Tourer

Nýskráður 7/2013, ekinn 85 þús.km., bensín, sjálfskiptur, möguleiki á allt að 90% láni.

Ásett verð 1.990.000

**Tilboð krónur 1.790.000**





## Honda HR-V Executive

Nýskráður 5/2018, ekinn 1 þús.km., bensín, sjálfskiptur, hlaðinn búnaði, möguleiki á allt að 90% láni.

**Verð kr. 4.490.000**

Vegna mikillar sölu undanfarið vantar okkur allar gerðir bíla á söluskrá

**Opnunartími**

Mánudaga - föstudaga milli kl. 10:00 og 18:00

Lokað á laugardögum í sumar

BERNHARD NOTAÐIR BÍLAR

Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

## Nudd

**NUDD**

Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

**NUDD**

Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**

Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

# Keypt & Selt

## Til sölu

STIGA



**Stiga TwinClip 50 SB**

Lúxus sláttuvél með drifi B&S 625E mótor Tvískiptur sláttuhnífur, slær 2svar 70 litra kassi, "notendavænn" Frábær vél í flestan slátt

VETRARSÓL Askalind 4, Kóp. Sími 564 1864 www.vetrarsol.is

mýranaut

Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar

**jonogoskar.is s.552-4910**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**

Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

# Húsnæði

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**

á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464**

Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU 2JA HERB. ÍBÚÐ**

Til leigu góð 2ja herb. 70 fm íbúð með yfirbyggðum svölum í Krummahólum. Íbúðin laus um mánaðarmótin júní-júlí. Reglusemi áskilin.

**Svar sendist á antonben@simnet.is**

## Húsnæði óskast

**EINBÝLI / HÆÐ / RAÐHÚS Í 110 RVK**

**EÐA NÁGRENNI ÓSKAST**

Hjón með 3 börn óska eftir einbýli, raðhúsi, eða hæð í 110 RVK eða nágrenni. Aðeins langtímaleiga kemur til greina. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið.

Nánari upplýsingar sendist á:

sendtohelgi@gmail.com

# Atvinna

## Atvinna í boði

**HÚSASMIÐUR - VERKSTJÓRI Á AKUREYRI**

Verktakafyrirtæki með góða verkefnastöðu óskar eftir að ráða verkstjóra.

Hæfniskröfur:

- Sveinspróf í húsasmiði

- Reynsla af mótauppslætti

- Enskukunnátta

**Umsóknir sendist á verk.job@gmail.com og nánari uppl. í s. 840 0609**

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**

Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.

**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is**

## Þjónusta

# VANTAR ÞIG STARFSFÓLK



Við útvegum hæfa starfskrafta í flestar greinar atvinnulífsins

Markmið okkar er að spara viðskiptavinum tíma, fyrirhöfn og fjármuni.

Handafl er traust og fagleg starfsmannaveita með margra ára reynslu á markaði þar sem við þjónustum stór og smá fyrirtæki.

Suðurlandsbraut 6, Rvk. | SÍMI 419 9000 HANDAFL STARFSMANNAVEITA info@handafl.is | handafl.is

## Fasteignir

# Suðurvangur 12

íbúð 302 220 Hafnarfjörður



**OPIÐ HÚS**
fimmtudaginn 28. júní kl.17:30-18:00



Falleg 4ra herbergja íbúð
að stærð 94,6 fm

Endurnýjað eldhús og baðherbergi

Nýtt gólfefni

Fjölskylduvænt umhverfi,
skólar, verslun og
íþróttamannvirki í göngufæri

Laus strax



Nánari upplýsingar veitir:
**Jórunn Skúladóttir,** lögg. fasteignasali
jorunn@miklaborg.is **sími:** 845 8958

Verð: **38,8 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
**- með þér alla leið -**

## Húsnæði óskast til leigu

### Leitum að 30-50m² húsnæði til leigu

Þarf að vera salerni og vatn.

Má vera bílskúr eða frá kjallara og upp á efri hæðir. Staðsetning frá Hafnaf. til Mosfellsbæjar og þar á milli. Snyrtileg umgengi.

**Uppl. í síma 8930236 eða oliij@simnet.is**

## Til sölu

### Hárgreiðslustofa til sölu

**Hársnyrtistofan að Vitatorgi er til sölu**

Stofan er í öruggu leiguhúsnæði borgarinnar í þjónustumiðstöðvarinnar að Lindargötu 59.

Um er að ræða góða aðstöðu fyrir tvo aðila, fjórir stólar og öll aðstaða fyrir hendi.
Stofan hefur verið þarna í rekstri til margra ára og er því rótgróin.

Óskað er eftir tilboði.
**Allar upplýsingar vettar í síma 864 3434.**

## Tilkynningar

**GARÐUR**

### Breyting á Aðalskipulagi

**Sveitarfélagsins Garðs 2013-2030**

**Rósaselstorg, Garðvangur og hindrunarfletir**

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Garðs samþykkti þann 4. apríl 2018 tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Garðs 2013-2030.
Breytingartillagan var auglýst frá 4. janúar til 16. febrúar 2018.
Umsagnir bárust frá þremur aðilum og var brugðist þeim með minniháttar lagfæringum á breytingartillögunni.
Tillagan hefur verið send Skipulagsstofnun til staðfestingar.
Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Garðs.

*Jón Ben Einarsson*
*Skipulagsfulltrúi Sveitarfélagsins Garðs*

Akraneskaupstaður

### Vitastígur Breið og stígur við Garðalund

Akraneskaupstaður óskar eftir tilboðum í stígagerð á Breið og við Garðalund á Akranesi. Skila skal verkinu fyrir 30. september 2018.

**Um er að ræða eftirfarandi framkvæmdir:**

- Útbúa nýjan steyptan stíg niðrá Breið
- Útbúa nýjan malbikaðan hjóla- og göngustíg við Garðalund.

**Helstu stærðir:**

- Jarðvegsskipti um 3000 m3
- Steyptur stígur 750 m²
- Malbikaður stígur 510 m²

Útboðsgögn eru afhent á stafrænu formi frá og með miðvikudeginum 27. júní með því að senda tölvupóst á netfangið stigagerd@akranes.is, þar sem fram kemur nafn bjóðanda ásamt netfangi, nafni og símanúmeri tengiliðs. Tilboð verða opnuð á bæjarskrifstofu Akraneskaupstaðar að Stillholti 16-18, 1. hæð, þriðjudaginn 17. júlí 2018 kl. 10:00.

SKESSUHORN 2018

## Tilkynningar



MOSFELLSBÆR

### Kynning á deiliskipulagslýsingu:

**Deiliskipulag athafnasvæðis í Flugumýri**

Mosfellsbær auglýsir hér með til kynningar deiliskipulagslýsingu, skv. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010:

**Fyrir gerð deiliskipulags** sem nær yfir hluta athafnasvæðis í norðurhlíðum Úlfarsfells. Svæðið afmarkast til vesturs af íbúðarbyggð, til norðurs af ódeiliskipulögðu íbúðarsvæði í landi Lágafells, 407-Íb, til austurs af athafnasvæði í Desjamýri og til suðurs af Skarhólabraut.

Megin viðfangsefni við deiliskipulagsgerðina er m.a. að deiliskipuleggja þegar byggt atvinnusvæði, skilgreina heimildir sem gilda um núverandi byggð á svæðinu, skilgreina byggingareiti og stækka lóðir til suðurs að Skarhólabraut.

Í deiliskipulagslýsingu kemur lögum samkvæmt fram hvaða áherslur sveitarstjórn hefur við skipulagsgerðina og upplýsingar um forsendur og fyrirliggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli, s.s. um kynningu og samráð gagnvart íbúum og öðrum hagsmunaaðilum. Þeir sem vilja kynna sér málið nánar vinsamlegast hafið samband við skipulagsfulltrúa.

Deiliskipulagslýsing liggur frammi í þjónustuveri Mosfellsbæjar á 2. hæð Þverholts 2, 270 Mosfellsbæ og á heimasíðu bæjarins á slóðinni:

**mosfellsbaer.is/skipulagsauglysingar**

Athugasemdum og ábendingum varðandi lýsinguna má skila til þjónustuversins eða til undirritaðs fyrir 18. júlí 2018.

27. júní 2018,
Skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar
olafurm@mos.is

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA



MOSFELLSBÆR

### Kynning á deiliskipulagslýsingu:

**Deiliskipulag Tjaldanes**

Mosfellsbær auglýsir hér með til kynningar deiliskipulagslýsingu, skv. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010:

**Fyrir gerð deiliskipulags** yfir Tjaldanes, lóð norðan Þingvallavegar í Mosfellsdal. Skipulagsvæðið afmarkast af Þingvallavegi til suðurs, ánni Köldukvísl til norðurs og aðliggjandi landareignum til vesturs og austurs.

Megin viðfangsefni við deiliskipulagsgerðina er m.a. að móta fallega byggð, móta umferðatengingar, setja fram skilmála fyrir hæðir húsa, landnotkun og nýtingarhlutfall, skilgreina lóðaskiptingu og byggingareiti, sem og tryggja góð tengsl við umhverfið með gerð stíga og opinna svæða.

Í deiliskipulagslýsingu kemur lögum samkvæmt fram hvaða áherslur sveitarstjórn hefur við skipulagsgerðina og upplýsingar um forsendur og fyrirliggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli, s.s. um kynningu og samráð gagnvart íbúum og öðrum hagsmunaaðilum. Þeir sem vilja kynna sér málið nánar vinsamlegast hafið samband við skipulagsfulltrúa.

Deiliskipulagslýsing liggur frammi í þjónustuveri Mosfellsbæjar á 2. hæð Þverholts 2, 270 Mosfellsbæ og á heimasíðu bæjarins á slóðinni:

**mosfellsbaer.is/skipulagsauglysingar**

Athugasemdum og ábendingum varðandi lýsinguna má skila til þjónustuversins eða til undirritaðs fyrir 18. júlí 2018.

27. júní 2018,
Skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar
olafurm@mos.is

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

## Útboð

### ÚTBOÐ

### Útboð 20804 - Þjónustukerfi fyrir fatlaða einstaklinga

Ríkiskaup, fyrir hönd Vinnumálastofnunar, óska eftir tilboðum í vinnu við gerð þjónustukerfis fyrir fatlaða einstaklinga.
Gert er ráð fyrir að hið nýja kerfi verði sérsmíðað að hluta eða að öllu leyti. Kerfið sér um skráningu og úrvinnslu á umsóknum fatlaðra einstaklinga um vinnu og/eða hæfingartengd úrræði.
Nánari upplýsingar í útboðsgögnum á vef Ríkiskaupa **www.rikiskaup.is**.
Tilboðin verða opnuð hjá Ríkiskaupum 11. júlí 2018, kl. 14:00.

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP


# Ertu að leita að talent?

Við finnum starfsmanninn fyrir þig

Umsækjendur, skráið ykkur á
**www.talentradning.is**
talent@talentradning.is/bryndis@talentradning.is - **Sími: 552-1600**



TALENT RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF

landinu er flokkun til endurvinnslu verri en í Reykjavík. Höfuðborgin á að vera leiðandi á þessu sviði en þeir hafa ávallt verið lélegastir á þessum vettvangi. Við teljum að fyrr eða síðar muni Reykjavík sjá að sér og bjóða verkið út til verktaka og um leið draga úr kostnaði og bæta þjónustuna.

Hins vegar ber að nefna Sorpu. Það er byggðasamlag sem rekið er af stærstu sveitarfélögum landsins. Sorpa býður út mikið af verkefnunum en er samt sem áður einnig á samkeppnismarkaði. Sorpa flytur út hráefni eins og pappír í samkeppni við einkafyrirtæki. Það er óeðlilegt og líta má á það með þeim augun að samkeppnisreksturinn sé niðurgreiddur af sveitarfélögum. Það er illa skilið á milli hvað er samkeppnisrekstur og hvað ekki hjá Sorpu. Sorpa ætti að draga sig úr þeirri starfsemi að vinna verðmæti úr úrgangi. Þegar Sorpa fær verðmæti eins og pappír ætti að koma honum til sérhæfðra fyrirtækja.“

### Auður I í hluthafahópinn

Árið 2013 gekk Auður I í hluthafahóp Íslenska gámafélagsins. „Fyrirtækið óx hratt á árunum fyrir hrun. Við yfirtókum fyrirtæki á fjögurra, fimm ára fresti. Því fylgdi skuldasöfnun. Það var því mikið högg fyrir efnahag félagsins þegar skuldir jukust um 120 prósent á einni nóttu við bankahrunið. Það tók okkur um fimm ár að vinna bug á þeim vanda. Það sem kom okkur í gegnum það var að reksturinn var ávallt í góðu horfi. Þegar skuldirnar bólgnuðu út þurftum við að hleypa fleirum inn í hluthafahópinn. Sem betur áttum við þann kost að velja úr hópi fjárfesta til að ganga til liðs við félagið og við völdum Auði I.

Þegar litið er um öxl og til dómafordæma kemur í ljós að við greiddum alltof mikið af lánum til baka. En á þeim tíma áttum við engra annarra kosta völ. Við fórum ekki í dómsmál. Málinu lyktaði með þessum hætti og við fengum góða samstarfsmenn með okkur í lið.

Auður I er ekki langtímafjárfestir heldur sjóður með vissan líftíma. Við hluthafarnir gerðum með okkur samkomulag um að þegar sjóðurinn þyrfti að selja sinn hlut myndum við gera það líka. Af þeim sökum er félagið allt til sölu.“

*Hvers vegna vilduð þið stofnendurnir selja ykkar hlut við sölu Auðar I?*

„Við teljum að það sé heppilegra fyrir nýja eigendur að eignast fyrirtækið í heild sinni. Við höfum átt félagið í 19 ár og það er dágóður tími.“

*Er ekki skrítin tilfinning að einhver annar fari að reka fyrirtækið þitt eftir allan þennan tíma?*

„Þegar þú hefur verið einráður innan fyrirtækis í öll þessi ár getur reynst erfitt að vera það ekki lengur. En ég hef haft aðlögunartíma. Ég hef verið í aðlögun í tvö ár þar sem ég hef smátt og smátt fjarlægst reksturinn. Við réðum nýjan forstjóra, Hauk Björnsson, fyrir tveimur og hálfu ári. Hugmyndin var að þjálfa einhvern góðan í starfið því ég tel það mikilvægt fyrir framtíð fyrirtækisins að hafa þjálfað upp góðan stjórnanda sem þekkir vel til. Þetta er nefnilega flókinn rekstur. Svo mun koma í ljós hvernig nýir eigendur vilja haga málum. Ég vann náið með honum sem starfandi stjórnarformaður þar til í febrúar en sit enn í stjórn Íslenska gámafélagsins.“

### Tók við rekstri Vélasölunnar

Jón Þórir keypti nýverið Vélasöluna ásamt viðskiptafélaga og tók við rekstri hennar í febrúar. Hann á aukinheldur stóran hlut í Ísorku. „Vélasalan er 78 ára gamalt fyrirtæki með mikla sögu í sjávarútvegi. Fyrirtækið stóð á tímamótum. Það var á seinni helmingi æviskeiðs síns. Það voru því mikil tækifæri til að koma inn í reksturinn og efla hann. Ég hef gaman af slíkri vinnu. Það mun taka tíma. Ísorka er lítið fyrirtæki sem sérhæfir sig í rekstri rafhleðslustöðva fyrir rafbíla. Ég er því enn að sinna umhverfismálum. Eiginkona mín er líka í rekstri fyrirtækja. Hún rekur hótelið Frost og funa og veitingastaðinn Skyrgerðina í Hveragerði.“ Hjónin búa á Selfossi og Jón Þórir hefur alla tíð ekið í borgina til að sinna fyrirtækjarekstri.

## Tekjur Íslenska gámafélagsins hafa farið vaxandi




■ Tekjur í milljörðum króna ■ EBITDA-hlutfall — Heimild: Stutt fjárfestakynning unnin af Kviku

**Hvergi á landinu er flokkun til endurvinnslu verri en í Reykjavík. Höfuðborgin á að vera leiðandi á þessu sviði en þeir hafa ávallt verið lélegastir á þessum vettvangi.**

Hlutfall hagnaðar Íslenska gámafélagsins fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta, það er EBITDA, sem hlutfall af tekjum var 18-21 prósent á árunum fyrir hrun. Eftir hrun hefur hlutfallið verið 11-14 prósent. Fyrirtækið hagnaðist um 16 milljónir í fyrra og þrjár milljónir árið 2016. Eigið fé félagsins var 1,7 milljarðar króna við lok síðasta árs og eiginfjárhlutfallið 30 prósent.

*EBITDA-hlutfallið var mun hærra á árunum fyrir hrun en eftir hrun. Hvað veldur?*

„Ástæðan er tvíþætt. Annars vegar hafði fyrirtækið ekki burði til að fjárfesta í nýjum tækjum á árunum eftir hrun. Það leiddi til þess að rekstrarkostnaður jókst. Á síðustu þremur árum höfum við fjárfest ríkulega í nýjum tækjum og því má gera ráð fyrir að hlutfallið muni batna í kjölfarið. Hins vegar fjárfestum við umtalsvert í innviðum með áherslu á ferla og tölvur. Við erum fyrsta ISO-vottaða fyrirtækið á okkar sviði. Það spilar einnig inn í að við nýttum tímann eftir hrun í ýmis þróunarverkefni. Sum þeirra báru ávöxt á meðan við urðum að hætta við önnur sem lagt hafði verið fé í. Það er stefnt að því að EBITDA-hlutfallið fari í 18-20 prósent, líkt og tíðkast erlendis hjá vel reknum fyrirtækjum á þessu sviði. Það þarf að fjárfesta myndarlega í tækjum og tólum í rekstri sem þessum og því þarf fyrirtækið að skila góðum EBITDA-hagnaði.“

### Gámaþjónustan stærsti keppinauturinn

*Hverjir eru helstu keppinautar Íslenska gámafélagsins?*

„Gámaþjónustan er okkar stærsti keppinautur. Það er eini keppinauturinn sem býður upp á allsherjar lausn eins og við. Markaðshlutdeild fyrirtækjanna er sambærileg og fyrirtækin eru sambærileg að stærð. Við erum með meiri markaðshlutdeild varðandi þjónustu við sveitarfélög en Gámaþjónustan er stærri á fyrirtækjamarkaði. Við eigum einnig í harðri og virkri samkeppni við smærri fyrirtæki.“

*Eru ekki umtalsverðar aðgangshindranir á markaðinn, er ekki dýrt að koma sér upp tækjum og tólum fyrir starfsemina?*

„Jú, ég held að það sé ástæða þess að það eru aðeins tvö fyrirtæki sem geta boðið upp á alla þjónustuna. En segjum sem svo að Reykjavíkurborg myndi bjóða út sorphirðu, þá þyrfti einungis að festa kaup á bílum og ráða mannskap. Aftur á móti þegar kemur að því að þjónusta fyrirtæki og flytja út flokkaðan úrgang þá þarf að kaupa dýra gáma og koma sér upp aðstöðu til að vinna vöruna. Það þarf þúsundir fermetra til að vinna vöruna, skemmur, tæki og tól. Það myndi kosta marga milljarða að kaupa öll tæki fyrirtækisins ný.“

*Er dýrt að endurvinna hráefni samanborið við að frumvinna það?*

„Í sumum tilfellum er mun ódýrara að endurvinna. Það er til dæmis mun ódýrara að endurvinna ál en að frumvinna það. Það þarf einungis að bræða það niður og koma á markað. Það er aftur á móti flókið ferli að endurvinna pappír og pappa en kostnaðurinn er svipaður og við frumvinnsluna. Frumvinnsla getur verið mun ódýrari því það þarf ekki að leita jafn langt eftir vörunni og orkusparnaður því mikill.“




ÍSAFOLDAR PRENTSMIÐJA

UMHVERFISMERKI 141 825 Prentgripur

Suðurhrauni 1 | 210 Garðabæ | Sími: 59 50 300 | www.isafold.is

Ísafoldarprentsmiðja er umhverfisvottuð prentsmiðja af Svaninum, norræna umhverfismerkinu. Við erum aðilar að Rammasamningi Ríkiskaupa og Rammasamningi Reykjavíkurborgar.
Við framleiðum dagblöð, bækur, tímarit, bæklinga, umbúðir, veggspjöld, bréfsefni, umslög, nafnspjöld, fjölpóst og margt fleira.

# Nálægt því að eignast Marks & Spencer

**Sir Philip Green er í nýrri bók sagður hafa verið nálægt því að eignast bresku verslanakeðjuna Marks & Spencer árið 2004. Hann féll frá tilboði sínu þar sem hann taldi sig ekki eiga stuðning stjórnarinnar vísan. Í bókinni er Green jafnframt sakaður um eineltistilburði.**

Kristinn Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is





Philip Green er Íslendingum ekki alls ókunnur. Hann var meðal annars sagður hafa lýst yfir áhuga á að kaupa skuldir Baugs með allt að 95 prósenta afslætti af skilanefndum Kaupþings og Landsbankans eftir fall viðskiptabankanna á haustdögum 2008. Sú málaleitan bar hins vegar ekki árangur. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Breski auðjöfurinn sir Philip Green, sem er gjarnan kenndur við fjárfestingarfélagið Arcadia sem á og rekur meðal annars verslanirnar Dorothy Perkins, Miss Selfridge og Topshop, er sagður í nýrri bók hafa verið mun nær því en áður hefur verið talið að eignast Marks & Spencer árið 2004.

Baráttan um verslanakeðjuna, sem var á þeim tíma ein sú arðbærasta í Bretlandi, tók á sig reyfarakennda mynd, þar sem Green var í aðalhlutverki, en að lokum þurfti auðjöfurinn skrautlegi að lúta í lægra haldi. Hann féll frá yfirtökutilboði sínu eftir að hafa talið sig ekki eiga stuðning stjórnarinnar vísan.

Í nýrri bók, Damaged Goods eftir Oliver Shah, viðskiptaritstjóra Sunday Times, er því hins vegar haldið fram að Green hafi ekki haft minnstu hugmynd um hve nálægt hann var því að eignast verslanakeðjuna.

Talið er að Green hafi boðið allt að 400 pens á hlut fyrir Marks & Spencer áður en hann féll frá tilboði sínu í júlímánuði 2004. Til samanburðar var keðjan metin á um 290 pens á hlut áður en Green hóf yfirtökutilraunir sínar.

**Drög að tveimur tilkynningum**

Í bókinni, sem kemur út í Bretlandi á morgun, er því lýst hve „skelkaður“ Andrew Grant, þáverandi forstjóri Tulchan, almannatengslafyrirtækis Marks & Spencer, varð þegar hann mætti of seint á stjórnarfund keðjunnar, þar sem taka átti afstöðu til yfirtökutilboðs Greens, og komst að því að drög hefðu verið skrifuð að tveimur fréttatilkynningum. Í annarri þeirra kom fram að stjórnin hefði samþykkt tilboðið.

Nokkrir stjórnarmenn, þar á meðal Charles Wilson, hægri hönd Stuarts Rose, sem hafði nokkrum vikum áður verið ráðinn forstjóri, einkum til þess að skjóta styrkari stoðum undir rekstur verslanakeðjunnar og hindra þannig yfirtöku Greens, sögðust á fundinum telja óhugsandi að fá hærra verð fyrir keðjuna en 400 pens á hlut, að því er segir í bókinni.

„Þegar langt var liðið á fundinn fékk Grant símtal frá Kate Rankine, aðstoðarritstjóra viðskiptafrétta Daily Telegraph. Rose bað hann um að hunsa hana og segja henni að afstaða stjórnarinnar hefði ekki breyst,“ segir Shah. Stjórnin væri enn andsnúin yfirtökunni.

„Rankine, sem þekkti bæði Green og Rose vel, hringdi umsvifalaust í Green og bar honum fregnirnar.

Stjórn Marks & Spencer hélt áfram að rífast um málið. Klukkan hálf níu að kveldi leit Robert Swannell, einn af bankamönnum verslanakeðjunnar, sem var viðstaddur fundinn, á BlackBerry-síma sinn og sagði: „Þetta er búið spil.“ Green hafði hætt við kaupin.“

Skilaboðin frá Rankine virðast hafa verið kornið sem fyllti mælinn hjá Green, að sögn Shah.

**»» Í bók Olivers Shah er Philip Green sakaður um eineltistilburði, sér í lagi í garð kvenkyns starfsmanna og Terrys Green, fyrrverandi forstjóra BHS.**

Green fór á næstu dögum eftir stjórnarfundinn hörðum orðum um vinnubrögð stjórnarinnar og sagði þau „skelfileg“. Hann hélt því fram að hann hefði aldrei átt möguleika á því að eignast verslanakeðjuna. Þó svo að meirihluti hluthafa hefði stutt tilboðið hefði stjórnin gert allt sem í hennar valdi stóð til þess að koma í veg fyrir yfirtökuna.

Af frásögn Shahs er hins vegar ljóst að Green var mun nær því að hljóta samþykki stjórnarinnar en hann og aðrir, svo sem fjárfestar og greinendur, hafa hingað til talið.

**Sakaður um eineltistilburði**

Þetta var ekki í fyrsta sinn sem Green reyndi að kaupa Marks & Spencer. Fyrri tilraun hans, árið 1999, fór út um þúfur eftir að í ljós kom að eiginkona hans hefði keypt hlutabréf í verslanakeðjunni áður en tilkynnt var opinberlega um yfirtökuna.

Í bók Shahs er Green auk þess sakaður um að hafa lagt starfsmenn sína í einelti, sér í lagi kvenkyns starfsmenn sem og Terry Green, manninn sem Green réð til þess að snúa við rekstri verslanakeðjunnar BHS.

Auk þess greinir Shah í bókinni frá áhyggjum framtakssjóðsins Leonard Green & Partners, meðfjárfesta Philips Green, af því hve nákvæmir og réttir ársreikningar Topshop, tískuverslunar Greens, voru í raun. John Danhakl, einn af eigendum framtakssjóðsins, sagðist í tölvupósti sem hann skrifaði samstarfsmönnum sínum árið 2012 og Shah hefur undir höndum vera „sérstaklega áhyggjufullur“ yfir ónákvæmni reikninganna. Nokkrum dögum síðar keypti sjóðurinn 25 prósenta hlut í versluninni fyrir 350 milljónir punda.

Green hefur ekki viljað tjá sig um efnisatriði bókarinnar í breskum fjölmiðlum.

### Svört skýrsla breskra stjórnvalda

Philip Green krafðist þess í liðinni viku að lögbann yrði lagt við útgáfu skýrslu breskra yfirvalda um endurskoðun Pricewaterhouse-Coopers á ársreikningum verslanakeðjunnar BHS.

Green seldi sem kunnugt er verslanakeðjuna árið 2015 fyrir eitt pund til fyrrverandi ökuþórsins Dominics Chappell. Keðjan fór í greiðslustöðvun ári síðar með þeim afleiðingum að yfir 11 þúsund manns misstu vinnuna og um 20 þúsund glötuðu lífeyri sínum. Mikil gagnrýni hefur komið fram á Green vegna þess hvernig hann skildi við verslanakeðjuna við söluna. Efndi breska þingið meðal annars til rannsóknar á falli BHS.

Fyrr í mánuðinum sektuðu bresk stjórnvöld Pricewaterhouse-Coopers um 6,5 milljónir punda vegna endurskoðunar fyrirtækisins á ársreikningi BHS fyrir árið 2014. Um leið undirgekkst einn eigenda endurskoðunarfyrirtækisins sátt sem fól í sér að hann tæki ekki að sér endurskoðunarvinnu á næstu fimmtán árum.

Breskir þingmenn hafa krafist þess að skýrsla breskra yfirvalda um vinnubrögð endurskoðunarfyrirtækisins verði gerð opinber. Í síðustu viku kröfðust lögmenn Greens þess fyrir dómi að tímabundið lögbann yrði lagt við útgáfu skýrslunnar. Þeir segja að í skýrslunni sé Green gagnrýndur harðlega en að hann hafi ekki fengið „viðeigandi“ tækifæri til þess að svara fyrir gagnrýnina.

# Langdýrasta HM sögunnar?

Björn Berg Gunnarsson
fræðslustjóri Íslandsbanka



Getur verið að 2,6 milljóna manna þjóð ætli að eyða 20.000 milljörðum króna í að halda heimsmeistaramót í fótbolta? Þannig líta að minnsta kosti áætlanir Katara út við fyrstu sýn, en þeir hýsa næsta mót árið 2022.

Standist þessi upphæð skoðun er um að ræða hærri upphæð en sem nemur samanlögðum kostnaði allra heimsmeistaramóta sögunnar. Svo við setjum umfangið í eitthvert samhengi hefði fyrir sömu upphæð verið hægt að halda Eurovision frá því á tímum Babýlons og eiga enn helminginn í afgang.

En er þetta satt? Eins og faðir Lovejoy sagði eitt sinn er stutta svarið „já, ef“ og langa svarið „nei, en“. Þetta fer eftir því hvað við teljum beinan kostnað við mótið og hvaða framkvæmdir hefði verið ráðist í óháð því. Samþykki FIFA að einungis verði leikið á 8 völlum, eins og gestgjafarnir leggja til, er áætlaður kostnaður við leikvanga mótsins og æfingaaðstöðu um 1.000 milljarðar króna, sem er nokkuð undir framkvæmdakostnaði í Rússlandi, en þar er leikið á 12 leikvöngum.

**❝ Svo við setjum umfangið í eitthvert samhengi hefði fyrir sömu upphæð verið hægt að halda Eurovision frá því á tímum Babýlons og eiga enn helminginn í afgang.**

Hinum 19.000 milljörðunum verður ráðstafað í hin ýmsu innviðaverkefni. Meðal annars verður úrslitaleikur mótsins haldinn í borginni Lusail, en sú borg er ekki til í dag. Sjúkrahús, neðanjarðarlestarkerfi, vegaframkvæmdir og fleira kosta sitt og segir fjármálaráðherra landsins útgjöldin þegar orðin um 50 milljarðar króna á viku vegna verkefna sem sögð eru tengjast heimsmeistaramótinu. Til viðbótar við fjárhagslegan kostnað áætlar Human rights watch að hundruð verkamanna frá Suður-Asíu hafi látist við byggingu leikvanga.

HM er ekki að fara að kosta 20.000 milljarða. 1.000 milljarðar er nær lagi, en það er heilmikið samt sem áður. Ef við færum þá upphæð sem hlutfall landsframleiðslu á mann yfir á okkur Íslendinga væri það sambærilegt og að hér væri haldið íþróttamót fyrir 130 milljarða króna. Þá yrði nú hugsanlega eitthvað sagt.

## Landsmenn lesa Fréttablaðið allan ársins hring

# LÍKA Á SUMRIN!

## Auglýsing í Fréttablaðinu er ávallt jafn verðmæt

| apríl | maí | júní | júlí | ágúst | september |
|---|---|---|---|---|---|
| 89% | 89% | 89% | 89% | 89% | 89% |

**89% af lesendum dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 18–49 ára lesa Fréttablaðið daglega allan ársins hring**




*meðallestur þeirra sem lesa bara Fréttablaðið og þeirra sem lesa Fréttablaðið og Morgunblaðið. Heimild: Prentmælingar Gallup apr. – júní og júlí – sept. 2017.

**Fréttablaðið - mest lesna dagblað landsins, líka á sumrin**

FRÉTTABLAÐIÐ

## Skotsilfur

### Útilokar ekki erlenda skráningu



**Grímur Sæmundsen**, forstjóri Bláa lónsins, útilokaði ekki í samtali við Fréttablaðið fyrir helgi að ferðaþjónustufyrirtækið yrði skráð á markað erlendis. Það ætti ekki að koma á óvart í ljósi ævintýralegs vaxtar fyrirtækisins á umliðnum árum. Þrátt fyrir að ekki hafi tekist að selja 30 prósenta hlut í Bláa lóninu til Blackstone, eins þekktasta fjárfestingarsjóðs heims, síðasta sumar er ljóst að áhugi erlendra fjárfesta á fyrirtækinu hefur síst minnkað. Ákvörðun lífeyrissjóðanna um að hafna tilboði sjóðsins sætti gagnrýni en tíminn einn mun leiða í ljós hvort hún hafi reynst rétt.

### Guðni til Alva



**Guðni Níels Aðalsteinsson**, sem hefur undanfarin ár starfað hjá breska fjármálafyrirtækinu Legal & General, hefur verið ráðinn til íslenska fjártæknifyrirtækisins Alva þar sem hann mun gegna starfi framkvæmdastjóra fjármálasviðs. Áður gegndi Guðni stjórnunarstörfum hjá meðal annars Allied Irish Banks, Lehman Brothers og Kaupþingi, en hann stýrði fjárstýringu síðastnefnda bankans. Þá hefur Katrín M. Guðjónsdóttir jafnframt verið ráðin framkvæmdastjóri markaðssviðs Alva en áður stýrði hún markaðsmálum olíufélaganna N1 og Skeljungs og heildsölurisans Innness.

### Nýjar í stjórn



Lögfræðingarnir Anna Sigríður Arnardóttir og **Berglind Ósk Guðmundsdóttir** hafa tekið sæti í stjórn Almenna leigufélagsins. Fyrir í stjórn íbúðaleigufélagsins, sem er í eigu fagfjárfestasjóða í rekstri GAMMA, eru þeir Ingvi Hrafn Óskarsson, sem er jafnframt stjórnarformaður, Sölvi Blöndal og Kjartan Georg Gunnarsson. Anna Sigríður hefur undanfarin ár starfað sem lögfræðingur hjá Kaupþingi en Berglind Ósk hefur meðal annars sinnt ráðgjafarstörfum hjá KPMG og Azazo. Stefnt er að skráningu Almenna leigufélagsins á hlutabréfamarkað á næsta ári.

## Harley Davidson flýr Bandaríkin



Bandaríski mótorhjólaframleiðandinn Harley Davidson tilkynnti í byrjun vikunnar um áform sín um að flytja framleiðslu á mótorhjólum, ætluðum til sölu í Evrópu, frá Bandaríkjunum til að forðast boðaða tolla Evrópusambandsins á innfluttar bandarískar vörur. Þess í stað hyggjast stjórnendur Harley Davidson auka framleiðsluna á Indlandi, í Brasilíu og Taílandi. Þeir segja tollana kosta fyrirtækið allt að 100 milljónir dala að óbreyttu. NORDICPHOTOS/GETTY

# Ný hugsun skilar árangri



**Bjarnheiður Hallsdóttir**
formaður Samtaka ferðaþjónustunnar

Það er ekki ýkja langt síðan ferðaþjónusta var tiltölulega lítil atvinnugrein á Íslandi, lítil en vaxandi og með mikla framtíðarmöguleika – eins og þeir vissu sem gáfu henni gaum. En ferðaþjónusta var alltaf hálfgert olnbogabarn í stjórnkerfinu. Hún átti í raun hvergi heima, fékk litla athygli, sáralítið vægi – hvað þá fyrirhyggju eða nokkurn stuðning sem heitið gat. Hún kraumaði í rólegheitum undir yfirborðinu, þar sem hún óx úr grasi, mest fyrir tilstilli einkaframtaksins. Hún var í mesta lagi nefnd á nafn í hátíðarræðum og í seinni fréttum í sjónvarpinu, ef mikil tíðindi urðu.

Í kjölfar efnahagshrunsins og falls íslensku krónunnar sprakk ferðaþjónustan hins vegar út af svo gríðarlegum krafti að ekki varð lengur fram hjá henni horft og þýðing hennar fyrir íslenskt efnahagslíf hefur farið stigvaxandi æ síðan. Frá árinu 2010 hefur hlutfall ferðaþjónustu af heildarútflutningstekjum Íslands farið úr 19% í 42% og beinum störfum í greininni hefur á sama tíma fjölgað um 55%. Ferðaþjónusta er nú orðin stærsta útflutningsgrein Íslendinga og burðarás í efnahagslífi landsins.

**Framsýnt og nauðsynlegt skref**

Eftir að vaxtarskeið ferðaþjónustu hófst, þá ákváðu stjórnvöld í samvinnu við atvinnugreinina að fara í stefnumótun fyrir ferðaþjónustu. Þá kom í ljós að forsendur til að hefja slíka vinnu voru ekki fyrir hendi, þar sem mjög lítið var til af upplýsingum og áreiðanlegum gögnum til að byggja á. Sú uppgötvun var fræið sem síðar varð að hinu einstaka fyrirbæri sem var gefið nafnið Stjórnstöð ferðamála. Stjórnstöð ferðamála er tímabundið „private-public“ verkefni með þátttöku fjögurra ráðuneyta, Samtaka ferðaþjónustunnar og Samtaka íslenskra sveitarfélaga.

Ferðaþjónusta er óhemju víðfeðm atvinnugrein sem snertir ótal ólíka anga stjórnsýslunnar, mörg ráðuneyti og stofnanir, sveitarfélög landsins og svo auðvitað fyrirtækin sem starfa innan hennar. Þessir aðilar þurfa því allir að tala saman og vinna saman

> **Stjórnstöðin er vissulega óvenjuleg og einstakt að svona samvinnu sé komið á milli stjórnvalda og atvinnulífs.**

að hagsmunamálum ferðaþjónustu og samspili hennar við samfélagið. Það er auðséð að slík samvinna er flókin og tímafrek – ferðaþjónustan í landinu mátti hins vegar engan tíma missa. Hið framsýna skref sem stofnun Stjórnstöðvarinnar var bætti svo um munaði upp þann tíma sem hafði tapast við að koma skikki á þau ótal mál sem krefjast samvinnu allra þessara ólíku hópa. Hún skapaði nauðsynlegt samtal milli stofnana og atvinnulífs, opnaði flóðgáttir upplýsinga, rauf múra, jók gagnkvæman skilning og hefur sett málefni ferðaþjónustu ofar í huga þeirra sem sýsla með málefni hennar af hálfu hins opinbera.

**Einstök samvinna**

Stjórnstöðin er vissulega óvenjuleg og einstakt að svona samvinnu sé komið á á milli stjórnvalda og atvinnulífs. Vegna þess hefur borið á gagnrýni og tortryggni í hennar garð en þær raddir eru nú að þagna ein af annarri í ljósi þess ótrúlega starfs sem Stjórnstöðin hefur unnið á þessum rúmu tveimur árum sem hún hefur verið starfrækt. Á þeim tíma hefur málefnum ferðaþjónustunnar fleygt fram margfalt hraðar en annars hefði orðið. Á þessum tíma hefur um 70 ólíkum verkefnum verið hleypt af stokkunum og meirihluta þeirra er þegar lokið eða þeim verið komið fyrir annars staðar til framtíðar, eftir upphafsstarf í Stjórnstöðinni. Má þar nefna Mælaborð ferðaþjónustunnar sem er upplýsingaveita sem sýnir upplýsingar um ferðaþjónustuna á einum stað og birtir þær með myndrænum hætti, og Hæfnisetur ferðaþjónustunnar sem hefur það hlutverk að auka hæfni starfsfólks, gæði, starfsánægju og arðsemi í ferðaþjónustu. Langt á veg komin er rannsókn um þolmörk Íslands gagnvart ferðamönnum, sem er gríðarlega brýnt verkefni.

Fram undan er eitt mikilvægasta verkefnið, en það er stefnumótun í ferðaþjónustu fyrir Ísland, sem – þökk sé Stjórnstöð ferðamála – hefur töluvert mikla möguleika á að lenda ekki í skýrslubunkanum í skúffunni heldur verða alvöru stefnumótun sem hjálpar okkur öllum að byggja upp gæðaferðaþjónustu til framtíðar, þjóðinni allri til heilla.

# Þetta reddast ekki á „kúlinu“



**Þóranna K. Jónsdóttir**
markaðssérfræðingur og FKA-félagskona

Við stærum okkur gjarnan af því að vera hörkuduglegur þjóðflokkur. Við komumst áfram á dugnaði, kjarki og þori. Víkingar sem leggja undir sig heiminn. Best í fótbolta, handbolta, blönduðum bardagalistum og svo lengi mætti telja – já, a.m.k. miðað við höfðatölu. Á einu sviði erum við þó oft ekki nægilega dugleg. Þegar kemur að undirbúningi og greiningarvinnu. Þegar kemur að því að skoða hlutina og plana áður en við leggjum af stað. Og hverju skiptir það svo sem? Við framkvæmum. Við gerum. Við græðum. Og svo hrynur spilaborgin og við töpum (með stæl!).

Hvort sem það er í rekstri fyrirtækja, stjórnmálum eða annars staðar, þá sjáum við þetta víða. Ég sé þetta gjarnan í markaðsstarfi fyrirtækja. Það nenna fáir að greina markaðinn, markhópa og samkeppni eða móta stefnu og gera áætlanir. Fólk er oft uppteknara við að elta nýjustu brögðin og brellurnar. Vera bara nógu kúl! Afleiðingin er óupplýst ákvarðanataka, þörfum viðskiptavina er ekki nægilega vel mætt og dýrmæt tækifæri fara forgörðum. Hlutirnir verða grunnir og yfirborðskenndir.

Þar sem við gerum þessa hluti almennilega sjáum við árangur. Strákarnir okkar væru ekki í lokakeppni HM ef þeir hefðu ekki stúderað andstæðingana, skoðað hvernig þeir spila, hvar er hægt að komast í gegnum varnarveggi og hvernig best er að stöðva stórskyttur, finna veikleika og tækifæri. Ef þeir hefðu ekki mótað sína leikstefnu, byggt á upplýsingum úr greiningarvinnu og undirbúið sig vel. Af hverju gerum við oft svona lítið af þessari grundvallarvinnu? Er það yfirsjón? Bráðlæti? Þykjumst við vita betur? Höldum við að við séum öðruvísi en allir aðrir og þurfum þess ekki? Er það kannski bara leti? Eða getur það verið að kúlið sé að kosta okkur?

Það hefur einhvern veginn alltaf þótt meira kúl að fá toppeinkunnir á prófum án þess að læra. Þurfa ekki að hafa fyrir hlutunum. En er ekki betra að læra og vera nokkuð öruggur með toppeinkunn heldur en að læra ekki og taka sénsinn? Sérstaklega þegar mikið liggur við, eins og heimsmeistarakeppnin – eða rekstur fyrirtækisins okkar? Ég legg til að við fórnum kúlinu og undirbúum okkur til að auka líkurnar á árangri. Hú!

*Greinin er skrifuð áður en leikur Íslands og Króatíu fór fram á HM.*


FRÁBÆR FJÖLSKYLDUMYND FRÁ FRAMLEIÐENDUM
SHREK
Draumur
CHARMING
KOMIN Í BÍÓ
Trópí
SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ LAUGARÁSBÍÓ BORGARBÍÓ
sena

MARKAÐURINN
FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 27. júní 2018

FRÉTTABLAÐIÐ.IS
frettabladid.is
Instagram fréttablaðsins
@frettabladid

## Stjórnarmaðurinn

@stjornarmadur

# Fjárfest í árangri

**Leikur** Íslands og Króatíu var ekki bara mikilvægur í knattspyrnulegu tilliti, heldur líka fjárhagslegu. Ekki aðeins var sæti í sextán liða úrslitum í húfi heldur líka fjórar milljónir Bandaríkjadala til viðbótar við þær átta sem KSÍ hefur þegar tryggt sér í tengslum við mótið. Þá er ótalin ein og hálf milljón dala sem Ísland fékk frá FIFA til að standa straum af kostnaði við undirbúning mótsins. Lið sem kemst í sextán liða úrslit fær því um 13,5 milljónir Bandaríkjadala, eða 1,5 milljarða króna, í sinn hlut. Þetta eykst svo eftir því sem líður á mótið og hreppa sigurvegararnir rétt tæpar fjörutíu milljónir dala.

**Nú er** ljóst að þáttaka á HM er ekki ókeypis. Greiða þarf ferðakostnað, dvalarkostnað, laun starfsfólks, bónusa leikmanna og svo mætti áfram telja. Svo virðist sem KSÍ hafi ekkert til sparað í þeim efnum, og virðast flestir sammála um að vel hafi verið staðið að öllum undirbúningi.

**Hvað sem** því líður liggur fyrir að greiðslur upp á milljónir Bandaríkjadala breyta miklu fyrir lítið knattspyrnusamband eins og það íslenska. Þátttaka í síðustu tveimur stórkeppnum hefur umturnað fjárhagslegri umgjörð kringum sambandið og íslenska knattspyrnu.

**Frægar** eru sögur úr erlendum stórmiðlum af fjárfestingu Íslendinga í knattspyrnuhöllum, þjálfaramenntun og battavöllum í hverju einasta sjávarplássi. Þótt vafalaust sé eitthvað fært í stílinn er ljóst að þar leynist sannleikskorn. Velgengni íslenskra knattspyrnulandsliða er engin tilviljun heldur árangur af margra ára undirbúningsvinnu.

**Vonandi** berum við gæfu til að halda áfram að fjárfesta í grasrótinni. Ekki er hægt að ætlast til þess að við komumst á hvert einasta stórmót, en með réttum ákvörðunum má haga málum þannig að við gerum allt sem í okkar valdi stendur til að búa til umhverfi sem fóstrar áframhaldandi árangur.

**Því er** mikilvægt að HM peningunum sé vel varið. Áfram Ísland.

# BBA Legal hagnaðist um 77 milljónir í fyrra

Hagnaður BBA Legal, sem er ein af stærstu lögmannsstofum landsins, nam tæplega 77 milljónum króna á síðasta ári og jókst um rúmar 50 milljónir frá fyrra ári. Til samanburðar hagnaðist lögmannsstofan um ríflega 263 milljónir árið 2015.

Tekjur stofunnar námu um 439 milljónum króna í fyrra, borið saman við 400 milljónir króna árið 2016, og þá voru rekstrargjöldin rúmlega 349 milljónir á síðasta ári. Drógust þau saman um hátt í þrjú prósent á milli ára.


**Baldvin Björn Haraldsson.**

Afkoma BBA Legal frá falli fjármálakerfisins hefur verið afar góð en til marks um það nam uppsafnaður hagnaður lögmannsstofunnar á árunum 2009 til 2015 samtals um 1.600 milljónum króna.

Stærstu hluthafar BBA Legal, sem eiga hver um sig 21,4 prósenta hlut, eru Baldvin Björn Haraldsson, Einar Baldvin Árnason, Ásgeir Árni Ragnarsson og Atli Björn Þorbjörnsson. **– kij**

**24.06.2018**

**Hann er ekki besta upplýsingaveita sem til er, þessi Vilhjálmur Birgisson, hvað sannleikann varðar.**



Kristján Loftsson, forstjóri Hvals





# Alþjóðlegt orgelsumar í Hallgrímskirkju

## The International Organ Summer in Hallgrímskirkja

16. júní – 19. ágúst 2018 / June 16 – August 19 2018

**Hádegistónleikar á miðvikudögum kl. 12**
**Lunchtime concerts on Wednesdays at 12 noon**

## Schola cantorum

**Schola cantorum**, kammerkór Hallgrímskirkju, sem hlotið hefur ýmsar viðurkenningar og verðlaun fyrir tæran og vandaðan söng sinn, býður nú upp á sumartónleika sína í 10. sinn. Á efnisskrá Schola cantorum í sumar verða innlendar og erlendar kórperlur frá ýmsum tímum, m.a. eftir Mozart, Bruchner, Byrd og Mendelssohn. Hið tilkomumikla Klais-orgel mun stundum koma við sögu og af og til mun einsöngvari úr röðum kórfélaga hefja upp raust sína. Schola cantorum var valinn Tónlistarflytjandi ársins flokki sígildrar og samtímatónlistar á Íslensku tónlistarverðlaunum 2017. Stjórnandi kórsins frá upphafi er Hörður Áskelson.

**Schola Cantorum**, the prize winning chamber choir of Hallgrimskirkja is celebrating it´s 10th season of the popular Wednesdays Lunchtime Summer Concert this summer. The choir sings various beautiful music from their repertoire, both Icelandic choral pearls as well as famous choral works by Byrd, Bruchner, Mozart (Ave verum) and Mendelssohn, occasionally accompanied by the great Klais organ. Conductor is Hörður Áskelsson, Music Director of Hallgrimskirkja.



**Helgartónleikar**
**með alþjóðlegum konsertorganistum**
**Weekend concerts**
**Saturday at 12 noon and Sunday at 5 pm**
**with international concert organists**



| | |
|---|---|
| 16th / 17th June | Eyþór Franzson Wechner, Blönduós Church |
| 23th / 24th June | Björn Steinar Sólbergsson, Hallgrímskirkja, Reykjavík |
| 30th / 1st July | Irena Chřibková, St James Basilica, Prague, Czech Republic |
| 7th / 8th July: | Winfried Bönig, Cologne Cathedral, Germany |
| 14th / 15th July: | Loreto Aramendi, Santa Maria Basilica, San Sebastian, Spain |
| 21st / 22nd July: | Thierry Escaich, Saint-Etienne-du-Mont, Paris, France |
| 28th / 29th July: | Thierry Mechler, Cologne Philharmonics, Germany |
| 4th / 5th August: | Elke Eckerstorfer, St. Augustin Church, Vienna, Austria |
| 11th / 12th August: | Hans-Ola Ericsson, Organ professor at McGill in Monreal, Canada |
| 19th August: | Hannfried Lucke, Mozarteum University, Salzburg, Austria. |

**Hádegistónleikar á fimmtudögum kl. 12**
**Lunchtime concerts on Thursdays at 12 noon**

| | |
|---|---|
| 21st June | Baldvin Oddsson trumpet and Steinar Logi Helgason organist of Háteigskirkja, Reykjavík |
| 28th June | Elísabet Þórðardóttir, organist at Kálfatjarnarkirkja, Hafnarfjörður |
| 5th July | Kitty Kovács, organist of Landakirkja, the Westmann Island |
| 12th July | Pamela Sensi flute, Steingrímur Þórhallsson organist of Neskirkja |
| 19th July | Þórunn Elín Pétursdóttir soprano and Lenka Mátéová organist of Kópavogskirkja, Kópavogur |
| 26th July | Lára Bryndís Eggertsdóttir, organist, Reykjavík |
| 2nd August | Kári Þormar, organist of Reykjavík Cathedral |
| 9th August | Friðrik Vignir Stefánsson, organist of Seltjarnarnes Church |
| 16th August | Jónas Þórir Jónasson, organist of Bústaðakirkja, Reykjavík |



Miðasala við innganginn 1 klst fyrir tónleika og á midi.is
Ticket sales at the entrance 1 hr before the concerts and online www.midi.is
Hádegistónleikar / Lunchtime concerts – 30 min: 2000 ISK - Schola cantorum – 30 min: 2500 ISK
Sunnudagstónleikar / Sunday concerts –60 min: 2500 ISK
Listvinir frá ókeypis inn á orgeltónleika sumarsins

LISTVINAFELAG.IS SCHOLACANTORUM.IS

Artistic Director: Hörður Áskelsson - Manager: Inga Rós Ingólfsdóttir mob. 696 2849
Concert Manager 2018: Gunnar Andreas Kristinsson mob. 865 5815





# FARIÐ MEÐ SVARIÐ Í FERÐALAGIÐ

## ALLT Í EINUM PAKKA

Bók · App · Kort




45 ÁRA
AFMÆLISÚTGÁFA

## ELDGOS

Allt frá því 1973 – árið sem eldgosið varð í Heimaey hefur Vegahandbókin verið fastur förunautur á ferðalagi landsmanna.Bókin miðlar fróðleik af öllu tagi. Hún hefur verið í stöðugri uppfærslu frá fyrstu útgáfu þar sem lögð er áhersla á að segja frá nýjungum sem eiga sér stað á landinu öllu.

## KAUPAUKI

Í tilefni 45 ára afmælis Vegahandbókarinnar fylgir nú með henni óvenju vandað ferðakort (1. 500 000) sem **kaupauki að verðmæti 2.500 kr.** og snjalltækjaútgáfa bókarinnar (APP). **Kóði bókarappsins gildir sem happdrættismiði.**

## VEGLEGIR VINNINGAR

Í júní og júlí verður dregið vikulega úr veglegum vinningum úr innsendum **app-kóðum á heimasíðu okkar "vegahandbokin.is".** Meðal vinninga eru þyrluflug, gisting á góðum hótelum, út að borða og margt fleira. Skelltu þér á bók og komdu þér í pottinn.

## AFMÆLISVERÐ

**Verðmæti pakkans er 9.000 kr.** en við bjóðum hann á **4.990 kr.**

**vegahandbokin.is // 562 2600 // info@vegahandbokin.is // Sundaborg 9, 104 RVK**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Rósa Magnúsdóttir**

Dalbraut 16,

lést á Landspítalanum í Fossvogi 15. júní síðastliðinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Guðrún Brynja Bárðardóttir** | **Rúnar Ásbergsson**
**Ágústa Bárðardóttir** | **Einar Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Ellert Ingiberg Benediktsson**

Víðigrund 2, Akranesi,

lést á Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi, 21. júní. Útförin fer fram frá Akraneskirkju fimmtudaginn 28. júní kl. 13.

**Halldóra Guðbjartsdóttir**
**börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskulegur faðir, tengdafaðir, afi, langafi og bróðir,

**Sigurður Arnór Hreiðarsson**

skipstjóri, Dalalandi, Reykjavík,

lést í faðmi fjölskyldu sinnar mánudaginn 25. júní sl. Útför hans fer fram frá Dómkirkjunni þriðjudaginn 3. júlí kl. 14.00.

**Ingvar Sigurðsson**
**Þórdís Jóna Sigurðardóttir** | **Kristján Vigfússon**
**Hreiðar Már Sigurðsson** | **Anna Lísa Sigurjónsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabarn og systkini.**



Við sendum hjartans þakkir öllum þeim sem sýndu okkur hlýhug og samúð vegna andláts og útfarar elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**Ásgeirs Sumarliðasonar**

(Geira)

Túnhvammi 11, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir færum við fjölskyldum okkar og kærum vinum fyrir veitta aðstoð. Aðkoma ykkar allra er okkur ómetanleg. Einnig færum við starfsfólki Ísafoldar (Þórsmerkur) sérstakar þakkir fyrir hlýja og góða umönnun.

**Valgerður M. Guðmundsdóttir**
**Hilmar Ásgeirsson** | **Anne Frandsen**
**Þórir Ásgeirsson** | **Bettine Ásgeirsson Ellebæk**
**Guðmundur Ásgeirsson** | **Birna Ívarsdóttir Sandholt**
**Valur Ásgeirsson** | **Laufey Guðmundsdóttir**
**Hildur Dögg Ásgeirsdóttir** | **Bjarni Friðrik Jóhannesson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Arnar Guðmundsson**

frá Bolungavík, síðast til heimilis að Hraunbraut 12, Kópavogi,

lést 20. júní síðastliðinn. Jarðsungið verður frá Digraneskirkju miðvikudaginn 27. júní kl. 12.00.

**Sólveig Guðrún Kristjánsdóttir**
**Svanhildur Arnarsdóttir** | **Peter Moldt**
**Guðfinna Arnarsdóttir** | **Bjarni Þór Tryggvason**
**Guðmundur Arnarsson** | **Sigurbjörg Gunnarsdóttir**
**Hrönn Arnarsdóttir** | **Bergur Gunnarsson**
**Arna Bára Arnarsdóttir** | **Gunnar Thorberg**
**Linda Rós Arnarsdóttir** | **Kjartan Fossberg Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5407.

# Ekki víst að ég komist inn

**Ingibjörg Ragnheiður Linnet er eitt þeirra þrjátíu og þriggja ungmenna sem hlutu styrk úr Afreks- og hvatningarsjóði stúdenta Háskóla Íslands. Sjóðurinn er tíu ára í ár.**



**Ingibjörg er að vinna í kirkjugarði og er ánægð með að viðtalið birtist innan um andlátsauglýsingar. „Ég er vön að vera innan um dáið fólk," segir hún.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Ég er bara í vinnunni og heyri illa til þín því það er vél að keyra fram hjá," segir Ingibjörg Ragnheiður Linnet þegar ég hringi í hana sem fulltrúa þeirra sem tóku við styrk úr Afreks- og hvatningarsjóði HÍ á mánudaginn. Það kemur í ljós að vinna hennar felst í að hreinsa beð í Fossvogskirkjugarði en hún er búin að sækja um nám í læknisfræði í HÍ. „Mér finnst mannslíkaminn áhugaverður og auk þess þykir mér gaman að hjálpa fólki svo ég hugsaði að læknisfræðin væri eitthvað sem ég ætti að skoða. En ég er ekki búin að fá niðurstöður úr inntökuprófinu svo það er ekki víst að ég komist inn," tekur hún fram.

Ingibjörg Ragnheiður hefur fengist við tónlist og á ekki langt að sækja það, mamma hennar er söngkonan Jóhanna Linnet. „Ég er búin að spila á trompet og píanó frekar lengi og er með framhaldspróf á bæði hljóðfærin. Var í MH, kláraði náttúrufræðibraut og tónlistarbraut og var líka í skólakórnum. Þegar ég varð stúdent í desember 2017 fór ég yfir í Hamrahlíðarkórinn sem er fyrir þá sem geta ekki hætt!"

Einnig er Ingibjörg formaður í ungmennaráði Barnaheilla. „Tvíburasystir mín var formaður í mörg ár. Svo hætti hún og ég bauð mig fram. En við byrjuðum af því að einn kennari í skólanum var í Barnaheillum. Ég hef lengi haft áhuga á mannréttindum og kynnst góðu fólki gegnum þetta starf. Við höfum verið með fatasöfnun fyrir nýbúa á Íslandi og vinaverkefni, við vekjum athygli á Barnasáttmálanum og erum talsmenn barna." Hún kveðst hafa setið fundi velferðarnefndar Alþingis og ríkisstjórnarfund, lagt þar fram erindi og spurningar og fengið spurningar til baka.

Erfitt getur verið að velja framtíðarbraut þegar áhuginn liggur víða, það viðurkennir Ingibjörg. „Maður hættir kannski aldrei í tónlist," segir hún en kveðst þó lítið hafa starfað sem tónlistarmaður. „Ég hef aðeins kennt trompetleik í Skólahljómsveit Kópavogs og fengið borgað fyrir það og líka einhver gigg sem ég hef tekið þátt í. En annars verið að spila með Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Orkester Norden." Spurð hvernig síðarnefnda sveitin sé svarar hún: „Fólk hittist á námskeiðum á sumrin, vinnur með lærðu tónlistarfólki, æfir í tvær, þrjár vikur og fer svo í tónleikaferð. Mjög skemmtilegt."

**gun@frettabladid.is**



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Valdimar Tryggvason**

Eirhömrum – Hlaðhömrum 2, Mosfellsbæ,

lést á líknardeild Landspítalans 18. júní sl. Útför fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 29. júní klukkan 13.

**Magnús Már Valdimarsson** | **Pia Nyvang Kristensen**
**Tryggvi Már Valdimarsson** | **Guðný Þórsdóttir**
**Þórey Valdimarsdóttir** | **Gunnar Geir Ólafsson**
**Rannveig Rut Valdimarsdóttir** | **Kristbjörn Þór Bjarnason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elsku móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og systir,

**Eyrún Rannveig Þorláksdóttir**

Krossi í Ölfusi,

lést á hjúkrunarheimilinu Fossheimum, Selfossi, laugardaginn 23. júní. Jarðarförin fer fram frá Kotstrandarkirkju laugardaginn 30. júní kl. 14.00.

**Ragnheiður Lúðvíksdóttir** | **Þorsteinn Jóhann Vilmundarson**
**Magnús Arnulf Lúðvíksson** | **Laufey Jónsdóttir**
**ömmubörn, langömmubörn, systkini og aðrir aðstandendur.**



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

**Guðjón Gunnarsson**

frá Tjörn í Biskupstungum,

andaðist á hjúkrunarheimilinu Ási í Hveragerði 24. júní sl. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Guðjón Rúnar Guðjónsson**
**Gunnar Guðjónsson**
**Sólrún Guðjónsdóttir**
**Erlingur Þór Guðjónsson**
**Snorri Geir Guðjónsson**
**og fjölskyldur.**



Ástkær eiginmaður, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Árni Falur Ólafsson**

flugstjóri, Háulind 7, Kópavogi,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi 15. júní. Útför fer fram frá Lindakirkju 29. júní klukkan 13.00.

**Gréta Hulda Hjartardóttir**
**Hjörtur Árnason** | **Elín Guðmundsdóttir**
**Ólafur Árnason** | **Sigrún A. Hjörleifsdóttir**
**Guðbjörg S. Árnadóttir** | **Sigurður Zoëga Einarsson**
**Árni Árnason**
**barnabörn og langafabörn.**



SUMAR
BRAGÐ!
NÝTT!
WRIGLEY'S
Extra®
x25
APPLE
WRIGLEY'S
Extra®
FYRIR HREINAR OG
FRÍSKAR TENNUR
Tannlæknafélag Íslands mælir
með notkun xylitols sem
aðalsætuefnis í tyggigúmmíi

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Miðvikudagur

Fremur hæg suðvestlæg átt í dag og bjart um austanvert landið, en lítilsháttar skúrir vestan til, einkum síðdegis. Hiti 8 til 17 stig, hlýjast austanlands.




## Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 10° | 10° | 16° |
| ↖ 12 | ↖ 8 | ↑ 5 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 17° | 9° | 7° |
| ↑ 7 | ← 5 | ↑ 11 |

## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 10° | 9° | 17° |
| ↖ 10 | ↑ 4 | ↑ 10 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 22° | 10° | 9° |
| ↗ 7 | ← 4 | ↑ 12 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | | | | 5 | | | 6 |
| | | 5 | 9 | 6 | | | | |
| 8 | | 3 | | | 2 | | 5 | |
| 3 | 7 | 1 | | 5 | | | | |
| 4 | | | 2 | | 9 | | 6 | |
| | | 6 | 3 | 8 | | | | |
| | | | 4 | 2 | 6 | 7 | 8 | |
| | 3 | | 7 | | | 5 | 1 | |
| | | | | | | | 2 | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 4 | 6 | 9 | 3 | |
| 6 | 8 | | | 5 | | | | 4 |
| | | | 1 | | | 5 | | |
| 7 | 2 | | 6 | | | 4 | | |
| 5 | 6 | 8 | 9 | | | 1 | | |
| | | | | 1 | 2 | | 8 | |
| 4 | | | | | 5 | | | 1 |
| 8 | | 7 | | | | 6 | | |
| | | | 4 | 9 | | | 7 | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 7 | | | | 1 | | 8 | |
| 5 | 8 | | | | | 9 | | 1 |
| | | 2 | 3 | | | | | |
| 4 | 5 | | | | | | | |
| | | | | | | | 1 | |
| | | 3 | | 9 | 7 | 2 | | |
| | 3 | 6 | | 2 | | | 9 | |
| | 9 | | | 4 | | 3 | | |
| | | 8 | | | | | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 7 | 5 | 9 | 4 | 6 | 2 | 1 | 3 |
| 9 | 4 | 1 | 7 | 3 | 2 | 5 | 6 | 8 |
| 2 | 3 | 6 | 1 | 8 | 5 | 9 | 7 | 4 |
| 1 | 5 | 7 | 4 | 2 | 8 | 3 | 9 | 6 |
| 3 | 6 | 8 | 5 | 7 | 9 | 1 | 4 | 2 |
| 4 | 2 | 9 | 3 | 6 | 1 | 8 | 5 | 7 |
| 5 | 8 | 4 | 2 | 9 | 7 | 6 | 3 | 1 |
| 6 | 9 | 3 | 8 | 1 | 4 | 7 | 2 | 5 |
| 7 | 1 | 2 | 6 | 5 | 3 | 4 | 8 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 3 | 1 | 7 | 8 | 6 | 5 | 4 | 2 |
| 2 | 8 | 5 | 4 | 1 | 3 | 7 | 9 | 6 |
| 4 | 6 | 7 | 9 | 2 | 5 | 8 | 3 | 1 |
| 3 | 2 | 8 | 5 | 6 | 1 | 4 | 7 | 9 |
| 5 | 9 | 6 | 8 | 7 | 4 | 1 | 2 | 3 |
| 7 | 1 | 4 | 2 | 3 | 9 | 6 | 8 | 5 |
| 6 | 7 | 3 | 1 | 4 | 2 | 9 | 5 | 8 |
| 8 | 5 | 2 | 6 | 9 | 7 | 3 | 1 | 4 |
| 1 | 4 | 9 | 3 | 5 | 8 | 2 | 6 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 4 | 2 | 7 | 8 | 3 | 1 | 6 | 5 |
| 3 | 6 | 7 | 5 | 9 | 1 | 4 | 2 | 8 |
| 1 | 8 | 5 | 2 | 4 | 6 | 9 | 3 | 7 |
| 7 | 9 | 6 | 8 | 1 | 2 | 5 | 4 | 3 |
| 5 | 1 | 8 | 6 | 3 | 4 | 2 | 7 | 9 |
| 2 | 3 | 4 | 9 | 5 | 7 | 6 | 8 | 1 |
| 4 | 5 | 3 | 1 | 6 | 8 | 7 | 9 | 2 |
| 6 | 7 | 1 | 3 | 2 | 9 | 8 | 5 | 4 |
| 8 | 2 | 9 | 4 | 7 | 5 | 3 | 1 | 6 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. ylur
5. málmur
6. rómversk tala
8. stæða
10. í röð
11. flan
12. forboð
13. sókn
15. bylgjast
17. kvk nafn

**LÓÐRÉTT**
1. mælieining
2. gáðu
3. strá
4. kk nafn
7. níðast á
9. á undan
12. þvo
14. stig
16. ætíð

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** **1.** hlýja, **5.** eir, **6.** lm, **8.** staffi, **10.** tu, **11.** ras, **12.** bann, **13.** fram, **15.** liðast, **17.** maría.
**LÓÐRÉTT:** **1.** hestafl, **2.** litu, **3.** ýra, **4.** allan, **7.** misnota, **9.** framar, **12.** baða, **14.** rím, **16.** sí.

## Skák Gunnar Björnsson

Fatalibekova átti leik gegn Lyssenko í Nikolajev í Úkraínu.
**Hvítur á leik**
**1. Db3+! Dxb3 2. Hg7+ Kh8 3. Hxh7+ Kg8 4. Hag7# 1-0.**
Guðmundur Kjartansson sigraði á minningarskákmóti um Jorge Fonseca sem fram fór í gær í Vín.

**www.skak.is:** Hannes í Tékklandi.



## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman







**Nailner penninn**
við svepp í nögl.

Einföld lausn á hvimleiðu vandamáli.

Vertu með fallegar neglur, alltaf !

Fæst í apótekum

Dreifing: Ýmus ehf

FRÉTTABLAÐIÐ



**Fréttablaðið með þér í sumar.**
Þú getur nálgast frítt eintak af Fréttablaðinu á eftirfarandi stöðum víðsvegar um landið:

Kringlan · SMÁRALIND · FJÖRÐUR · BÓNUS · KJÖRBÚÐIN · Krambúð · nettó · N1 · olís · bóksala stúdenta · Háma

# Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

## 27. JÚNÍ 2018

### Tónlist

**Hvað?** Alþjóðlegt orgelsumar
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Hallgrímskirkja
Kammerkór Hallgrímskirkju, Schola cantorum, syngur á öðrum kórtónleikum orgelsumarsins miðvikudaginn 27. júní kl. 12. Þar gefur að heyra verk eftir Jón Nordal, Sigvalda Kaldalóns, Byrd, Mendelssohn, Sigurð Sævarsson, Bruckner og Händel í bland við íslensk þjóðlög. Tónleikagestum er boðið að þiggja kaffisopa að tónleikunum loknum. Miðaverð 2.500 kr.

**Hvað?** Sóley – Tónleikaröð Norræna hússins
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Norræna húsið
Sóley Stefánsdóttir var einu sinni meðlimur í vinsælu hljómsveitinni Seabear, en sem sóló hefur hún náð enn hærri hæðum bæði hérlendis og erlendis. Og engin furða! Fyrsta plata hennar We Sink fékk glimrandi móttökur frá bæði gagnrýnendum og hlustendum, og leitandi tónlist hennar heldur áfram að þróast.



**Söngkonan Sóley Stefánsdóttir tekur lagið í Norræna húsinu í kvöld.**

**Hvað?** Tónlistarflutningur í Akranesvita
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Akranesviti
Nemendur Tónlistarskóla Akraness sjá um tónlistarflutning í Akranesvitanum.

**Hvað?** Feitt grúv
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Dillon, Laugavegi
Rót verður með tónleika á Dillon. Sérstakur gestur kvöldsins er blús- og sálarsöngkonan Ellie Gunn frá Los Angeles.

**Hvað?** Kvartett Ólafs Jónssonar á Múlanum
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Harpa
Sumardagskrá Múlans heldur áfram og verða næstu tónleikar með kvartett saxófónleikarans Ólafs Jónssonar. Leikin verður m.a. tónlist af diski Ólafs, Tími til kominn, sem gefinn var út á haustmánuðum, en diskurinn var tilnefndur til Íslensku tónlistarverðlaunanna 2018. Einnig verða leikin lög eftir aðra meðlimi hljómsveitarinnar ásamt nokkrum uppáhalds djassstandördum. Meðleikarar Ólafs verða þeir Andrés Þór Gunnlaugsson, Þorgrímur Jónsson og Erik Qvick.

### Viðburðir

**Hvað?** Improv Iceland á ensku
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Tjarnarbíó
Improv Ísland býður upp á fjölbreyttar og ófyrirsjáanlegar grínspunasýningar í Tjarnarbíói á miðvikudögum í sumar. Hver sýning er einstök og ekkert er endurtekið. Í hverri viku fer því ný og spennandi sýning á svið. Í hópnum eru rúmlega tuttugu spunaleikarar sem skiptast á að sýna. Sýningarnar fara fram á ensku. Listrænn stjórnandi Improv Ísland er Dóra Jóhannsdóttir.

**Hvað?** HM Pubquiz á Húrra
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Húrra, Tryggvagötu
Þennan miðvikudaginn munu PubQuiz-meistararnir Hilmar Finsen og Matt McKenna sjá um HM pubquiz á Húrra. Hversu vel þekkirðu sögu Heimsmeistaramótsins í fótbolta? Húaðu félögunum saman.

### Sýningar

**Hvað?** Two Pieces Missing – sýningaropnun
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** SÍM-salurinn, Hafnarstræti
Samsýning listamanna sem hafa dvalið og starfað í gestavinnustofum SÍM á Seljavegi og á Korpúlfsstöðum í júní. Á sýningunni verða til sýnis fjölbreytt verk sem eru afrakstur rannsókna og vinnu listamannanna sem hafa dvalið í mánuð eða lengur í Reykjavík. Listamennirnir koma hvaðanæva úr heiminum og vinna með hina ýmsu miðla.









# DAGSKRÁ

# Miðvikudagur




THE BOLD TYPE
KL. 20:45
Önnur sería þessara frábæru þátta um þrjár glæsilegar framakonur og líf þeirra og störf á alþjóðlegu tísku- og lífsstílstímariti . Það er ekki alltaf tekið út með sældinni að vera í hringiðu tískunnar í New York og það þekkja vinkonurnar.




Frábær miðvikudagur
Fáðu þér áskrift á stod2.is

ARRESTED DEVELOPEMENT
KL. 19:35
Skemmtiegir þættir um hina stórskrýtnu en dásamlega fyndnu Bluth-fjölskyldu. Þau eru söm við sig þegar kemur að óvæntum uppákomum og vandræðalegum augnablikum.




THE DETAIL
KL. 21:30
Dramatískir sakamálaþættir um þrjár ólíkar lögreglukonur sem eiga það sameiginlegt að leysa erfið glæpamál í vinnunni en þurfa líka að vera hörkutól á öðrum vígstöðvum.

Loka-þáttur




NASHVILLE
KL. 22:10
Skemmtileg sería af þessum frábæru þáttum þar sem kántrí-söngkonurnar Rayna Jaymes og Juliette Barnes eiga í stöðugri valdabaráttu.



BRIDGE OF SPIES
KL. 22:00
Myndin segir sanna sögu lögfræðings sem varð aðal-samningamaður Bandaríkjanna eftir að hafa varið Rudolf Abel og forðað honum frá dauðarefsingu.



TWO AND A HALF MEN
KL. 20:55
Bráðfyndnir þættir um fertugan piparsvein sem nýtur mikillar kvenhylli og hefur gert það gott með því að semja auglýsingastef.



Allt þetta og meira til á aðeins 9.990 kr.
stod2.is


## STÖÐ 2

**07.00 The Simpsons**
**07.20 Lína langsokkur**
**07.45 Strákarnir**
**08.05 The Middle**
**08.30 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 The Doctors**
**10.15 Grand Designs**
**11.05 Spurningabomban**
**11.55 The Good Doctor**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Project Runway**
**13.50 The Night Shift**
**14.35 The Path**
**15.30 Heilsugengið** Önnur syrpan af þessum vönduðu og fróðlegu íslensku þáttum sem fjalla um mataræði og lífsstíl með fjölbreyttum hætti. Þættirnir eru í umsjón Völu Matt en henni til halds og trausts eru hjúkrunarfræðingurinn og næringarþerapistinn Þorbjörg Hafsteinsdóttir og heilsu- og hráfæðiskokkurinn Sólveig Eiríksdóttir.
**15.55 10 Puppies and Us**
**17.00 Bold and the Beautiful**
**17.20 Nágrannar**
**17.45 Ellen**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.50 Sportpakkinn**
**19.05 Fréttayfirlit og veður**
**19.10 Modern Family**
**19.35 Arrested Developement**
**20.00 Arrested Developement**
**20.25 The Bold Type**
**21.10 The Detail**
**21.55 Nashville**
**22.40 High Maintenance**
**23.05 Deception**
**23.55 NCIS**
**00.35 Lethal Weapon** Önnur syrpa þessara spennuþátta sem byggðir eru á hinum vinsælu Lethal Weapon myndum sem slógu rækilega í gegn á níunda og tíunda áratugnum og fjalla um þá Martin Riggs og Roger Murtaugh. Tveir ólíkir lögreglumenn í lifi og starfi, annar varkár og fer með gát að öllu en hinn lifir lífinu á ystu nöf, ná að vinna saman með einstökum árangri. Með aðalhlutverk fara Damon Wayans og Clayne Crawford.
**01.20 Barry**
**01.55 Taboo**
**02.50 Taboo**
**03.50 Lights Out** Hrollvekja frá 2016 sem fjallar um Martin og eldri systur hans Rebeccu. Bæði sjá þau alltaf, þegar ljósin eru slökkt, konu í myrkrinu. Þau byrja að rannsaka þetta furðulega fyrirbæri og komast að því að þetta hefur eitthvað með dularfullan atburð úr fortíð móður þeirra að gera, sem nærist á ótta þeirra sem það ásækir. Eftir því sem þau skoða málið betur verður þeim ljóst að þau eru öll í lífshættu.
**05.10 The Middle**
**05.35 10 Puppies and Us**

## STÖÐ 2 SPORT

**07.10 Sumarmessan**
**08.10 Pepsi-mörk kvenna**
**09.10 Pepsi-deild kvenna**
**10.55 Formúla 1 - Keppni**
**13.05 Sumarmessan**
**14.05 UEFA Champions League**
**16.00 Ensku bikarmörkin**
**16.30 Pepsi-mörk kvenna**
**17.30 UEFA Europa League**
**19.20 Sumarmessan**
**20.20 Fyrir Ísland**
**21.00 Sumarmessan**
**21.40 UFC Unleashed**
**22.25 Fyrir Ísland**
**23.05 Goðsagnir efstu deildar**
**23.55 Sumarmessan**

## STÖÐ 3

**19.10 Man Seeking Woman**
**19.35 The Last Man on Earth**
**20.00 Seinfeld**
**20.25 Friends**
**20.50 Two and a Half Men**
**21.15 The Newsroom**
**22.15 The Hundred**
**23.00 Supergirl**
**23.45 The Detour**
**00.10 Friends**
**00.35 Seinfeld**
**01.00 Man Seeking Woman**
**01.25 Tónlist**

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.24 Svampur Sveinsson**
**07.49 Lalli**
**07.55 Rasmus Klumpur og félagar**
**08.00 Strumparnir**
**08.25 Ævintýraferðin**
**08.37 Gulla og grænjaxlarnir**
**08.48 Hvellur keppnisbíll**
**09.00 Stóri og Litli**
**09.13 Grettir**
**09.27 K3**
**09.38 Mæja býfluga**
**09.50 Tindur**
**10.00 Dóra könnuður**
**10.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**10.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**11.00 Áfram Diego, áfram!**
**11.24 Svampur Sveinsson**
**11.49 Lalli**
**11.55 Rasmus Klumpur og félagar**
**12.00 Strumparnir**
**12.25 Ævintýraferðin**
**12.37 Gulla og grænjaxlarnir**
**12.48 Hvellur keppnisbíll**
**13.00 Stóri og Litli**
**13.13 Grettir**
**13.27 K3**
**13.38 Mæja býfluga**
**13.50 Tindur**
**14.00 Dóra könnuður**
**14.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**14.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**15.00 Áfram Diego, áfram!**
**15.24 Svampur Sveinsson**
**15.49 Lalli**
**15.55 Rasmus Klumpur og félagar**
**16.00 Strumparnir**
**16.25 Ævintýraferðin**
**16.37 Gulla og grænjaxlarnir**
**16.48 Hvellur keppnisbíll**
**17.00 Stóri og Litli**
**17.13 Grettir**
**17.27 K3**
**17.38 Mæja býfluga**
**17.50 Tindur**
**18.00 Dóra könnuður**
**18.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**18.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**19.00 Angry Birds**

**Mörgæsirnar frá Madagaskar, 10.24, 14.24 og 18.24**



## GOLFSTÖÐIN

**08.00 Travelers Championship**
**13.00 Golfing World**
**13.50 Travelers Championship**
**18.50 Golfing World**
**19.40 Champions Tour Highlights**
**20.35 Walmart Championship**
**00.05 Golfing World**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.10 St. Vincent**
**12.55 Collateral Beauty**
**14.35 The Day After Tomorrow** Sláandi raunsæ, vel gerð og æsispennandi stórslysamynd sem fjallar um það hvað gæti gerst ef spár svartsýnustu veðurfræðinga og umhverfissérfræðinga yrðu að veruleika. Þeir telja að gróðurhúsaáhrif og önnur mannanna verk kunni að valda meiri háttar veðurbreytingum; svo miklum að jöklar bráðni, úthöf flæði yfir land og straumbreytingar geti af sér nýja ísöld. Afleiðingin af slíkum náttúruhamförum yrði hrein martröð fyrir mannkynið.
**16.35 St. Vincent**
**18.20 Collateral Beauty**
**20.00 The Day After Tomorrow**
**22.00 Bridge of Spies** Spennumynd frá 2015 með Tom Hanks í aðalhlutverki. Myndin segir sanna sögu lögfræðingsins James Britt Donovan, sem í kjölfar þess að hafa varið Rudolf Abel og forðað honum frá dauðarefsingu árið 1957, varð aðalsamningamaður Bandaríkjanna þegar Sovétmenn handsömuðu flugmanninn Francis Gary Powers árið 1960 og vildu skipta á honum og Rudolf.
**00.20 Slow West**
**01.45 Behaving Badly**
**03.25 Bridge of Spies**

## RÚV

**13.15 HM stofan**
**13.50 Mexíkó - Svíþjóð**
**15.50 HM stofan**
**16.20 Eldhugar íþróttanna**
**16.50 HM hetjur - Paolo Rossi**
**17.00 Táknmálsfréttir**
**17.10 HM stofan**
**17.50 Serbía - Brasilía**
**19.50 HM stofan**
**20.25 Veður**
**20.30 Fréttir**
**20.55 Íþróttir**
**21.00 Víkingalottó**
**21.10 Neyðarvaktin**
**21.55 Uppstríluð stelpnamenning**
**22.50 Myrkraengill**
**23.35 Barátta Bannons**
**00.25 Dagskrárlok**

## SJÓNVARP SÍMANS

**08.00 Dr. Phil**
**08.43 The Tonight Show**
**09.28 The Late Late Show**
**10.10 Síminn + Spotify**
**12.05 Everybody Loves Raymond**
**12.30 King of Queens**
**12.54 How I Met Your Mother**
**13.15 Dr. Phil**
**14.00 The Good Place**
**14.24 Million Dollar Listing**
**15.14 American Housewife**
**15.38 Kevin (Probably) Saves the World**
**16.24 Everybody Loves Raymond**
**16.48 King of Queens**
**17.10 How I Met Your Mother**
**17.33 Dr. Phil**
**18.15 The Tonight Show**
**19.00 The Late Late Show**
**19.45 Odd Mom Out**
**20.10 Royal Pains**
**21.00 Star**
**21.50 The Orville**
**22.35 Scream Queens**
**23.25 The Tonight Show**
**00.05 The Late Late Show**
**00.45 CSI Miami**
**01.30 Fargo**
**02.15 The Resident**
**03.05 Quantico**
**03.50 Incorporated**
**04.35 Síminn + Spotify**
**06.00 Síminn + Spotify**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

JÚNÍ | 2018

Við erum eldsnöggir að skoða bílinn!




# Bíllinn yfirfarinn og allir öruggir!

## Láttu skoða bílinn í réttum mánuði hjá Frumherja

Fólksbílar/jeppar · Felli -og hjólhýsi · Mótorhjól · Tjaldvagnar/kerrur · Vatnsvernd · Vörubílar · Eftirvagnar · Sendibílar · Hestakerrur · Söluskoðun · Hópbílar · Farprófari

## Við bjóðum góða þjónustu og hagstæð kjör á skoðunum

IS PJ 19 2019 846

**Ökutæki eiga að fara í bifreiðaskoðun í þeim mánuði sem síðasti tölustafur á skráningarmerki vísar til.**

Ef ekki hefur gefist kostur á að færa ökutækið til almennrar skoðunar í skoðunarmánuði, skal það í síðasta lagi fært til skoðunar fyrir lok annars mánaðar þaðan í frá.




**Það er góð tilfinning að vera á nýskoðuðum bíl frá Frumherja!**

Frumherji
www.frumherji.is

Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is

# Hvergi betra að vera á sumrin en á Íslandi



Þau **Sigríður Thorlacius**, Sigurður Guðmundsson og Guðmundur Óskar, GÓSS, ætla að taka hringferð um landið eins og þau gerðu svo eftirminnilega síðasta sumar og leika ljúfa tóna fyrir landsmenn.



GÓSS verða í góðum gír um allt land frá miðjum júlí fram í ágúst. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Hljómsveitin GÓSS bregður undir sig gönguskónum og stingur stráinu í munninn og ætlar að ferðast um landið annað árið í röð.

„Við förum bara nokkuð góðan hring og tökum nokkur gigg. Þetta er endurtekning frá því í fyrra en þá tókum við aðeins færri gigg, líklega um fjórtán. Við verðum á einhverjum sömu stöðum. Við ætlum að keyra hringinn, stilla upp á hverjum stað og halda tónleika. Þetta er bara einfalt,“ segir Sigríður Thorlacius en ásamt henni eru það Sigurður Guðmundsson og Guðmundur Óskar sem skipa GÓSS.

„Það var aðeins styttri atrenna í fyrra – við ákváðum þetta einhvern veginn og keyrðum bara af stað. Við fengum Steinþór Helga til að hjálpa okkur við að hafa samband við staði og búa til lógískan rúnt. Svo vorum við með gott fólk með okkur, fjölskyldur voru að stökkva inn og út og koma með í parta af túrnum. Þetta er svona sumarfrí … með smá vinnu. Reyndar aðeins meiri vinna en frí en eins ljúfur vinnutími og hægt er að fá og auðvitað geggjað að fara á nýja staði og hitta nýtt fólk. Það er vonandi að veðrið verði gott í þetta sinn en ef ekki þá skiptir það engu máli – ég er á því að það sé hvergi betra að vera á sumrin en á Íslandi, ég er svo gamaldags – ég er bara með strá í munninum og í gönguskóm.“

Það virðist vera orðið smá trend hjá tónlistarmönnum að ferðast innanlands og spila á tónleikum á kaffihúsum og matsölustöðum úti á landi – sveitaballið gamla góða virðist vera liðið undir lok og hafa verið andvana í svolítinn tíma.

„Gamla góða sveitaballið, það er svolítið dáið – þessi gamli sveitaballarúntur sem hljómsveitir tóku hér einu sinni. Fólk var kannski búið að sjá að ballið væri búið og fann sér annan „platform“ – fólk fór að halda tónleika í staðinn fyrir ball.“

Sigríður samsinnir því að þetta sé auðvitað ekki bara frábær afsökun fyrir þau til að ferðast innanlands heldur líka borgarbúa og landsmenn alla, til að ferðast um landið og elta GÓSS, að minnsta kosti hluta af ferðinni.

„Já, endilega, henda tjaldi í bílinn og stígvélunum og svo bara keyra af stað! Það væri auðvitað frábært að fá einhverja með okkur í lestina.“

stefanthor@frettabladid.is

**ÉG ER SVO GAMALDAGS – ÉG ER BARA MEÐ STRÁ Í MUNNINUM OG Í GÖNGUSKÓM.**

### FERÐALAG GÓSS UM LANDIÐ

**18. júlí, mið.** – Hafnarfjörður, Bæjarbíó
**19. júlí, fim.** – Akranes, Gamla Kaupfélagið
**20. júlí, fös.** – Rif, Frystiklefinn
**21. júlí, lau.** – Flateyri, Vagninn
**22. júlí, sun.** – Bjarnarfjörður, Hótel Laugarhóll
**24. júlí, þri.** – Dalvík, Gísli, Eiríkur og Helgi
**25. júlí, mið.** – Akureyri, Græni hatturinn
**26. júlí, fim.** – Akureyri, Græni hatturinn
**27. júlí, fös.** – Borgarfjörður eystri, Álfakaffi
**28. júlí, lau.** – Neskaupstaður, Beituskúrinn
**29. júlí, sun.** – Karlsstaðir, Havarí
**30. júlí, mán.** – Höfn, Hafið
**31. júlí, þri.** – Hvolsvöllur, Midgard Base Camp
**1. ágúst, mið.** – Þorlákshöfn, Hendur í höfn
**2. ágúst, fim.** – Reykjavík





# TÁR, BROS OG TRYLLINGUR




Uglan drepur bara á nóttunni

## SÁLFRÆÐILEG SPENNUSAGA Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI

**„Björk er þegar kominn í fremstu röð glæpasagnahöfunda heimsins. Gættu þín, Jo Nesbö!“**

Bergens Tidende, Noregi

VILDARVERÐ:
**3.199.-**
Verð:
3.999.-

## TÁR OG BROS

**„Líkist einna helst** *Gamlingjanum sem skreið út um gluggann* **þar sem kona er í aðalhlutverki. ... Lesið, njótið og verið viðbúin að fella nokkur tár.“**

Blekinge Läns Tidning




VILDARVERÐ:
**3.199.-**
Verð:
3.999.-

Rauða minnisbókin

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er til og með 2. júní eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.







# Eðaltónik til landsins

**Daníel Hlynur Michaelsson** gefur uppskrift að tveimur ljúffengum kokteilum frá nýju vörumerki, London Essence. Hann heldur snekkjupartí á föstudag og partí á þremur skemmtistöðum í tilefni þess.

Á föstudaginn verður blásið til glæsilegs snekkjuteitis í tilefni þess að London Essence er að koma til landsins. Í forsvari er Daníel Hlynur Michaelsson sem starfað hefur í kringum veitinga- og kokteilmenningu Íslands í nokkur ár en hann hefur tekið við sem vörumerkjastjóri London Essence.

„Fagnaðarlætin fara fram á þremur stöðum, Pablo Discobar, Slippbarnum og Loftinu frá 19.15 til 02.30 á föstudaginn en siglingin er tveir tímar þar sem KGB ætlar að spila og Jónas Oddur mun elda. Við ætlum sumsé að veiða okkar eigin fisk!“ segir Daníel Hlynur. „Gleði verður á Slippbarnum frá klukkan 22 til miðnættis og á Loftinu frá miðnætti til 02.30 og eru staðirnir opnir almenningi þar sem drykkirnir verða á góðu verði fyrir þá sem vilja smakka.“

Daníel Hlynur verður andlit og ímynd merkisins hér á landi og segir að vínbransinn hafi lengi heillað hann og nú sé ákveðinn draumur að rætast. „Þetta er búið að vera draumastaða mín í mörg ár, síðan ég byrjaði ferilinn,“ segir Daníel Hlynur sáttur en hann hefur meðal annars starfað á hótelinu Deplum í Fljótum. Hann heldur úti Instagram-reikningnum „cocktailsbynature“ og gefur lesendum Fréttablaðsins tvær uppskriftir að ferskum sumardrykkjum. „Við ætlum að fá flottustu bari landsins til að útbúa drykki með vörum frá London Essence sem er eitt fremsta fyrirtækið á sínu sviði. Þeir nota nýjar aðferðir til að búa til tónik og engiferbjór, sem þekkjast ekki annars staðar. Við erum með fjórar tegundir, klassískt tónik, greip- og rósmaríntónik, blóðappelsínu- og ylliblómatónik og fingert engiferöl. Það eru mikil gæði í þessum blanddrykkjum og mikill fengur í að fá þá til landsins.“ **gj@frettabladid.is**



**Daníel Hlynur er vörumerkjastjóri London Essence.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## RABBARBARI OG KERFILL

„Þessi drykkur er gerður úr því besta sem Ísland hefur að bjóða. Rabbarbarinn er notaður sem sýran í kokteilnum frekar en þetta hefðbundna lime og hægt er að næla sér í hann í garðinum hjá frænku eða t.d. í Melabúðinni og kerfillinn vex sem illgresi víða á höfuðborgarsvæðinu og um allt land.“

**Einfaldur eða tvöfaldur Tanqueray Rangpur, eftir smekk**
**Góð lúka af kerfli**
**5 cm bútur af rabbarbara**
**Toppað upp með blóðappelsínu- og ylliblómatónik frá London Essence**
**Klaki**





## GÚRKA OG SALT Í BLAND

„Þessi drykkur dregur fram það besta úr gúrkunni. Með því að nota smá sjávarsalt með leysir það út sætleikann í gúrkunni. Mjög skemmtilegur og ferskur, þessi drykkur.“

**Einfaldur eða tvöfaldur Tanqueray Ten**
**Merja 1 cm af agúrku í botninn á glasinu með smá af sjávarsalti**
**Toppað upp með London Essence klassísku tónik**
**Klaki**
**Skreytt með dilli**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson *elmar@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Valdimar Birgisson *valdimar@frettabladid.is* Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli@*frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@*frettabladid.is*




Kynntu þér **Opel** og bókaðu reynsluakstur á **opel.is**

**Sýningarsalir**
**Krókháls 9**, Reykjavík, 590 2000
**Njarðarbraut 9**, Reykjanesbæ, 420 3330

**Opnunartímar**
Virka daga 9–18
Laugardaga 12–16

Bílabúð Benna

FRÉTTABLAÐIÐ
**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5800**
**Ritstjórn** 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 512 5401 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177

**BAKÞANKAR**

Bjarna Karlssonar



# Þjóðarstolt og hnattræn samstaða

Þegar þessi orð eru rituð er leikur Íslands og Króatíu enn ekki orðinn. Samt er öllum meginmarkmiðum með þátttöku Íslands á HM náð; að eiga fulltrúa á glæsilegum alþjóðaleikum þar sem heilbrigt þjóðarstolt er tjáð í samstöðu með öllum jarðarbúum. Aldrei í sögunni hefur þetta verið mikilvægara en nú þegar loftslagsbreytingar fara vaxandi, flóttafólki fjölgar og enginn skortur verður á leiðtogum eins og Trump, sem bjóða upp á ótta og hatur. Fullyrða má að takist mannkyni ekki að tileinka sér raunverulega fjölmenningu þar sem fjölbreytileikanum er fagnað og sérkenni allra virt um leið og hnattræn samstaða er ræktuð, munu flestir jarðarbúar ásamt vistkerfinu í heild lifa vaxandi hörmungar.

Nýlega birti Vísir áhugavert viðtal við dr. Silju Báru Ómarsdóttur þar sem hún lýsir óreiðukenndu göngulagi Trumpstjórnarinnar og segir m.a.: „Það er engin þekking. Það er engin sýn. Það er engin lífsspeki.“ En kannski er ofbeldi einmitt tegund af þekkingu sem felur í sér þá sýn að best sé að stjórna með stjórnleysi? Kannski er lífsspeki Trumps sú sama og allir þekkja sem tekið hafa þátt í félags- eða stjórnmálum, hvernig valdahópar tefla stundum fram einhverjum sem kann tökin á því að skamma og hræða þannig að allt venjulegt fólk verður reitt og miður sín? Og þegar andrúmsloft er orðið lævi blandið, ýmsir hlaupnir á sig og aðrir á dyr, er hægur vandi að keyra í gegn „eftir lýðræðislegum leikreglum“ þær ákvarðanir sem menn óska. Allt ofbeldi, hvort heldur það er persónulegt, innan hópa eða milli þjóða, er í því fólgið að færa skömm úr einum líkama yfir í aðra líkami og ná þannig tangarhaldi á fólki. Ofbeldi sem aðferð er einföld, fyrirsjánleg og löt – og gríðarvinsæl!










*Verð miðast við WOW Basic aðra leið með sköttum ef greitt er með Netgíró. Tilboðið á aðeins við ef bókað er flug fram og til baka.

WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS


KSÍ
10
17
FIFA




21
KSÍ
10




2
11



Geymið myndina